



Hollasta Hagkerfi í heimi  
**LATÓ** HAGKERFIÐ  
www.glitnir.is/latbaer  
GLITNIR  
Ávextir og grænmeti

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. júlí 2006 — 194. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Mjög fjölbreyttur hópur**  
Í dag er lokahóf sumarskólans sem er ætlaður útlendingum sem vilja læra íslenskt tungumál og fræðast um land og þjóð.  
**TÍMAMÓT 28**




**Draumur að vera með dáta**  
Sjólíðarnir af Sedov gerðu víðreist í miðborg Reykjavíkur og sögðust vera að leita að falletum íslenskum konum.  
**FÓLK 38**



**Bætum kjörin**  
„En er ekki skynsamlegast að bæta kjör láglaunafólks með því að fella niður vörugjöld og tolla af öllum innfluttum vörum og lækka tekjuskatt á einstaklinga niður í hið sama og fyrirtæki greiða, 18%?“ spyr Hannes Hólmsteinn Gissurarson.  
**Í DAG 24**

**Ísland spilar um þriðja sætið**  
Íslenska ungmennalandsliðið kvenna spilar um þriðja sætið á opna Norðurlandamóttinu sem fer fram í Noregi. Þrátt fyrir glæsilegan 6-1 sigur á Dön-um í gær spilar íslenska liðið ekki til úrslita en Bandaríkin komust upp fyrir liðið á markamun á síðustu stundu.  
**ÍÞRÓTTIR 42**

**VEÐRIÐ Í DAG**



**ÁFRAM GÓÐVIRÐI** - Í dag verður fremur hæg breytileg átt. Þjart með köflum vestan til en yfirleitt dálítil væta á austurlhuta landsins. Hiti 9-16 stig hlýjast til landsins sunnan og vestan til.  
**VEÐUR 4**

## Vísaði kæru Ríkislögreglustjóra frá

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála vísaði máli Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar gegn Póst- og fjarskiptastofnun frá í gær. Kærendur fóru í mál þar sem það er vandkvæðum bundið að staðsetja símtöl í netsímaþjónustu.

**FJARSKIPTI** Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála vísaði í gær frá máli Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar hf. gegn Póst- og fjarskiptastofnun, en kærð var bráðabirgðaaðkvörðun stofnunarinnar frá 8. maí. Með henni var Síminn hf. skyldaður til þess að flytja símanúmer í almennri talsímaþjónustu yfir í netsímaþjónustu til Atlássíma ehf.  
Að mati kæranda í málinu, Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar, varðaði ákvörðunin „beina, sérstaka, verulega og lögvarða hagsmuni,“ þar sem það væri vandkvæðum bundið að staðsetja símtöl í netsímaþjónustu, og sá þáttur væri „augljós-

lega mikilvægur fyrir starfsemi lögreglunnar.“  
Arnar Þór Jónsson, lögmaður hjá lögfræðistofnunni Logos, sem sótti málið fyrir hönd Ríkislögreglustjóra, undrast niðurstöðu nefndarinnar.  
„Í úrskurðinum virðist sem nefndin ætli sér að fallast á okkar sjónarmið, þar sem hún tekur undir okkar málflutning að miklu leyti í úrskurði sínum, en vísar síðan málinu frá, sem er þvert á efnisleg rök nefndarinnar fyrir niðurstöðunni. Við höfum ekki ákveðið hver verða næstu skref af okkar hálfu í málinu.“  
Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir niðurstöðuna ekki koma á óvart en segist skilja sjónarmið kæranda.

„Við skiljum vel sjónarmið Ríkislögreglustjóra og forsvarsmanna Neyðarlínunnar, um að mikilvægt sé að staðsetja síma, en það er ljóst að kærendur í þessu máli stíga inn í deilu tveggja félaga á markaði.  
Mikilvægast er að netsímaþjónustu verði gefið svigrúm til þess að fóta sig á markaði, neytendum til hagsbóta.“  
Úrskurðarnefndinni, sem í sátu Ólafur Garðarsson lögmaður og jafnframt formaður nefndarinnar, Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðjón Kárasson verkfræðingur, barst stjórnsýslukæra frá Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunni 6. júní síðastliðinn.  
- mh / sjá síðu 4



**BORINN ÚR LANDI** Þessi aldraði Kanada-maður er einn af þúsundum útlendinga sem flúið hafa átökin í Líbanon.

Harðar árásir á Líbanon:  
**Kofi Annan vill vopnahlé**

**BEIRÚT, AP** Ísraelski herinn gerði harðar loftárásir á suðurlhuta Beirútt, höfuðborgar Líbanons, í gær. Var það níundi dagur árasanna.  
Einnig voru gerðar árásir á suðurlhuta Líbanons, þar sem liðsmenn Hizbollah skutu flugskeytum á móti suður yfir landamærin til Ísraels. Ísraelskir hermenn börðust einnig við liðsmenn Hizbollah innan landamæra Líbanons.  
Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, krafðist þess í gær að vopnahlé kæmist á sem allra fyrst. Fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti aftur á móti með yfirgnæfandi meirihluta eindreginn stuðning við aðgerðir Ísraels.  
- gb



**VINNANDI MENN** Þeir Íslendingar sem eru nýflognir af landi brott til að njóta sólarinnar á fjarlægum slóðum geta nagað sig í handarbökin fyrir svartsýnina. Svo glatt skein sólin í höfuðborginni í gær að vinnandi menn þöldu sumir hverjir ekki við nema hálfnaktir.  
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Charlton vísar tilboðum frá:  
**Fimm félag á eftir Hermanni**

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Hermann Hreiðarsson er mjög eftirsóttur af liðum í ensku úrvalsdeildinni en fimm félag hafa hug á því að krækja í þennan sterka varnarjaxl. Liðin sem um ræðir eru Fulham, Wigan og Middlesbrough, sem öll hafa verið í sambandi við Charlton, auk þess sem Newcastle og Manchester City hafa sýnt Hermanni áhuga.  
Charlton hefur fengið tilboð upp á allt að tveimur milljónum punda fyrir hinn 32 ára gamla Hermann, sem er lykilmáður í hjarta Charlton-varnarinnar. Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hermanns, sagði við Fréttablaðið í gær að Charlton hefði hefði vísad öllum tilboðum frá sér.  
- hph / íþróttir 42



**HERMANN HREIÐARSSON**

## Nýr búnaður prufukeyrður sem eykur öryggi viðskiptavina heimabankanna: Hindrar heimabankapjófnað


**BANKAMÁL** Hafnar eru tilraunir með notkun svokallaðra einskiptis lykilorða til að auka öryggi þeirra viðskiptavina bankanna sem nota heimabanka.  
Búnaður til þessara nota er kominn til landsins og er nú nokkur fjöldi viðskiptavina bankanna að „prufukeyra“ hann. Þetta segir Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja.  
Ástæða þessa er þjófnaðir óþrúttinna einstaklinga af reikningum fólks, sem Fréttablaðið greindi frá í gær. Hefur 10 til 15 milljónum verið stolið með þeim hætti að þjófarnir hafa farið inn í heimabanka viðkomandi og milli-

fært fjármuni af reikningum þeirra.  
„Sú aðferð sem þessir óþrúttu aðilar hafa beitt er að safna lykilorðum fólks með aðstoð tölvuvirusa eða annarra njósnaforrita. Nokkur tími hefur því getað liðið frá því að þjófarnir komust yfir lykilorðin og þar til þeir notuðu þau,“ segir Guðjón. Hann bætir við að hin sibreytilegu lykilorð verði tekin í almenna notkun í byrjun hausts og muni það gjörbreyta öllu varðandi öryggi heimabanka. Eftir sem áður þurfi fólk að huga vel að vörnum, svo sem vegna verslunar á netinu.  
„Þessi síðustu tilvik, sem nefnd er í samantekt Fréttablaðsins og eru nýlega komin upp, þar sem

notuð voru SMS-skilaboð til að nálgast upplýsingar um aðgangsorð að reikningum fólks, sýna enn og aftur hversu mikilvægt er að vera á varðbergi gagnvart öllum gylliboðum. Við vörudum strax í fyrrihaust sterklega við boðum til fólks um að framkvæma einhverjar ákveðnar aðgerðir í tölvum sínum,“ segir Guðjón.  
Spurður hvort tilraunir hefðu verið gerðar til að brjótast inn í tölvukerfi bankanna hér staðfesti hann að það hefði gerst, en aldrei tekist. Það væri alþekkt vandamál erlendis en varnarveggir þessara tölvukerfa væru svo öflugir að ógerlegt ætti að vera að komast inn í þau.  
- jss

## Úrskurður Samkeppniseftirlits: Fallist á kaup á Radiómiðun

**SAMKEPPNI** Samkeppniseftirlitið féllst í gær á kaup Símans hf. á fyrirtækinu Radiómiðun-Ísmar ehf. Þetta staðfesti Páll Ásgrímsson, framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Símans hf. við Fréttablaðið í gær. Hinn 16. júní barst eftirlitinu samrunaskrá þar sem fram kemur að Síminn hf. hafi keypt hluta af rekstri Radiómiðunar-Ísmars ehf., sem sinnir fjarskiptaþjónustu.  
Í ákvörðunarorðum í úrskurði samkeppniseftirlitsins segir að „ekki sé talin ástæða til þess að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. greinar samkeppnislaga“, og er þar vitnað til kaupsamnings, sem gengið var frá 24. maí síðastliðinn.  
- mh







## SPURNING DAGSINS

Gísli, valda Grænendingar í Tjörninni þér áhyggjum?

„Ekki sérstaklega nema þeir fari að fjölga sér mikið. Fólk er því beðið um að henda ekki til þeirra brauði.“

Lögreglan í Reykjavík hafði afskipti af fjórum Grænendingum sem fengu sér sundsprett í Tjörninni í vikunni. Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi hefur lýst áhyggjum sínum af lífríki Tjarnarinnar.

Rannsókn lögreglunnar í Reykjavík á þjófnum úr heimabönkum:

## Stálu 10 til 15 milljónum

**LÖGREGLUMÁL** „Þetta reyndust ekki nógu nákvæmar upplýsingar sem lögregla veitti Fréttablaðinu. Hið rétta er að þær upphæðir sem stolið hefur verið úr heimabönkum fólks nema tíu til fimmtán milljónum króna,“ sagði Hörður Jóhannesson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni í Reykjavík.

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær eru fjögur umfangsmikil þjófnaðarmál úr heimabönkum til rannsóknar hjá lögreglunni í Reykjavík. Grunur lék á að um peningavætti væri að ræða í sumum tilvikum. Rannsókninni hefur miðað vel og er hún nú á lokastigi. Samkvæmt fyrstu upplýsingum

Fréttablaðsins um upphæðir þær sem millifærðar höfðu verið af reikningum fólks var um nær tuttugu milljónir króna að ræða. Við nánari samantekt lögreglu kom í ljós að upphæðin nemur tíu til fimmtán milljónum króna.

Guðjón Rúnarsson, framkvæmdastjóri Samtaka banka og verðbréfafyrirtækja, segir varðandi skaða fólks að það sé í raun hvers banka fyrir sig að meta hvernig brugðist sé við. Hins vegar hafi meginlínna verið sú að ef ekkert benti til gáleysis viðskiptavinar við meðferð bankaupplýsinga fengi hann skaðann bættan.



UNNID Á TÖLVU Fjögur umfangsmikil fjárvikamál eru til rannsóknar.

Bolungarvík:

## Grímur Atlason nýr bæjarstjóri

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Nýr meirihluti í bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur ákveðið að ráða Grím Atlason í starf bæjarstjóra til ársins 2010. Formlega verður gengið frá ráðningunni á næsta fundi í bæjarstjórn.

Grímur, sem er menntaður þroskaþjálfari, er einnig þekktur fyrir starf sitt með fjölda íslenskra tónlistarmanna og innflutning á hljómsveitum hingað til lands.



GRÍMUR ATLASON

- sjá síðu 46/- öhö



MINNINGARATHÖFNIN Hermenn lögðu blómsveig að Bendlerblock-byggingunni.

62 ár frá valdaránstílaun:

## Andstæðinga Hitlers minnst

**DÝSKALAND, AP** Dýskir leiðtogar heiðruðu í gær minningu þeirra sem reyndu að myrða Adolf Hitler hinn 20. júlí árið 1944.

Sagnfræðingar hafa deilt um hvað vakti fyrir valdaránsmönnum og telja margir að þeir hafi ekki stutt lýðræði, enda hafi þeir fylgt Hitler að málum.

Varnarmálaráðherra Dýskalands vakti máls á því við athöfnina að jafnvel á erfiðum tímum væri til fólk sem tilbúið væri að berjast gegn ofríki.



STRÆTISVAGNAR Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, fagnar ummælum Jóninu Bjartmarz umhverfisráðherra um að ríkið taki með einhverjum hætti þátt í rekstri Strætó.

## Sveitarfélögin íhuga aðild sína að Strætó

Strætó bs. tapaði rúmlega milljón á dag fyrir sparnaðaraðgerðir. Fulltrúi borgarinnar í stjórn fyrirtækisins vanrækti að tilkynna um stöðu mála. Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði, segir sveitarfélög íhuga að endurskoða aðild sína að Strætó bs.

**SAMGÖNGUR** „Ég hef heyrt að sveitarstjórnarmenn séu að skoða að sveitarfélögin sjái sjálf um sinn inn-anbæjaraksturen reki stofnleiðirnar í sameiningu,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði. „Þá eru innanbæjarmálin okkar og við tökum þá sjálf ákvörðun um hvert þjónustustigið og gjaldið eigi að vera.“

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar, segir sparnaðaraðgerðir Strætó undanfarið tilkomnar vegna þess að nágranna-sveitarfélögin hafi neitað að leiðrétta fjárfarlög sín til fyrirtækisins, sem hafi hækkað vegna kjarasamninga. „Þegar launin hækkuðu á leikskólum borgarinnar á sínum tíma bættum við þeim það upp svo þjónustan myndi ekki skerðast,“ segir Dagur.

Í yfirlýsingu frá Ásgeiri Eiríkssyni, framkvæmdastjóra Strætó bs., kemur fram að öll aðildarsveitarfélög hafi staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samþykktu fjárhagsáætlun.

Birni Inga Hrafnssyni, borgarfulltrúa og oddvita Framsóknarflokksins, finnst áhæðisvert að fyrrverandi fulltrúi borgarinnar í stjórn Strætó, Björk Vilhelmsdóttir, þáverandi borgarfulltrúi R-listans, hafi ekki gert borginni kunnugt um taprekstur Strætó bs. um leið og ljóst var í hvað stefndi.

„Strætó tapaði rúmri milljón á dag og það hefur legið fyrir frá því í apríl. Strætó hefur því tapað rúmum áttatíu milljónum króna síðan. Því urðum við að taka óvinsælar ákvarðanir til að bregðast

við taprekstrinum,“ segir Björn Ingi og vísar til sparnaðaraðgerða Strætó bs. Björn Ingi fagnar nýlegum ummælum Jóninu Bjartmarz umhverfisráðherra um að ríkið komi með einhverjum hætti að rekstri Strætó.

„Ég fagna því að ríkisvaldið sé tilbúið að vinna með sveitarstjórnunum að því að efla almennings-samgöngur,“ sagði Björn Ingi.

Hvorki Björn Ingi né Gísli Marteinn Baldursson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, útilokkuðu að borgin kæmi með frekara fjármagn inn í reksturinn. „Eftir stjórnsluúttektina kemur í ljós hvort sveitarfélögin hafi staðið við sitt og um leið hvort Reykjavíkurborg þurfi að borga meira,“ sagði Gísli Marteinn Baldursson.

aegir@frettabladid.is

Fjögur innbrot í Reykjavík:

## Ræningi skildi eftir blóðslóð

**LÖGREGLA** Fjögur innbrot hafa komið til kasta lögreglunnar í Reykjavík undanfarna daga. Á miðvikudag var tilkynnt um tvö innbrot, annað á heimili í Breiðholti þar sem flatskjá var stolið og hitt í bifreið við Laugaveg. Í gær var tilkynnt um tvö innbrot til viðbótar. Hurð á veitingastað í austurbænum var sparkað upp og tuttugu þúsund krónum stolið. Þá var brotist inn á heimili við Hverfisgötu og fartólva og myndavél tekin. Ræninginn virðist hafa skorið sig og skilið eftir blóðslóð.

Allir þjófnir eru ófundnir. Lögreglan segir innbrot ganga í bylgljum.

- sh

Helga Jónsdóttir söðlar um:

## Nýr bæjarstjóri í Fjarðabyggð

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Helga Jónsdóttir borgarritari var ráðin í embætti bæjarstjóra

Fjarðabyggðar í gær til næsts fjögurra ára. Tuttugu sóttust eftir starfinu en allir bæjarfulltrúar greiddu atkvæði með til-lögu bæjarráðs um að bjóða Helgu embættið.



HELGA JÓNSDÓTTIR

Guðmundur Þorgrímsson, formaður bæjarráðs, segir að niðurstaða IMG Mannafls hafi verið afgerandi. „Það var ákveðið að gera þetta á faglegum nótum. Helga er góður kostur og ánægjulegt fyrir sveitarfélagið að samhugur hafi ríkt um ráðningu nýs bæjarstjóra. Ég vona að þetta sé lykllinn að því að við getum gengið sátt inn í framtíðina.“

- shá

Framtíðarsýn Boeing:

## Vilja minnka ál í flugvélum

**FLUGVÉLAR** Boeing-flugvélaframleiðandinn tilkynnti í gær að fyrirtækið hygðist skipta út 737 flugvélum sínum fyrir nýrri vél af gerðinni 787-Dreamliner. Þær vélar eru að miklu leyti gerðar úr samsettum kol-efnum en ekki áli eins og tíðkast. Efnin eru léttari en ál og þurfa vélar þær minni orku.

Kevin Lowery, upplýsinga-fulltrúi Alcoa í Bandaríkjunum, segir hugmyndina ekki vera nýja og þessi þróun muni ekki hafa áhrif á álfmarkaðinn. Boeing 787 vélun muni þrátt fyrir allt vera í fjórða sæti yfir þær flugvélar Boeing sem nota mest ál.

Álverið í Reyðarfirði mun, að sögn Lowery, framleiða ál til notkunar í flugvélum, jafnt sem öðrum iðnaði.

- sgi

Snarræði starfsmanna Landgræðslunnar kom í veg fyrir stóran sinubruna:

## Upptökin voru sígarettuglóð

**SINUELDAR** Tæpur hektari lands á Gára í landi Landgræðslunnar í Rangárvallasýslu varð eldi að bráð í gær. Þakka má snarræði starfsmanna Landgræðslunnar í Gunnarsholti að ekki fór miklu verr þar sem tæpir þrjú þúsund hektarar af þurrum gróðri, sem er gömul uppgræðsla er þarna í kring og hefði hæglega getað orðið eldinum að bráð.

Starfsmenn Landgræðslunnar urðu varir við sinueldinn, sem var í tæplega fjögurra kílómetra fjarlægð frá Gunnarsholti, um tvöleitið og brugðust skjótt við að sögn Sveins Runólfssonar Landgræðslustjóra.

„Við fórum með fimm skera plög að eldinum og plögðum upp þriggja metra breitt U-laga belti í veg fyrir hann. Eldurinn stöðvaðist við plögförin og svo dældum við



SVIDIN JÖRD Hér sést hvar sinueldurinn hefur staðnæmst við plögförin. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri segir mildi að ekki fór miklu verr.

MYND/SVEINN RUNÓLFSSON


vatni á hann úr vatnstönkum frá Gunnarsholti og Keldum. Slökkviliðið frá Hellu kom svo um þrjúleitið og aðstoðaði við að slökkva eldinn en slökkviliðsmenn höfðu verið í öðru útkalli þegar tilkynningin barst.“

Sveinn segir greinilegt að upptök eldsins hafi verið að sígarettu

hafi verið fleygt út um búlgugga. „Það er mjór tangi sem liggur frá veginum og miðað við vindátt og annað fer ekki milli mála að sígarettuglóð kveikti eldinn.“

Sveinn segir mikla mildi að ekki fór verr þar sem mjög mikill eldsmatur sé á þessu svæði og veður þurr.

- sdg







MYTA HUBBID / SIA - 3024

Volkswagen Passat er auðvitað glæsilegur, en það er fleira sem vekur aðdáun: Magnað aflið í 2ja lítra FSI® vélinni, DSG® sjálfskiptingin sem tryggir meiri hröðun og mýkt en líka minni eyðslu. Stolt Volkswagen, TDI® dísilvélin, gefur líka urrandi afl þrátt fyrir að vera sparsöm svo um munar. Volkswagen Passat fæst með öflugum bensínvélum, allt að 250 hestöfl og mögnuðum dísilvélum frá 105 og upp í 170 hestöfl.

**Lúxus hefur fengið nýja ásýnd: Volkswagen Passat**



Aus Liebe zum Automobil



## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 20.7.2006

## KAUP SALA

Bandaríkjadalur	73,21	73,55
Sterlingspund	135,27	73,55
Evra	92,39	92,91
Dönsk króna	12,383	12,455
Norsk króna	11,64	11,70
Sænsk króna	10,02	10,06
Japanskt jen	0,6271	0,6307
<b>SDR</b>	<b>107,86</b>	<b>108,50</b>

Gengisvísitala krónunnar  
128,0652

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jonathan Motzfeldt:

Fluttur farsjúk-  
ur til Íslands

**GRÆNLAND** Jonathan Motzfeldt, formaður grænlenka landsþingsins, var fluttur alvarlega veikur frá Grænlandi á gjörgæsludeild Landspítalans í gær. Grænlenkir fjölmiðlar greina frá því að hann hafi veikt eftir að hafa neytt kæsts selspiks er hann dvaldi í heimabæ sínum Qaqortoq.

JONATHAN  
MOTZFELDT

Hann var fyrst fluttur með þyrlu til Narsarsuaq og þaðan til Nuuk. Læknar þar ákváðu að senda hann til Íslands.

Vakthafandi læknir á Landspítalanum vildi ekki gefa neinar upplýsingar um líðan hans í gærkvöldi þar sem fjölskyldu hans hafði ekki allri verið greint frá því að hann hefði verið fluttur hingað til lands.

- shá

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Meðvitundarlítil** Lögreglan á Akureyri handtók í fyrrinótt mann sem lá meðvitundarlítil af öl- og fíkniefnavímu fyrir utan veitingahús í bænum. Fíkniefni fundust á manningum við leit og hafði hann verið staðinn að því að reyna að selja fíkniefni fyrir um kvöldið.

## LEIÐRÉTT

Í frétt um rússneska skólaskipið Sedov í gær var ranglega farið með stærð seglbúnaðar skipsins. Þótt skipið sé stórt eru 32 segl þess ekki fjórir ferkílómetrar að flatarmáli heldur fjögur þúsund ferkílómetrar.

Orðin „framleiðendur, heildsalar og smásalar gætu sum sé hirt skattalækkunina,“ í frétt Fréttablaðsins af viðbrögðum forsætisráðherra, Geirs H. Haarde, við skýrslu formanns matvæla-ferðsnefndar á miðvikudag voru ekki höfð eftir honum.

Flugvallarstjóri segir alla sem starfa við öryggisgæslu þekkja lög og reglur:

## Allir hafa sótt námskeið

**ÖRYGGISMÁL** Allir sem starfa í Leifsstöð við öryggisgæslu, vopna- eða líkamsleit á farþegum hafa sótt sérstök námskeið þar að lútandi og eiga allir að þekkja þau lög og reglur sem gilda.

Þetta staðfesta bæði flugvallarstjóri á Keflavíkflugvelli og forsvarsmenn þeirra öryggisfyrirtækja sem að vopna-leit koma í Leifsstöð en Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að karlkyns öryggisverðir hafi framkvæmt líkamsleit á kvenkyns farþegum fyrir fram-an aðra farþega. Er þar um að ræða starfsmenn þeirra tveggja

öryggisfyrirtækja sem sinnt hafa vopna- og líkamsleit í Leifsstöð frá byrjun júlí, Securitas og Öryggismiðstöðvar Íslands.

Björn Ingi Knútsson flugvallarstjóri segir alla starfsmenn hafa sótt sömu námskeið og eiga að þekkja vel þau lög sem gildi. Skýrt er kveðið á um að sé líkamsleit framkvæmd skuli hún vera gerð af starfsmanni sem er af sama kyni og gæta skuli fyllstu kurteisi.

Umrædd námskeið eru ítarleg og þau taka allir sem koma nálægt öryggismálum á flugvöllum landsins, hvort sem um er að ræða einkaaðila eða aðra.

- aðe



**VOPNALEITARSALUR Í LEIFSTÖÐ** Vopnaleit á þeim sem koma frá Bandaríkjunum og gerð er af einkaaðilum hefur farið fyrir brjósti á nokkrum farþegum.

MYND/JÓN JÓNSSON

Erfitt að staðsetja  
notendur netsíma

Í stjórnsýslukæru Ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar segir að það geti verið vandkvæðum bundið að staðsetja notendur netsíma. Hætta getur skapast í neyðartilfellum í störfum lögreglu og björgunarsveita, að sögn kæranda.

**FJARSKIPTI** Í stjórnsýslukæru sem barst til nefndar Póst- og fjar-skriptastofnunar 6. júní segir að erfiðlega geti gengið að rekja símtöl í netþjónustu og á þeim forsendum geti Ríkislögreglustjóri og Neyðarlína átt í erfiðleikum með að sinna störfum sínum með eðlilegum hætti.

Í kærinni segir meðal annars að miklir „löggaeslu- og rannsókn-arhagsmunir séu í húfi“, þar sem „mjög yrði höggvið í þann árangur sem náðst hefur við uppbyggingu fjar-skriptamiðstöðvar lögreglu“, ef notendum yrði það í sjálfsvald sett hvort símar þeirra yrðu í skráðir innan eða utan staðsetningakerfisins.

Hinn 8. maí ákvað Póst- og fjar-skriptastofnun að Símanum hf. væri óheimilt að sýnja Atlássíma ehf. um númeraflutninga á grundvelli þeirra sjónarmiða sem síðarnefnda félagið hélt fram. Í ákvörðunarorðum segir „að Símanum hf. beri að flytja símanúmer í almennri talsímabjónustu yfir í netsímabjónustu til Atlássíma ehf. þegar um það berst umsókn sem fullnægir kröfum þess verkferils sem gildir um númeraflutning á fastanetinu.“

Ákvörðunin var tekin í deilumáli sem sprettið var af athugasemdom Símans hf. við því að ekki kæmi fram í umsókn Atlássíma ehf. hvar símanúmerið skyldi skráð. Af hálfu Símans var vísað til þess, að ef viðskiptavinur Atlássíma kysir að nálgast þjónustu um annað internetsamband „væri það mögulegt án tillits til



**NÚTÍMAFJARSKIPTABÚNAÐUR** Ríkislögreglustjóri og Neyðarlína kröfðust þess í stjórnsýslukæru að brábirgðaaðkvörðun Póst- og fjar-skriptastofnunar frá 8. maí, um flutning á símanúmerum, yrði felld úr gildi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

nefndra félaga.“ Síminn taldi á þessum forsendum, væri Atlássíma óheimilt að flytja númer til annarra en þeirra, „sem tengja þau yfir heimataug, það er með skráningu á tiltekinn stað“, eins og segir orðrétt í stjórnsýslukæru.

Sérstaklega er frá því greint í kæru, og ákvörðun Póst- og fjar-skriptastofnunar, að notendur „sem kaupna svokallaða flökkubjónustu“, en þá er engin föst staðsetning

skráð og gengið út frá því að notandinn geti tengst þjónustunni hvar sem er, komist hann í internetsamband, að það geti verið vandkvæðum bundið að staðsetja símtöl í netsíma.

Póst- og fjar-skriptastofnun lagði áherslu á það þegar ákvörðunin var tekin að fjar-skriptafyrirtæki þyrftu að gera notendum sínum grein fyrir þeirri hættu sem gæti skapast af því að nota netsíma.

magnush@frettabladid.is

Löggæslukostnaður útihátíða:

Reglugerð um  
endurgreiðslur

**SKEMMTANAHALD** Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, hefur gefið út umburðarbréf til lögreglustjóra vegna löggæslukostnaðar við útihátíðahald. Samkvæmt nýjum reglum skulu mótsaldarar endurgreiða lögreglustjóra allan kostnað sem hlýst af aukinni löggæslu umfram það sem eðlilegt getur talist.

Við mat á því hvað megi teljast eðlilegt ber lögreglustjóra að taka mið af reynslu fyrri ára vegna sambærilegra skemmtana, fjölda gesta, viðbúnaði leyfshafa og staðsetningu skemmtunarinnar, það er hvort hún er haldin í þéttbýli eða dreifbýli.

- shá



**FÁNI BREIÐUR YFIR AÐUÐ SÆTIN** Júlía Tímósjenkó og flokksfélagar breiðu stóran Úkraínufána yfir þingsæti sín áður en þau gengu út.

Upplausn Úkraínupings:

Flokkur Júlíu  
farinn af þingi

**ÚKRAÍNA, AP** Júlía Tímósjenkó og um 120 félagar í þingflokki hennar á Úkraínupingi gengu út af þingi í gær í mótmælaskyni við þingmeirihluta Viktors Janúkovíts, fyrrverandi forseta landsins.

Júlía krefst þess að Viktor Jús-jenkó, núverandi forseti, leysi upp þingið og boði til kosninga til þess að koma í veg fyrir að nýja þingmeirihlutunum takist að mynda ríkisstjórn. Hún hét því að þingflokkur hennar, sem er sá næsttærsti á þinginu, muni ekki mæta til þings fyrr en daginn sem Jús-jenkó forseti leysir það upp. Honum er það ekki heimilt fyrr en 25. júlí næstkomandi.

- gb

Þórir Kristinn Þórisson:

Bæjarstjóri í  
Fjallabyggð

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Bæjarstjórn Fjallabyggðar samþykkti á fundi sínum í vikunni að ráða Þóri Kristin Þórisson í starf bæjarstjóra. Fjallabyggð varð til við sameiningu Siglu-fjarðar og Ólafsfjarðar nú í vor og er Þórir fyrsti bæjarstjóri hins nýja sveitafélags.

„Hugur minn og fjölskyldunnar er þegar í Fjallabyggð. Það eru mörg spennandi verkefni framundan, meðal annars vegna sameiningarinnar, gangagerðar og við að kynna nýtt sveitarfélag,“ segir Þórir.

- shá

## BÍLL DAGSINS

## OPEL ZAFIRA COMFORT

Nýskr 08.02 - Beinskriptur - Ekinn 46 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð áður: 1.390.000,-  
Tilboð:  
**1.180.000,-**

**50.000kr.**  
af bensini fylgja öllum notuðum bílum


Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00. Sími: 525 8020.

## VEÐURSPÁ

um hádegi »



um hádegi »

Kaupmannahöfn	26°C skúrir	London	28°C heiðskirt	Alicante	33°C heiðskirt
Billund	27°C hálfskýjað	Paris	35°C skúrir	Mallorca	27°C heiðskirt
HÖFUDBORGIN Í DAG		Frankfurt	33°C léttskýjað	Algarve	28°C heiðskirt
Hæggviðri eða hafgola.		Friedrichshafen	28°C skúrir	Krít	29°C heiðskirt
Skýjað með köflum og Gautaborg	25°C skúrir	Berlin	33°C heiðskirt	Las Palmas	25°C heiðskirt
Skj. Hiti 10-13 stíg.					

\* Hítatölur sýna spágildi fyrir hæsta hita dagsins. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



# Nú er veðrið til að grilla



**GÓÐI**

**35% afsláttur við kassa**

Gourmet kryddlegið lambakjöt lærissneiðar og frampartssneiðar

**35% afsláttur við kassa**



Kjöt & fisktorgið

**25% afsláttur**

Nautalundir úr kjötborði

**TILBOÐ 2.998 kr/kg**  
Verð áður 3.998,-



**30% afsláttur við kassa**

Kryddleginn kjúklingur læri, leggir og vængir

**30% afsláttur við kassa**



**Allir krakkar fá hollar vörur fyrir Lató-seðla í verslunum Hagkaupa.**

**HAGKAUP** Skemmtilegast að versla

Hagkerfið er opið 1. júlí - 19. ágúst

**LATÓ HAGKERFIÐ**

GLITNIR



**15% afsláttur við kassa**

Kókómjólk 6 í pakka - sykurskert og venjuleg



**Nýtt í Hagkaupum**

McCormick grillmates - toppaðu grillmatinn með McCormick grillmates



**Nýtt í Hagkaupum**

Sumarkaffi frá Te & kaffi

Gildir til 23. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





## KJÖRKASSINN

Telur þú að lækkun matarskatts skili sér til neytenda?

Já	52%
Nei	48%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Verlar þú á vefnum?

Segðu skoðun þína á visir.is

Flugmálastjórn Íslands ver breytingar á vaktakerfi flugumferðarstjóra:

## Viðræður báru ekki ávöxt

**KJARAMÁL** Flugmálastjórn Íslands hefur sent frá sér tilkynningu þar sem breytingar á vaktakerfi flugumferðarstjóra eru útskýrðar og varðar. Í tilkynningunni kemur fram að viðræður um breytingar á vaktakerfi hafi staðið yfir milli Flugmálastjórnar og Félags íslenskra flugumferðarstjóra frá árinu 1999.

Eftir að ljóst var að ekki næðist samkomulag taldi Flugmálastjórn rétt að gera nauðsynlegar breytingar á vaktakerfinu fyrir þessu ári. Það var gert einkum til að bæta mönnum á álagstímum og nýta betur starfskrafta stofnunarinnar. Til breytinganna kom hinn 16. mars síðastliðinn.

Hinn 6. júlí kvað Félagsdómur upp dóm í máli Félags íslenskra flugumferðarstjóra gegn íslenska ríkinu þar sem ágreiningur snerist meðal annars um það hvort Flugmálastjórn hefði verið heimilt að breyta vaktakerfinu án samráðs við flugumferðarstjóra. Ríkið var sýknað af öllum kröfum.

Á dögnum sagðist Sturla Böðvarsson samgönguráðherra ekki ætla að deila við dómarrann í þessu máli, dómur Félagsdóms stæði. Loftur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, segir félagsmenn mjög ósátta með meðferð máls-



**FLUGUMFERÐARSTJÓRI AÐ STÖRFUM** Flugmálastjórn segir vaktabreytingarnar hafa verið gerðar eftir sjö ára árangurslausar samningaviðræður við flugumferðarstjóra.

ins, erfitt sé að sættast þegar annar deiluaðilinn hafi lýst því yfir að hann vilji ekki semja. - sfs

Lögreglan í forvörnum:

## Bendir á rétt útlendinga

**KJARAMÁL** Fyrirtæki á Akranesi hafa fengið bréf frá lögreglunni í bænum þar sem hún áréttar lög um skyldur þeirra gagnvart erlendum starfsmönnum frá Evrópska efnahagssvæðinu.

Jóhanna Gestsdóttir, varðstjóri lögreglunnar á Akranesi, segir að misskilnings hafi gætt meðal forsvarsmanna fyrirtækjanna eftir að frjáls flutningur vinnuafis á svæðinu var leyfður. Margir telji til dæmis að ekki þurfi dvalarleyfi eða að önnur lög um kjör en þau íslensku gildi fyrir fólki.

Lögreglunni hafi því þótt rétt að upplýsa fyrirtækin um lög og reglur. - gag

## Hjólhýsi

tilbúin til afhendingar strax!



Eigum ýmsar gerðir af TEC hjólhýsum og húsbílum tilbúin til afhendingar strax.

Komdu og kynntu þér úrvalið!



www.seglagerdin.is Eyjarlóð 5, sími 511 2200



**FRAMKVÆMDIR Í NORÐLINGAHLTI** Forstjóri BM verktaka segir aðstæðurnar á fasteignamarkaðnum vera vegna lélegra stjórnvalda og illa stýrðs Seðlabanka. Hann segir reksturinn ganga vel en minna verði um framkvæmdir næsta árið.

## Minni eftirspurn á fasteignamarkaði

Vaxtahækkunir undanfarið hafa orðið til þess að byggingaverktakar halda að sér höndum og fækka framkvæmdum. „Enginn vill sitja uppi með lager af óseldum íbúðum,“ segir framkvæmdastjóri hjá Íslenskum aðalverktökum.

**FASTEIGNIR** Sífelld fleiri byggingaverktakar halda að sér höndum og fækka framkvæmdum vegna breytinga á íbúðamarkaði undanfarið. Sú vaxtahækkun á íbúðalánunum sem varð fyrir nokkrum vikum hefur haft áhrif á eftirspurn eftir nýjum íbúðum, að sögn verktaka. Sumir búast við lægð næsta árið og ætla að fækka framkvæmdum til að sitja ekki uppi með óseldar íbúðir.

Benedikt Jósefsson, forstjóri BM verktaka, segir fjarri lagi að markaðurinn sé mettur en vaxtastig Seðlabankans sé að valda vandræðum. „Lánastofnanir á Íslandi eru að bregðast markaðsumhverfinu algjörlega. Þarna hanga saman léleg stjórnvöld og illa stýrður Seðlabanki.“

Hann segir rekstur fyrirtækis-

ins ganga vel en minna verði um framkvæmdir næsta árið. „Við sjáum fram á lélega sölu á þessu ári, fólk stenst hreinlega ekki greiðslumat til að geta keypt sér íbúð. Það verður meiri undirbúningsvinna hjá okkur frekar en framkvæmdir.“

Benedikt segist ekki hafa þurft að segja upp mörgum starfsmönnum en gerist það verði Íslendingar fyrstir til að fara. Þeir séu einfaldlega lélegra starfsfólk. „Íslendingar eru meiri fríamenn, þeir stunda sína vinnu síður en þeir erlendu. Í sumum tilfellum þurfum við að grípa fram fyrir hendurnar á útlendingunum sem vilja margir hverjir vinna allt að fjórtán tíma á dag.“

Kristján Arinbjarnarson, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs

hjá Íslenskum aðalverktökum, tekur í svipaðan streng. „Menn byggja í takt við það sem markaðurinn segir, enginn vill sitja uppi með lager af óseldum íbúðum. Það er útlit fyrir að það hægi eitthvað á þessu á næstunni en við höfum ekki lent í að íbúðir seljist ekki. Við höfum nóg að gera,“ segir hann.

Eyþór Eiríksson, framkvæmdastjóri hjá Kjarina byggingafélagi, er ekki sammála því að markaðurinn sé að hægja á sér. „Við höldum okkar striki, þetta er bara ein af þessum bóllum sem eru kjaftaðar upp og hjaðna svo aftur. Það er allt á fullu hjá okkur. Júní, júlí og ágúst eru alltaf rólegustu tímarnir, þetta fer allt í gang aftur eftir verslunarmannahelgi,“ segir Eyþór Eiríksson. salvar@frettabladid.is

## Sölusýning í dag!

Höldur Akureyri, Vélar & Þjónusta Reykjavík

Léttbyggð hjólhýsi með fortjaldi á ótrúlegu verði

Verð frá kr. 1.180.000.- Frábær greiðslukjör

Helstu mál:  
lengd á húsi 305 cm  
breidd 195 cm  
hæð 181 cm  
þyngd 750 kg



Hjólhýsunum fylgja: Fortjald 2 x 3,5 m • 5 kg gaskútur með þrýstijafnara Hjólagrind fyrir tvö hjól • Vardekk • Tröppur • Tengikapall 220 volt

## VÉLAR: ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is  
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi

ODDI SKRIFSTOFUVÖRUR  
ER UMBOÐS- OG ÞJÓNUSTUAÐILI

# RICOH

Á ÍSLANDI



SKRIFSTOFUVÖRUR

Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opíð virka daga kl. 8 - 18 • laugardaga kl. 11 - 16  
Höfðabakka 3 • Sími 515 5105 • Opíð virka daga kl. 8 - 18 • Pantanasími 515 5100

Aftanákeyrsla átján ára pilts olli hörðum þriggja bíla árekstri á Reykjanesbraut:

## Sex á sjúkrahús eftir árekstur

**SLYS** Flytja þurfti sex manns á sjúkrahús eftir mjög harðan árekstur þriggja bíla á Reykjanesbraut klukkan tíu í gærmorgun. Beita þurfti klippum til að ná einum hinna slösuðu úr bílflaki.

Jeppingur með þremur innanborðs var á leið suður Reykjanesbraut og hugðist bílstjórninn beygja til hægri inn Aðalgötu í Keflavík. Þegar jeppingurinn hægði á sér ók átján ára piltur á fólksbíl aftan á jeppinginn með þem afleiðingum að hann kastaðist á annan fólksbíl sem kom norður Reykjanesbraut. Í þeim bíl voru fjórir og slösuðust tveir þeirra. Einn bíllinn valt og staðnæmdist síðan uppi við ljósaustur.

Alls voru átta manns í bílunum þremur, meðal annars þriggja ára gamall drengur og annar þrettán ára sem fékk skurð á enni.

Tveir voru fluttir á sjúkrahús í



**Á VETTvangi** Allir bílarnir eru illa farnir eftir áreksturinn. Einn þeirra staðnæmdist á ljósaustur. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Reykjavík með beinbrot og annar þeirra þurfti að fara í frekari myndatökur í gær vegna höfuðmeiðsla.

Allt fólkið kenndi sér meins en mæðgur sem sátu hægra megin í bílunum sem kom úr norðri sluppu best og þurftu ekki á aðhlyningu að halda.



Bílarnir þrír eru allir stórskemmdir. - sh





# SKELLTU ÞÉR TIL EYJA!



LÉTTÖL

Todmobile + Stuðmenn + Bubbi + Í svörtum fötum  
Á móti sól + Dr. Spock + Hoffman + Dans á rósum + Jet Black Joe  
Hálft í hvoru + Foreign Monkeys + Brekkusöngur + Brenna+ Flugeldasýning

Miðasalan er hafin í Nesti  
og á völdum ESSO stöðvum.  
Miðaverð í forsölu er 8.500 kr.  
Almennt miðaverð er 9.900 kr.  
Sjá nánar á [www.esso.is](http://www.esso.is) + [www.dalurinn.is](http://www.dalurinn.is)

Landsflug sér um að koma þér á Þjóðhátið.  
Bókun í síma 570 3030 eða á [www.landsflug.is](http://www.landsflug.is)







## VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir rússneska skólaskipið í Reykjavíkurhöfn?
- 2 Hversu margar umsóknir bárust um skólavist í Háskólanum í Reykjavík fyrir næsta skólaár?
- 3 Hver er nýr ritstjóri Nýs lífs?

SVÖR Á BLS. 46

Barnafjölskyldu og feðga sakaði ekki þegar eldur kom upp í íbúðarhúsi í Keflavík:

# Fjórum bjargað úr eldsvoða

**ELDSVOÐI** Slökkviliðsmenn Brúna-varna Suðurnesja björguðu í fyrrinótt fjögurra manna fjölskyldu, hjónum og tveimur ungum börnum, út um glugga á brennandi húsi í Keflavík. Feðgar sem einnig bjuggu í húsinu komust út af sjálfsdáðum. Engan sakaði.

Eldurinn kviknaði á þriðja tím-anum í íbúð feðganna á miðhæð hússins, sem er tvær hæðir og kjallari. Að sögn lögreglunnar í Keflavík er talið að kviknað hafi í út frá kertaloga í íbúðinni. Mikill reykur fyllti stigagang hússins og komst fjölskyldan á efstu hæðinni því ekki út hjálparlaust.

Þegar slökkviliðsmenn komu að húsinu sprakk rúða og varð þeim þá ljóst að mikill hiti var í húsinu. Slökkvi- og björgunarstarf gekk þó greiðlega.

Feðgarnir af miðhæðinni fengu væga reykeitrún og voru fluttir á sjúkrahús þar sem þeir dvöldu yfir nótt. Fjölskylduna sakaði ekki en var þó flutt á Heilbrigðisstonun Suðurnesja til öryggis. Að lokinni skoðun fóru hjónin ásamt börnum sínum til ættingja sinna. Ekki er búið í kjallara hússins.

Reykraesta þurfti húsið og er íbúð feðganna mikið skemmd. Aðrir hlutar hússins eru minna skemmdir.

- sh



**BJÖRGUNARSTARF** Slökkviliðsmenn Brúnavarna Suðurnesja áttu ekki í miklum vandræðum með að ráða niðurlögum eldsins.

MYND/VÍKURFRÉTTIR

Yfirmönnum var ekki skemmt:

# Lögreglukona hættir í vandi

**NÝJA-SJÁLAND, AP** Nýsjálandskri lögreglukonu hefur verið gert að hætta í aukavinnu sinni. Til að drýgja tekjur hafði konan unnið sem vændiskona.

Yfirmönnum hennar var ekki skemmt þegar þeir komust að því í hverju aukavinnu hennar fólst, jafnvel þó að vandi sé löglegt á Nýja-Sjálandi og lögregluþjónum sé heimilt að taka sér aukavinnu. Sögðu þeir vandi og lögreglustörf fara illa saman, og bættu við að konan hefði fengið leyfi fyrir aukavinnunni.

Konan fékk áminningu, en er leyft að halda áfram vinnu sem lögregluþjónn.

- smk

Karlmaður dæmdur í héraði:

## Beit lögregluþjón í höndina

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir að bita lögregluþjón. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness í gær og þar sem játning mannsins lá fyrir var hann dæmdur strax.

Maðurinn var handtekinn fyrir ölvun í Keflavík og færður inn í lögreglubíl. Hann lét öllum illum látum og beit meðal annars lögregluþjón í höndina, svo af hlutust fleiður og rispur. Hann var því dæmdur í þrjátíu daga fangelsi, skilorðsbundið til tveggja ára. - sh

## HÉRAÐSDÓMUR

**Hélt konu á skrifstofu** Karlmaður á sjötugsaldri hefur verið ákærður fyrir frelsisvoptingu með því að hafa í febrúar haldið hálfþrítugri konu nauðugri í um hálfra klukkustund á skrifstofu í Kópavogi. Ákæran hefur verið þingfest.

Reykjavíkurborg lækkar gjaldskrá leikskóla:

## Fjórðungslækkun síðar á þessu ári

**LEIKSKÓLAMÁL** Borgarráð samþykkti á fundi sínum í gær að lækka gjaldskrá leikskóla borgarinnar.

Námsgjald verður lækkað um fjórðung frá og með 1. september næstkomandi. Þar að auki verður systkina-afsláttur með þeim hætti að aðeins þarf að borga fyrir eitt barn í fjölskyldu fyrir leikskólavistun, óháð fjölda systkina.

Lækkunin á gjaldskrá leikskólanna leiðir til lækkunar á tekjum borgarinnar upp á rúmlega 93 milljónir króna, en þar að auki munu framlög borgarinnar til einkarekinna leikskóla hækka

um fimmtán milljónir, því er kostnaður borgarinnar við breytinguna rúmar 108 milljónir króna.

Björn Ingi Hrafnsson, oddviti Framsóknarflokksins og forseti borgarsjórnar, segir þetta mikla kjarabót fyrir fjölskyldufólk í borginni. „Þetta er algjör viðbót vegna þess að Reykjavíkurborg hefur unnið að áformum um gjaldfrjálsan leikskóla og gerði ekki ráð fyrir neinni lækkun á gjaldskránni á þessu ári út af þeirri vinnu. Í ljósi umræðu um verðbólgu og almenna hækkun í samfélaginu hljóta þetta að vera frábær tíðindi inn í þá umræðu.“

- æpe



**BJÖRN INGI HRAFNSSON**



**DAVID CAMERON** Leiðtogi breska Íhaldsflokksins á fundi um framtíðarmál í London í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Velferðarmál sett í öndvegi

Leiðtogi breska Íhaldsflokksins leggur æ meiri áherslu á að breyta ímynd flokksins.

**LONDON, AP** David Cameron, leiðtogi breska Íhaldsflokksins, leggur þessa dagana mikla áherslu á velferðarmál. Hann reynir hvað hann getur til að skapa sér mýkri ímynd, sem er verulega frábrugðin hörkulegri ímynd sumra forvera hans á leiðtogastólnum, ekki síst „járnfrúarinnar“ Margrétar Thatcher.

Í gær sagði hann í ræðu að Íhaldsflokkurinn legði nú jafn mikla áherslu á almenna velferð, eða „General Well Being“, sem hann skammstafaði „GWB“, og á „GDP“, sem táknar verga þjóðarframleiðslu.

Stuðningsmenn Camerons innan flokksins telja fullvíst að hin milda íhaldsstefna leiðtogans muni tryggja honum forsætisráðherraembættið að loknum næstu þingkosningum, en gagnrýnendur hans segja flokkinn orðinn allt of mjúkan og bitlausan til þess að það geti skilað nokkrum árangri.

„Að bæta velferðarskyn þjóðfélagsins er að mínu mati mikilvægasta pólitíska verkefni okkar tíma,“ sagði Cameron meðal annars í ræðu sinni í gær.

Íhaldsflokkurinn gerði Cameron að leiðtoga sínum í desember síðastliðnum. Hann lofaði því að gera verulegar breytingar á

flokknum til þess að afla honum aukins fylgis. Flokkurinn hefur ekki sigrað í þingkosningum frá árinu 1992 og skipt fjórum sinnum um leiðtoga á þessum tíma.

Cameron sagðist ætla að hætta að einblína á markaðsfrelsi og baráttu gegn glæpum, og færa flokkinn nær miðju stjórnmálanna.

Hann fór að tala um umhverfismál, sem flokkurinn hafði ekki látið sig mikið varða. Hann hjólar í vinnuna og hefur fengið leyfi til að setja upp vindmyllu á þaki hússins síns til þess að framleiða rafmagn handa sér.

Hann lét sig hafa það að koma fram í umdeildum sjónvarpsþætti þar sem hann var spurður hvort hann hefði einhvern tímunn dreynt kynferðislega drauma um Margaret Thatcher, en tókst að koma sér hjá því að svara þeirri spurningu.

Jafnt harðlínurmenn á hægri væng Íhaldsflokksins sem andstæðingar hans í Verkamannaflokknum hafa óspart gert grín að honum fyrir þessar áherslur, en engu að síður hafa þær skilað flokknum nokkru fylgi í skoðanakönnunum. Bilið á milli Íhaldsflokksins og Verkamannaflokksins hefur minnkað.

gudsteinn@frettabladid.is

**STADAN Á VINNINGUM Í SUMARLEIK COCA-COLA**

GLABNINGARNIR Í TAPPALEIK COCA-COLA HAFA ROKIÐ ÚT. STADAN ER ÞESSI:

**3.000 BOLTAR ERU EFTIR (AF 23.000)**

**40X**

**ÖKUTÆKIÐ ÞITT Í SUMAR**

**20X+ 6.900 kr.**

**HLAUPAHJÓLIN ERU VÆNTANLEG**

Væntanleg til afhendingar 26. júlí

**5X**

**ENN NÓG EFTIR**

**Coca-Cola**

Upplifum stemninguna

Coca-Cola, the design of the Coca-Cola Contour Bottle and the modified Dynamic ribbon are registered trademarks of The Coca-Cola Company. © 2005 The Coca-Cola Company.





Vaxtabót og Viðbót



ARGUS / 06-0334

# Tveir sterkir

– sparnaðarreikningar á Netinu!

**SPRON Vaxtabót – 12,50% vextir\***

Óverðtryggður sparnaðarreikningur sem ber allt að 12,50% vexti.\*

**SPRON Viðbót – 4,80% vextir\***

Verðtryggður sparnaðarreikningur sem ber allt að 4,80% vexti.\*

Þú getur stofnað reikning á **spron.is**

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200,  
í þjónustuveri SPRON í síma 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)

\*Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. júlí 2006

 **spron**  
– frelsi í bankaviðskiptum





## VERTU FÆR Í ALLAN SJÓ Á BÁT FRÁ OKKUR

www.rs.is

### Láttu drauminn rætast!

Dreymir þig um sportbát, hraðbát, skemmtisnekkju, vatnabát, sjóbát eða gúmmibát? Komdu og vertu fyrir þér glæsilegustu skemmtibáta landsins í öllum stærðum og gerðum hjá okkur að Ánanaustum.



R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 580 5300

**Bragð til að treysta á**

Prófaðu nýju kryddmyllurnar frá  
**McCormick**

GRINDER  
GRINDER  
GRINDER  
GRINDER  
GRINDER

McCormick  
Bragð til að treysta á

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

Tveggja vikna rannsóknarleiðangri Hafró lokið:

## Lítið fannst af árs- gömlum sandsílum

**HAFRANNSÓKNIR** Gæfa VE 11 hefur lokið tveggja vikna rannsóknarleiðangri þar sem útbreiðsla og ástand sandsflastofna voru könnuð, en síli eru mikilvæg fæða nytjafiska, hvala og sjófugla. Lítið af árgömlum sílum fannst og bendir því flest til að hrygning sandsíla í fyrra hafi misfarist.

Farið var á fjögur svæði: Breiðafjörð, Faxaflóa, Vestmannaeyjar-Vík og Ingólfshöfða. Fyrstu niðurstöður sýna að talsvert var um síli á öllum svæðum nema við Vestmannaeyjar-Vík. Mest fannst af seiðum í



**UM BORD** Lítið fannst af árgömlum sílum í nýafstöðnum leiðangri. MYND/HAFRÓ

Breiðafirði en þar voru seiðaflekkir í yfirborði. Minna er af seiðum en í sílisrannsóknnum 1998, en ekki er þó hægt að segja til um nýliðun þessa árs fyrr en á næsta ári. -shá



**JAAP DE HOOP SCHEFFER OG HAMID KARZAI** Framkvæmdastjóri Nató og forseti Afganistans héldu sameiginlegan blaðamannafund í Kabúl, höfuðborg Afganistans, í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Mikilvægasta verkefni Nató

Framkvæmdastjóri Nató, Jaap de Hoop Scheffer, segir erlenda herliðið í Afganistan ekki hafa efni á því að tapa baráttunni við talibana.

**AFGANISTAN, AP** Jaap de Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, segir að mikilvægasta verkefni bandalagsins núna sé að ad vinna að uppbyggingu og að tryggja stöðugleika í Afganistan.

„Við höfum ekki efni á því að mistakast,“ sagði hann á sameiginlegum blaðamannafundi með Hamid Karzai, forseta Afganistans, í Kabúl í gær. Hann brá sér í tveggja daga heimsókn til Afganistans, en ástandið þar hefur hríðversnað síðustu vikurnar.

Meira en 800 manns hafa látið lífið í átökum frá því í maí. Hörðust hafa átökum verið í suðurhluta landsins, þar sem talibanasveitir eru öflugastar.

Nató er að efla til muna herstyrk sinn í Afganistan með því að senda fleiri hermenn þangað frá

Bretlandi, Kanada og Hollandi. Bandaríkin eru með um 21 þúsund hermenn í Afganistan, en í nóvember er búist við því að hermenn á vegum Nató verði orðnir jafn margir og bandarísku hermennirnir.

Í gær voru enn fremur birtar niðurstöður úr rannsókn afganskra stjórnvalda á loftárás, sem hersveitir bandamanna gerðu á héraðið Uruzgan í suðurhluta Afganistans hinn 10. júní síðastliðinn. Rannsóknin leiddi í ljós að árásirnar hefðu kostað tíu óbreytta borgara lífið og 27 særst að auki.

„Við reynum virkilega að koma í veg fyrir manntjón óbreyttra borgara,“ sagði Tom Collins, talsmaður alþjóðaherliðsins, sem Bandaríkjamenn eru í forystu fyrir. -gb

Niðurstöður rannsóknar birtar í Lancet:

## Útileikirnir hollir

**LONDON, AP** Nú mega börnin kætast. Ný rannsókn, sem birt er í læknaáttímaritinu Lancet í dag, bendir nefnilega til að þau eigi að leika sér meira úti.

Leggja vísindamennirnir til að börn á aldrinum fimm til sextán ára falt meiru ef þau leika sér úti. og hálfri klukkustund úti á degi hverjum. Við það minnka líkurnar á



**FJÖR Í SUNDI** Börn brenna tövum eftir þau leika sér úti.

offitu, hjartasjúkdómum og insúlínóháðri sykursýki.

„Bara það að tryggja að börn leiki sér úti tvöfaldar hreyfinguna sem þau fá,“ segir Lars Bo Andersen, einn lækna sem stóðu að rannsókninni.

Rannsóknin náði til 1.732 barna í Danmörku, Eistlandi og Portúgal. -smk



# SÓFADAGAR

ÚTSALA!  
30% - 60% afsláttur  
af öllum húsgögnum



Opnunartími: Mánudaga til föstudaga 11-18 og laugardaga 11-16

  
gallerí  
húsgögn

Dalvegi 18 - 201 Kóp. - Sími 5545333  
gallerihusgogn@gallerihusgogn.is





**FLUGDREKASVIFYRIR LANDAMÆRIN**  
Áætlað er að reisa mikinn vegg meðfram landamærum Indlands og Banglades, þar sem myndin er tekin, en hann mun þó ekki hamla þessum flugdrekkum.

NORDICPHOTOS/AFP

Þjófur lét greipar sópa í búningaklefa á meðan á leik Fjölnis og Vals stóð:

## Tapaði síma og fermingarúri

**ÞJÓFNADUR** Nokkuð er um að þjófur láti greipar sópa í búningaklefum íþróttahúsa. Þótt íþróttamannvirki séu oft með mann á vakt er oft mikill umgangur um þau og erfitt fyrir vaktmenn að greina svörtu sauðina úr hópnum. Á meðan á knattspyrnuleik stóð milli Fjölnis og Vals í vikunni komst þjófur í búningaklefa Fjölnisheimilisins og hafði meðal annars þrjá GSM-síma af keppendum beggja liða.

Bjarki Brynjarsson í Val tapaði GSM-síma og úri sem hann fékk í fermingargjöf. Hann segir að enginn vörður hafi verið sjáanlegur í kringum búningaklefa í Fjölnis-



**BJARKI BRYNJARSSON**

heimilinu, sem sé oft reyndin þegar keppt sé þar.

„Alltaf þegar við förum svona að keppa eru öll verðmæti sett í tösku og geymd hjá þjálfaranum en það var einhver misskilningur svo ég gerði það ekki í þetta sinn,“ segir hann.

Lárus Grétarsson, þjálfari liðs Fjölnis sem keppti á móti Val í vikunni, staðfestir að tveir í liðinu hans hafi tapað símunum sínum á

sama tíma og stolið var frá Bjarka. „Þetta gerist í öllum íþróttafélögum og mjög erfitt að eiga við þessa hluti. Þessir strákar eiga náttúrulega bara að taka dótið með sér út á völlinn þar sem við erum með tösku með okkur. Það er einföld leið til að koma í veg fyrir að stolið sé frá þeim,“ segir Lárus.

Íþróttafulltrúi hjá Fjölni, Kristinn R. Jónsson, segir að alltaf séu menn á vakt í húsunum en svona mál komi samt upp. „Það er náttúrulega svo mikill umgangur um húsið og erfitt að átta sig á því hver er að koma á æfingar og hverjir eru að gera eitthvað annað,“ segir Kristinn. ■

Lögreglan í Keflavík:

## Vitna að grjóthruni óskað

**LÖGREGLA** Lögreglan í Keflavík lýsir eftir vitnum að því þegar mikið af grófri mól og grjóti féll af palli stórrar grænblárrar vörubifreiðar á Reykjanesbraut um klukkan 14.30 hinn 3. júlí síðastliðinn, sem olli tjóni á fjórum bílum hið minnsta.

Bíllinn var á leið austur Reykjanesbraut rétt vestan við álverið í Straumsvík þegar efnið féll af pallinum, meðal annars á bíl sem kom úr austri. Vitað er um þrjá aðra bíla sem urðu fyrir tjóni og að sögn lögreglu hleypur tjónið samanlagt á hundruðum þúsunda.

Þeir sem telja sig geta veitt upplýsingar eru beðnir að hafa samband við lögregluna í Keflavík. - sh

Félagi í sænska vinstriflokknum:

## Var njósnari fyrir Sovétríkin

**SVÍÐIÓÐ, AP** Fyrirverandi njósnari fyrir Sovétríkin hefur lýst því yfir að hann sé félagi í sænska Vinstriflokknum. Talsmaður flokksins segir þetta geta skaðað flokkinn fyrir kosningarnar í september, en flokkurinn hefur unnið hart að því síðasta áratuginn að losa sig við kommúnistamyndina.



**STIG SYDHOLT**

Njósnarinn, Stig Sydholt, áður þekktur sem Stig Bergling, sat í tæp tólf ár í fangelsi fyrir að leka hergögnum til Moskva á áttunda áratugnum. Sydholt sagði njósnarnar þó hafa verið frekar peninganna vegna en vegna hugsjóna, en hann hefur nú í fyrsta skipti lýst yfir stuðningi við stjórnmalaflokk. -

Grænlandingar leita gullsins svarta:

## Ræða við stærstu olíufyrirtæki heims

**KAUPMANNAHÖFN, AP** Grænlandingar hófu viðræður um olíuleit á Grænlandi við nokkur stærstu olíufyrirtæki heims á þriðjudag.

Jörn Skov Nielsen, framkvæmdastjóri Auðlindastofnunar Grænlands, segist vera viss um að olía finnst á Grænlandi, en vafa-



**INÚÍTAR Í DISKÓFLÓA** Innan skamms er búist við að markviss olíuleit hefjist í Diskóflóa, undir stjórn erlendra fyrirtækja.

mál sé hversu mikil hún er og hvort það svari kostnaði að deila henni upp.

Erfiðar aðstæður eru á Grænlandi til olíuleitar vegna þess hve afskekkt landið er, sem og vegna veðurfars og íss. Vísindamenn hafa fundið vísbendingar um að olíu sé að finna í jörðu í Diskóflóa á vesturströnd Grænlands, en við hann er Kangiafjörður, sem er á Heimsminjaskrá Sameinuðu þjóðanna.

Haft var eftir Nielsen að gert yrði umhverfismat en talsmaður Grænfríðunga í Danmörku, Tarjei Haaland, telur það ekki duga til. Hann segir áform um að leita að olíu á jafn viðkvæmum slóðum „vitfirringu“ og hvatti fólk til að fíuga afleiðingar olíuslyss í Diskóflóa. - kóp



**GUÐMUNDUR BJÖRNSSON OG MÁVARNIR** Rekstrarstjóri meindýravarna hjá Reykjavíkurborg segir að varlega sé farið í veiðunum til að trufla ekki borgarbúa. Fáir vilji sjá máva skotna, þó að mikill vilji sé fyrir því að það sé gert.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Vill rannsaka mávavandann

Dýraverndarsamband Íslands segir veiðar meindýravarna á mávum í miðborginni vera óleyfilegar og valda ónæði. Öðrum aðferðum sé hægt að beita. Borgaryfirvöld segjast fylgja öllum settum reglum.

**DÝRAVERND** Guðmundur Björnsson, rekstrarstjóri meindýravarna hjá Reykjavíkurborg, segir áttak til að fækka mávum innan borgarinnar ganga vel. „Við höfum unnið í þessu undanfarin ár, en nú er þetta orðið áttak og meiri vinna lögð í þetta,“ segir Guðmundur. „Fólk vill losna við mávana, en ekki sjá eða vita neitt af því þegar þeir eru skotnir.“ Mávarnir eru drepnir í eyjunum í nágrenni borgarinnar og við ströndina, en þeir eru einnig skotnir við Tjörnina.

Að sögn Guðmundar hafa verið uppi hugmyndir um að byrja mávunum svefnlyf með því að setja brauðmola með lyfinu á egginn í hreiðrum mávanna. Mávarnir myndu þá borða svefnlyfið og auðveldara yrði að ná til þeirra. Guðmundur segir þetta hafa reynst vel erlendis.

Sigríður Ásgeirsdóttir, formaður Dýraverndarsambands Íslands, segir meindýravarnir einungis hafa leyfi til að skjóta máva í eyjunum, en ekki við Tjörnina og á öðrum stöðum í borginni. Hún segir ýmsar aðrar hugmyndir vera til staðar til að hafa stjórn á mávunum. „Við höfum rætt það við ýmsa og fáum þau viðbrögð að það sé of dýrt, en enginn spyr hvað

kostar að borga þessum skotveiðimönnum,“ segir Sigríður. „Til dæmis væri hægt að fá borgarbúa með góðu til að hætta að gefa brauð við Tjörnina á sumrin. Fólk finnst það gaman, en um leið er verið að festa mávinn í sessi. Gæsirnar og endurnar afla fæðu með öðrum leiðum.“

Sigríður telur einnig að með veiðunum hafi mávurinn jafnvel verið flæmdur inn í borgina. Hægt væri að hafa fódurhauga við ströndina, lokka mávana þangað með brauðgjöfum og ná þeim þar.

„Auk þess hefur margt misfarist í fuglavarpi, ekki bara hjá mávum, heldur til dæmis kríum og lundum. Þetta er órannsakað mál,“ segir Sigríður.

„Borgarbúar vilja allir sem einn að við fækkum aðeins í þessari plágu og það er um að gera að við séum öll samtaka í því,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður Umhverfissráðs Reykjavíkurborgar. „Við erum ekki að reyna að útrýma fuglinum, heldur bara að gefa fólk tækifæri til að njóta borgarinnar án truflunar. Það á að gera þetta þannig að borgarbúar verði ekki fyrir ónæði og öllum reglum er fylgt út í ystu æsar.“

steindor@frettabladid.is



## Iðnaðar- & bílskúrshurðir

FYRIR FEGURRA UMHVERFI

Þegar fjárfesta á í húseigninni er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum þeim allhliða þjónustu.

Hafðu samband við söluráðgjafa okkar og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 520 eða á [www.mest.is](http://www.mest.is).



– allt til bygginga

Malarhöfða 10, Reykjavík

Bæjarflöt 4, Reykjavík

Hringhellu 2, Hafnarfirði

Hrísmýri 8, Selfossi

Leiruvogi 8, Reyðarfirði

Flugbraut á Akureyrarflugvelli:

## Lenging nauðsynleg

**FRAMKVÆMDIR** Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar sendi frá sér ályktun í gær um lengingu flugbrautar á Akureyrarflugvelli, sem rædd hefur verið hjá bæjaryfirvöldum. „Lenging flugbrautar er grundvallaratriði varðandi framfarirbyggingu millilandaflugs um völlinn og skapar mikil sóknarfæri,“ segir í ályktuninni.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, forseti bæjarstjórnar, segir að lengingin sé ekki komin inn á samgönguáætlun, en það gerist vonandi í haust, þótt óljóst sé hvenær hægt verði að hefjast handa. Ákvörðun verði tekin á fundi á morgun um hvaða framkvæmdum eigi að fresta til að koma í veg fyrir frekari þenslu. - sj



# Við erum Mazda



## sóltíloð

### Veldu Mazda á sóltíloði Brimborgar

# 2.525 þús.\*

Mazda6 Touring 2,0i  
4 dyra, sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 2.525.000 kr.  
Bílasamningur 34.726 kr.  
Rekstrarleiga 46.100 kr.



## sóltíloð



Mazda6 Touring 2,0i  
4 dyra, sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 2.525.000 kr.  
Bílasamningur 34.726 kr.  
Rekstrarleiga 46.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i  
5 dyra, sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 2.575.000 kr.  
Bílasamningur 35.414 kr.  
Rekstrarleiga 47.100 kr.



Mazda6 Touring 2,0i  
Wagon, sjálfskiptur\*  
Sóltíloð 2.625.000 kr.  
Bílasamningur 36.102 kr.  
Rekstrarleiga 48.700 kr.

#### Sumarið er komið í Brimborg. Vertu Mazda.

Nú er rétta tækifærið til að fá sér nýjan bíl fyrir sumarfríð á sérstöku sóltíloði Brimborgar. Gerðu samanburð á japönskum gæðum. Berðu saman verð og búnað Mazda6 Touring, 4 dyra, sjálfskiptum og Toyota Avensis Sedan Sol, sjálfskiptum. Mazda6 kostar núna aðeins frá 2.525.000 kr. á sérstöku sóltíloði til þín. Verð á sjálfskiptum Toyota Avensis Sedan Sol er frá 2.730.000 kr.\* Veldu annan stíl. Núna Mazda - á sérstöku sóltíloði Brimborgar.

#### Það sem er umfram í Mazda6 Touring:

- 2,0 lítra vél
- 5 þrepa sjálfskipting
- Álfelgur
- Hraðastillir



#### Við staðgreiðum gamla bílinn þinn.

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt\*\* veljir þú bíl á góðu sóltíloði Brimborgar. Þú losnar við allt umstang við að selja og lækkar þinn kostnað. Við erum Mazda. Komdu í Brimborg. Kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Mazda á sóltíloði Brimborgar.

#### Skoðaðu Mazda3 og Mazda5 á sóltíloði.



Mazda3 Touring 1,6i  
5 dyra, 5 gíra\*  
Sóltíloð 1.890.000 kr.  
Bílasamningur 25.897 kr.  
Rekstrarleiga 34.700 kr.



Mazda3 Touring 1,6i  
4 dyra, 5 gíra\*  
Sóltíloð 1.920.000 kr.  
Bílasamningur 26.307 kr.  
Rekstrarleiga 35.200 kr.



Mazda5 Touring 2,0i  
7 manna, 5 gíra\*  
Sóltíloð 2.390.000 kr.  
Bílasamningur 32.748 kr.  
Rekstrarleiga 43.400 kr.

**Við erum Mazda**  
Komdu núna. Sóltíloð Brimborgar  
gildir meðan birgðir endast.

Sumarið er  
í Brimborg



Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.mazdabrimborg.is](http://www.mazdabrimborg.is)

\*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að aukri er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 10% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. Aukabúnaður á mynd: sólluga. Skv. verðlista Toyota 06/06. \*\*Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.











## „ORÐRÉTT“

## Skipt um andlit

„Þetta er greinilega hið nýja andlit kolkraðans.“

VÍGLUNDUR ÞORSTEINSSON, STJÓRNARFORMAÐUR LÍFEYRIS-SJÓÐS VERSLUNARMANNA, ER HARÐORÐUR Í GARÐ STJÓRNENDA STRAUMS-BURÐARÁSS. MORGUN-BLAÐIÐ, 20. JÚLÍ.

## Gangan hafin

„Þetta eru fyrstu sporin á langri göngu.“

ÓLAFUR ÓLAFSSON, FORMAÐUR LANDSSAMBANDS ELÐRI BORGARA, ER ÁNÆGÐUR MEÐ SAMKOMULAG MILLI RÍKISINS OG ELÐRI BORGARA. FRÉTTABLAÐIÐ, 20. JÚLÍ.

nær og fjær  
**tilveran**

**SJÓNARHÓLL**  
HEIMABANKASTULDUR

Fræðsluna bráðvantar



„Það er afleitt að þetta skuli geta gerst,“ segir Margrét Gunnarsdóttir, ritstjóri síðunnar ferdalangur.net. „En í þessu sem öðru hefur tæknin stundum sínar dökku hliðar og ég held að margir tölvunotendur hér á landi séu bæði illa varðir og sömuleiðis auðveld bráð fyrir alls kyns gabb og vesen. Ég held að það bráðvanti stutt, ódýr eða ókeypis námskeið sem almenningur getur sótt um þessi mál. Mér dettur til dæmis í hug að almenningsskólakönnun, starfsmannafélög stórra stofnana og fleiri geti lagt þessu máli lið með námskeiðum fyrir sitt fólk sem byggjast á umgengisvenjum við netið og því sem helst beri að varast.“

MARGRÉT  
GUNNARSDÓTTIR

HVAD ER AÐ FRÉTTA? ÁRNI SVANUR DANÍELSSON VEFSTJÓRI BISKUPSSTOFU

Undirbýr komu næsta erfingja

„Ég er í sumarfríi núna, sem er stóra málið fyrir mér,“ segir Árni Svanur Danielsson, vefstjóri Biskupsstofu. Hann er nýkominn í frí og ánægður með að hafa valið réttan tíma sumarsins til þess og að hafa náð sólarögum. „Íslenska sumarið er alveg undursamlegt þegar það lofsins kemur og ég nýt þess mjög,“ segir Árni og bætir við að í vikunni hafi hann gengið á Esjuna. Árni segir að það stóra sem sé af honum að frétta sé þó að hann eigi von á barni. Hann sé eins og hefðbundinn karlmaður sem geti einungis einbeitt sér að einu á hverjum tíma og undirbúningurinn fyrir komu næsta erfingja eigi hug hans allan. „Stúlkan



kemur eftir tvær vikur og núna er ég á fullu við að undirbúa heimilið. Svo hugsa ég um taubleyjur gegn einnota bleyjum og ættarvögguna sem þarf að koma í gott stand. Rykið þarf að taka úr öllum hornum, þvo lítil fót og strauja þau.“ Árni á fyrir eina fjögurra ára stúlku og segir að þegar hún kom í heiminn

hafi hann uppgötvað mikilvægi þess að öll ungbarnaföt séu vel straujuð. „Þegar fyrsta barnið kom var hún svo mjúk og lítil að maður gat ekki hugsað sér að setja hana í hörð fót.“ Þess vegna sér Árni til þess að öll litlu fötin verði almennilega straujuð þegar barnið kemur í heiminn.

Að sögn Árna er hann heppinn að vinna við nokkuð sem hægt sé að skilja sig frá og njóta þess að einbeita sér að öðru í fríunum. Á Biskupsstofu hefur fólk þó í nógu að snúast enda heldur hún upp á afmæli beggja biskupsstólanna í ár. „Um helgina er Skálholtshátíð þar sem við erum að halda upp á afmæli Skálholtsstaðar. Stærsta verkefnið sem snýr að mér í kringum það var opnun nýs vefs í tengslum við afmælið á nýju vefsvæði, Skálholt.is,“ segir Árni Svanur Danielsson.



FRÍÐJÓN ÞORLEIFSSON, SATYABRATA DAM OG LEIFUR ÖRN SVAVARSSON Þremningarnir voru hressir og til í slaginn fyrir jökuldvölinu. Nú eru þeir á Grænlandsjökli í yfir þúsund metra hæð að glíma við jökulsprungur og aðrar hættur sem finnast á jöklinum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Sjóliði á hæsta tind

Indverski fjallgöngugarpurinn Satyabrata Dam er nú ásamt tíu löndum sínum á Grænlandsjökli þar sem Leifur Örn Svavarsson og Friðjón Þorleifsson frá Íslenskum fjallaleiðsögumönnum sýna þeim hættur jökulsins. Sennilega hafa fáir farið jafn lágt og hátt og Dam, sem einnig er kafbátasjóliði.

„Hvar sem er fjall, þar hef ég verið,“ sagði Satyabrata Dam þegar blaðamaður hitti þremningana fyrir helgi áður en þeir lögðu af stað til Grænlands. „Nú stendur til að fara á suðurpólinn í desember en þar er að finna aðstæður sem við þekkjum ekki þó við höfum klifið hæstu fjöll heims. Eftir að hafa kynnt mér það vel taldi ég að best væri að undirbúa þessa ferð á Grænlandsjökli og engir væru betri til að kynna okkur aðstæður

þar en Íslendingar og þar koma þeir Leifur Örn og Friðjón til skjalanna.“

Hópurinn hélt til Kulusuk í júlí-byrjun og þaðan að jökuljaðrinum. Síðan var haldið á jökul með vistir, tjöld og annan búnað sem hópurinn mun gera sér að góðu þann mánuð sem þeir munu dvelja þar í þúsund til fimmtán hundruð metra hæð. „Við erum stundum spurðir að því hvort einhver hætta sé á að ísbjörn verði á vegi okkar,“ sagði Leifur Örn. „Það hefur reyndar gerst að ísbirnir hafi elt hópa upp á jökulinn en annars er það afar ólíklegt að hann fari svo langt frá sjónum.“

Allir fjallgöngumennirnir í indverska hópnum eru sjóliðar. „Ég er kafbátasjóliði en þegar ég er í frí er ég hátt uppi,“ sagði Dam. Hann hefur klifið Everest-fjall, sem er í 8.848 metrar á hæð, og svo farið á meira en þúsund metra dýpi í kafbátum svo sennilegast hafa fáir menn í heiminum farið jafn víða um lóðréttan ásinn.

Ekki stóðust garparnir mátið þegar þeir dvöldu um nokkurra daga skeið hér á landi að glíma við

Hvannadalshnjúk en urðu þó að snúa við þar sem veðrið var með versta móti. „Ég kann afar vel við mig á Íslandi,“ sagði Dam. „Fólkið er mjög viðmótsþýtt og náttúrufergurðin mikil. Mér hefur þó verið sagt að ég ætti að koma að vetri til að sjá norðurljósin og hver veit nema ég láti verða að því.“

Íslensku fjallaleiðsögumennirnir segjast munu reyna að finna hentuga jökulsprungu þar sem þeir geti sýnt Indverjunum hvernig eigi að bera sig að. „Við erum sennilega einu ferðamennirnir sem leita jökulsprungunnar uppi en venjulega forðast menn þær,“ sagði Leifur Örn og hló við.

Þremningarnir voru mjög spenntir fyrir ferðinni en þó var Friðjón ekki alveg sáttur við tíma- setninguna þar sem hann missti af seinni hlutanum af heimsmeistarakeppinni í Þýskalandi. „Ég verð svo sem ekki lengi að gleyma keppinni þegar ég er kominn á jökulinn. Þar hefur maður um annað að hugsa en hverjir séu í úrslitum á HM,“ sagði hann.

js@frettabladid.is

Opinn skógur í Tröð á Hellissandi:

Áningarstaður í alfaraleið

Um helgina var skógræktarsvæði í Tröð á Hellissandi opnað undir merkjum „opins skógar“ skógræktarfélaganna. Tröð er áttundi opni skógurinn á landinu en stefnt er að því að opna um þrjátíu slík svæði um landið allt. „Markmiðið með verkefninu er að skógurinn sé í alfaraleið svo fólk geti átt og notið smá kyrrðar frá erli umferðarinnar,“ segir Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands.

„Á þeim stöðum er þokkalegt göngustígakerfi, aðkoman er vel merkt og kort af svæðunum með örnefnum.

Inni í skóginum eru trjátegundirnar merktar og þar að finna borð og bekki,“ segir Brynjólfur.

Valin eru svæði sem eru búin að vera lengi í ræktun og skógur kominn vel áleiðis. „Helst er skógurinn orðinn um fjörutíu til fimmtíu ára gamall sem myndar gott skjól.“

Skjólið kom sér líka vel um helgina þegar vígslan fór fram. Var rigning og rok og hafði Einar K. Guðfinnsson það á orði að vel væri við hæfi að sjávarútvegsráðherra sæi um vígsluna því ágjöfín væri svo mikil.

Brynjólfur Jónsson segist vona að opinn skógur í Tröð verði vel heppnaður og að svæðið bjóði upp á mikla möguleika. „Á svæðinu er vaxandi ferðamennska, þjóðgarður og fleira sem fer vel saman,“ segir Brynjólfur.



FRÁ OPNUM OPINS SKÓGAR Í TRÖÐ Einar K. Guðfinnsson sá um vígsluna, sem þótti vel við hæfi enda stóð sjógangurinn eiginlega alla leiðina inn í skóginum.





# ENSKI BOLTINN BYRJAR 19. ÁGÚST!

AÐEINS SKJÁRSPORT SÝNIR ÞÉR ENSKA BOLTANN  
Í BEINNI Á 5 STÖÐVUM SAMTÍMIS

Á SKJÁSPORTI GETUR ÞÚ VALIÐ ÞÁ LEIKI  
SEM ÞÚ HEFUR ÁHUGA Á

VERTU MEÐ Í VETUR OG SJÁÐU ALLA LEIKINA FYRIR  
AÐEINS 1.990 KR. Á MÁNUÐI

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT NÚNA Í SÍMA **800 7000**  
EÐA Í NÆSTU VERSLUN SÍMANS




SKJÁRSPORT



## Svona erum við

> Erlendir gestir til Íslands með Norrænu



Heimild: Ferðamálastofa

# baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL GREINING: IP-TALA

## Heimilisfang tölva á internetinu

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hefur nær tuttugu milljónum króna verið stolið af reikningum fólks hér á landi að undanfögnu gegnum heimabanka. Við rannsókn málsins notast lögregla við IP-tölur, sem auðkenna tölvur á internetinu.

### Hvað er IP-tala?

IP-tala er einkvæm tala sem tæki nota til að auðkenna sig og hafa samskipti við hvert annað á netinu. Tækin eru oftast tölvur, en prentarar, beinar og fleiri tæki sem hafa samskipti yfir netið hafa einnig sína IP-tölu. Auðvelt er að skilja hvað IP-tala er ef henni er líkt við heimilisfang húss í borg. Líkt og auðkenna má hvert hús með einstöku heimilisfangi þess má auðkenna tölvu á internetinu

með IP-tölu hennar. Hugtakið IP-vistfang hefur einnig verið notað í þessu samhengi, en það er annað nafn á IP-tölu.

### Er hægt að tengja einstakling við IP-tölu?

Fyrirtækið sem sér um nettengingu notanda getur tengt IP-tölu ákveðinnar tölvu við nafn þess sem greiðir fyrir áskriftina. Mikið er lagt upp úr því að halda þessum upplýsingum leyndum og mega fyrirtækin ekki gefa upp hvaða einstaklingur hefur hvaða IP-

tölu nema heimild lögreglu liggja fyrir. Notendur eru því ekki algjörlega nafnlausir á internetinu. Upplýsingar sem tengja hverja tölvu við notanda liggja fyrir en strangar reglur eru um hver hefur aðgang að þeim.

### Er hægt að falska IP-tölu?

Ekki er hægt að falska IP-tölu sem slíka, en aðferð sem tölvuprótar nota oft er að tengjast í gegnum aðra tölvu. Við það verður mun erfiðara að rekja tenginguna þar sem slóðinni lýkur hjá tölvunni sem tengst er gegnum. Ef sú tölvu er í öðru landi getur fyrirtækið sem sér notanda hennar fyrir nettengingu einfaldlega neitað að gefa upplýsingar um notandann þar sem lögregluheimildir ná ekki út fyrir landsteinana. Hægt er að leysa slík mál í samvinnu við löggæsluþingvöld í viðkomandi landi en það er bæði flókið og tímafrekt.



## SPURT OG SVARÐ

ÞYRLUR LANDHELGISGÆSLUNNAR

### Fimm manna áhöfn við leit

Dómsmálaráðherra hefur sagst vilja fjölga þyrlum Landhelgisgæslunnar um tvær, fá þrjár nýjar og selja TF-LÍF. Geirprúður Alfreðsdóttir er flugrekstrarstjóri Landhelgisgæslunnar.



GEIRPRÚÐUR ALFREÐSDÓTTIR

#### Hversu langt geta þyrlur Gæslunnar flogið?

TF-LÍF hefur lengst flogið um 600 sjómílar, en gæti farið um 235 sjómílar á haf út, hið þar upp tíu manns og flogið til baka með fullnægjandi varaeldsneyti. TF-SIF kemst 400 sjómílar, en gæti farið um 150 sjómílar út, sinnt þar leit og björgun, og flogið til baka.

#### Hversu margi menn bera þær?

TF-LÍF getur borið allt að tuttugu farþega eða sex til níu sjúkrabörur í skemmri flugum. TF-SIF getur borið átta farþega eða tvær sjúkrabörur. Við leit og björgun er yfirleitt fimm manna áhöfn í þyrlunum en í farþegaflugum er hins vegar aðeins þriggja manna áhöfn.

#### Hvað kostar eitt útkall?

Það er mjög erfið að áætla kostnað fyrir útköll því að stór partur af kostnaði er fastur. Þó má áætla að kostnaður af hverju útkalli hlapi á hundruðum þúsunda.

# Átök við eldri borgara eru eins og að deila við foreldra sína

Það var létt yfir fólki í Ráðherrabústaðnum við Tjarnargötu á miðvikudag þegar fjórir ráðherrar ríkisstjórnarinnar og fimm fulltrúar eldri borgara undirrituðu samkomulag um bætt kjör og aðbúnað eldri borgara.

Það er algengara en hitt að nefndir og starfshópar á vegum hins opinbera ljúki störfum seinna en ráðgert er í upphafi. Það kom því talsvert á óvart þegar forsætisráðuneytið boðaði til blaðamannafundar á miðvikudag til að undirrita og kynna samkomulag ríkisstjórnarinnar og Landssambands eldri borgara um bætt afkomu og aðbúnað ellilífeyrisþega.

Nefndin, sem var skipuð í janúar, átti að skila tillögum í haust en þurfti ekki lengri tíma til verksins en svo að hægt var að kynna störf hennar á sólríku júlídegi. Sú staðreynd ber að líkindum vott um góðan vilja stjórnvalda til að gera úrbætur á málefnum aldræðra þótt einnig hafi nýlegir samningar aðila vinnumarkaðarins



BROSIN BREIÐ Ráðherrarnir Magnús Stefánsson, Árni M. Mathiesen, Guðni Ágústsson og Geir H. Haarde voru léttri í lundu á miðvikudag þegar þeir undirrituðu samkomulag við Landssamband eldri borgara um kjör og aðbúnað hinna eldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

stuðlað að því að slegið var í klárinn.

Eldri borgarar og stjórnvöld hafa eldað grátt silfur um áratuga bil. Þetta nýja samkomulag er að hluta til verkefnaáætlun til næstu fjögurra ára og sögðu fundarmenn að með því væru stigin mikilvæg skref. Geir H. Haarde forsætisráðherra kvað heldur fastar að orði um ánægju sína með samkomulagið en Ólafur Ólafsson, formaður Landssambands eldri borgara, sem tók skýrt fram að ekki hefðu allar kröfur náðst. „Nú er fyrsta sporið stigið á væntanlega langri göngu því við verðum svo gömul og erum svo hress,“ sagði Ólafur.

Þegar samningar takast á vinnumarkaði er gjarnan sagt að friður sé tryggður. Fulltrúar eldri borgara segja að slíkur friður sé ekki í höfn, áfram verði gengið eftir kjarabótum. „Þetta er allt of seint og allt of lítið,“ varð einum þeirra að orði.

Það var á Ólafi Ólafssyni að skilja að lóð Sivjar Friðleifsdóttur, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, hefði vegið þungt. „Mér finnst eins og hún sé fyrsti heilbrigðisráðherrann um langa hríð sem virkilega vill sinna þessum málum,“ sagði Ólafur og bætti við að hún ætlaði að láta Landssambandi eldri borgara í té launaðan starfs-



Í ÞUNGUM ÞÖNKUM Ólafur Ólafsson var ekki jafn brosmildur og ráðherrarnir þótt hann segðist ánægður með ýmsa þætti samkomulagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

kraft. „Þá náttúrliga tvíeflumst við,“ sagði Ólafur.

Sjálf var Siv ekki á staðnum enda í sumarleyfi austur á landi. Guðni Ágústsson sat fundinn fyrir hennar hönd og sagði stundina stóra. Líkti hann átökum stjórnvalda og eldri borgara við deilur fólks við foreldra sína og fagnaði því samkomulaginu innilega. Sagði daginn raunar einn þann ánægjulegasta í ráðherratíð sinni. Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra var högværari í orðavali en það orð fer oft af fjármálaráðherrum að þeim

þyki heldur óljúft að stofna til útgjalda fyrir ríkissjóð. „Það verður gaman að fást við að þúsla þessu inn í rammanna,“ sagði Árni en um háar fjárhæðir er að ræða. Þegar kostnaður við þjónustuhluta samkomulagsins, sem nær til fjögurra ára, er lagður saman kemur út að rúmlega 6,3 milljörðum króna verður varið til reksturs og framkvæmda heimahjúkrunar og hjúkrunarheimila. Lífeyrirlutinn 2010 var tæpa átta milljarða árið 2010 þegar allt er komið til framkvæmda. Tæpir fimm milljarðar eru vegna ellilífeyrisþega og rúmir tveir vegna örorkulífeyrisþega.

Talsverðar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi bótakerfis almannatrygginga og kalla þær sumar á breytingu laga.

Tryggingalöggjöfinni hefur oft verið líkt við frumskóg og impraði Ólafur Ólafsson á þeirri staðreynd á fundinum á miðvikudag. Það hann þá að rétta upp hönd sem skildu löggjöfina til fulls og er skemmst frá því að segja að engin fór upp höndin.



#### FRÉTTASKÝRING

BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON  
bjorn@frettabladid.is

# SUMARÚTSALA

## SUMARHÖNNUN 2006 Á ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

á sumarútsölunni sem er í fullum gangi

Láttu drauminn rætast og sparaðu í leiðinni

# ANAS

Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði  
565 7100





# hagstæðustu heildarinnkaupin

## budduvæn tilboð

<p><b>ótrúlegt verð</b></p> <p><b>GÓÐI</b></p> <p><b>959</b> kr/kg.</p> <p>Goða villikryddað lambalæri</p>	<p><b>pú sparar 583 kr/kg</b></p> <p><b>35%</b> afsláttur við kassa</p> <p>BK lambagrillsneiðar purrkryddaðar</p>	
<p><b>frábært verð</b></p> <p><b>GÓÐI</b></p> <p><b>40%</b> afsláttur við kassa</p> <p>Goða grísaríf BBQ Verð með afslætti 779 kr/kg</p>	<p><b>pú sparar 562 kr/kg</b></p> <p><b>GÓÐI</b></p> <p><b>25%</b> afsláttur við kassa</p> <p>Goða nautagrillspjót Verð með afslætti 1.687 kr/kg</p>	<p><b>verðlækkun</b></p> <p><b>pú sparar 431 kr/kg</b></p> <p><b>25%</b> afsláttur við kassa</p> <p>Gourmet hunangsgrís Verð með afslætti 1.293 kr/kg</p>
<p><b>á grillið</b></p> <p><b>559</b> kr/pk.</p> <p>Nýveiddur humar 500gr.</p>	<p><b>flott ífrystinn</b></p> <p><b>GÓÐI</b></p> <p><b>798</b> kr/pk.</p> <p>Goða hamborgarar 10 stk.</p>	<p><b>pú sparar 440 kr/kg</b></p> <p><b>40%</b> afsláttur við kassa</p> <p>BK Ostapylsur Verð með afslætti 659 kr/kg</p>
<p><b>eins og þessi gamli góði</b></p> <p><b>Íslandsfrumsýning í nettó</b></p> <p><b>Kynningarverð</b></p> <p><b>229</b> kr/stk.</p> <p>Íslenskur Feti</p>	<p><b>ótrúlegt verðhrun</b></p> <p><b>79</b> kr/stk</p> <p>Vivana ís</p>	

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur  
Gildistími frá 21. júlí til 23. júlí eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto



**2460** kr.  
kg

Hreindýraframparts  
sneiðar

**1199** kr.  
kg

Krónu lambasteik  
krydduð

**2990** kr.  
kg

Hreindýralæri  
sneiðar

**1189** kr.  
kg

Ali Mexikókryddaðar  
kótiletur - hnakki

**30%**  
afsláttur

Loksins hreindýr  
á góðu verði!

Krónu  
hangikjötssalat

**167**  
kr/stk

Krónu  
skinkusalat

**167**  
kr/stk

Krónu  
eldhúsrúllur

**199**  
kr/stk

Góu tvenna  
Hraun - Æði

**319**  
kr/stk

Nóa kropp  
fata 500gr

**499**  
kr/stk

**25%**  
afsláttur

Rana pasta 4 teg.


Tagliatelle  
Tortelloni  
Lasagne  
Cappaletti

Doritos  
Cool American  
Nacho Cheese

**159**  
kr/stk

Griesson  
gæðakex  
verð frá

**159**  
kr/stk



**Virk  
Sam-  
keppni**



**40%**  
afsláttur

**30%**  
afsláttur

**299** kr. kg  
~~498~~

Krónu 4 grillborgarar m/brauði

**1154** kr. kg  
~~1649~~

Borgarnes Grillpakki grillkjöt, pylsur og salat

Ferskur  
1kg askja  
**249**  
kr/stk

Argentínu  
grillsósar  
**299**  
kr/stk

Hvítlauks  
Grænpiþar  
Koniaks Pipar  
Dijon Estragon  
Sinneps og Graslauks

**Hrefnukjötið**  
komið

Herfnukjöt  
kryddlegið  
**1150**  
kr/kg

Nektarínur  
1kg askja  
**249**  
kr/stk

Argentínu sósar  
á góðu verði

**15%**  
afsláttur


Moulinex Juice  
Master  
safapressa  
**5490**  
kr/stk

EINNOTA GRILL  
Odýrt  
**289**  
kr/stk

Grilláhöld  
í úrvali

Alltaf frábær tilboð alla daga





## landslag

fólkið í landinu

ATVINNUREKANDINN: HÁRHÚS HÖNNU

# Alltaf fjör þegar Hjalti kemur

Það var mikið um að vera í Hárhúsi Hönnu þegar blaðamaður bar að en þá var einnig vinnubúðin opin sem er í sama húsi en rennihurð skilur að. Það var stöðugur straumur í vinnubúðina hjá Sæmundi Jóhannssyni sem þar afgreiðir en hann er eiginmaður Jóhönnu Bjarneyjar Einarsdóttur eða Hönnu. Mesta fjörið var hjá henni enda var Hjalti Þórðarson frá Hróðnjarstöðum þar á spjalli. „Hvenær getur þú tekið hárið af karlinum, Hanna?“ spyr Hjalti. „Það er verst að hún leyfir mér aldrei að borga fyrir þetta eftir að ég hafði tvo hesta í fæði fyrir hana,“ útskýrir Hjalti svo fyrir blaðamanni. „Komdu bara á morgun því þá koma þær Melkorka og Ásgerður með harmonikkurnar,“ segir Hanna og Hjalta líst vel á það enda léttur og hress þrátt fyrir háan aldur. Það er orðið fastur liður að þær stöllum spili á harmonikkunni í Hárhúsinu og er þá yfirleitt kátt á hjalla. En þótt erindi Hjalta sé lokið situr hann og segir

sögu úr sveitinni meðan hann sýpur á kaffi. „Ég hafði aldrei séð fullan mann þegar ég flutti hingað í Dalina úr Grýtabakkahverfi sextán ára gamall. En þá sá ég þá líka liggja fulla hver um annan þveran á Nesvöllum,“ segir hann og hlær en bætir svo einni vísu við.

„Manstu ekki manni minn, mikið ertu gleyminn. Fyrir kæruleysi og klaufaskap kominn ertu í heiminn.“

Spurður hvernig standi á því að Dalamenn eldist svo vel segir Hjalti: „Ætli það sé ekki sérríði eða rauðvinið. Þetta er ósköp hollt.“ Hann ætlaði þó ekki að versla hjá Sæmundi að þessu sinni. „Ég er að mála þakið hjá mér, ég gæti bara dottið niður ef ég er eitthvað að staupa mig,“ segir hann og hlær.



Hjalti Þórðarson í heimsókn í Hárhúsi Hönnu.

### STAÐURINN

TÖLUR OG STAÐREYNDIR



## Búðardalur

Íbúafjöldi í desember 2005: 258

Íbúafjöldi í desember 2003: 246

Sveitarfélag: Dalabyggð

Sveitarstjóri: Gunnólfur Lárusson

Íbúafjöldi í Dalabyggð: 638

Helstu atvinnufyrirtæki: MS Búðardal, Dalakjör, Veitinga- og gistiheimilið Bjarg

Skólar: Grunnskólinn í Búðardal, Leikskólinn Vínabær, Tónlistarskóli Dalasýslu

Vegalengd frá Reykjavík: 153 km

# Það er bjart í skugga forfeðranna

Eflaust bíður margra mikið brúðarval þegar þeir koma til Búðardals. Jón Sigurður Eyjólfsson kom reyndar og fór ógiftur en öllu sælli enda var veður bjart og hlýtt, rétt eins og viðmót Dalamanna.

Sagan býr í hverjum hól í Dalabyggð og eru sveitungar velflestir meðvitadír um það. Auður djúpuðga nam land við Fellsströndina sem blasir við frá Búðardal, Leifur heppni fæddist í Haukadalinum og svo er Svinadalurinn eins og leiksvið þar sem menn sjá í huga sér umsátrið þegar stórhetjan Kjartan vafraði einn um dalinn og gaf svo upp öndina í örmum Bolla vinar síns eftir hetjulegan bardaga.

Dalamenn eru farnir að nýta sér þessa fornu frægð í þágu ferðabjónustunnar og nú er blómleg starfsemi á Eiríksstöðum í Haukadali þar sem er bær álfka þeim sem Eiríkur rauði bjó í, áður en hann komst í úti-stöður við Haukdælinga og varð að flýja í Breiðafjörðinn, þaðan sem hann fór svo til Grænlands.

En ekki lifa Dalamenn af sögunni einni saman. Í Búðardal er mjólkursamlag sem er stærsti vinnustaðurinn í sveitarfélaginu. Þar eru veglegustu ostar landsins búnir til.

### Útgerð í Búðardal

Þótt flestir hafi farið í gegnum



ÚR LAXDÆLU Í PYLSUVAGNINN Heiða Berg Þorvaldsdóttir lék Guðrúnu Ósvífursdóttur í leikriti skólans svo eflaust beitir hún kvenlegum klækjum til að fá menn til að pulsa sig upp.

Búðardal vita mun færri að í þorpinu er lítill höfn. „Eitt það fyrsta sem ég barðist fyrir þegar ég kom hingað sem aðstoðarmaður sveitarstjóra fyrir níu árum var að gera hér höfn og hafnar-mynni,“ segir Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri. „Ég sé mörg tækifæri hérna við Hvammsfjörðinn,“ segir hann svo hugs og horfir út á fjörðinn og líklega horfir hugur hans til barnskólóða í Vestmannaeyjum. „Hér er tilvalið að vera með seglskútur, kajaka og sjóstangveiði,“ segir hann líkt og annars hugar. Þá

kemur hann auga á Óskar Pál Hilmarsson, sem er að gera að grásleppu og þorski á bryggjunni. „Segðu svo að það sé ekki útgerð í Búðardal,“ segir hann og er rokinn í slorið.

Óskar Páll hafði farið með útgerðarmönnum frá Skarðsströnd í lítinn túr og var hann settur í land við höfnina í Búðardal með hlutinn sinn, svo ekki er um mikla útgerð að ræða. En Eyjapeyinn var kátur að sjá afla koma á land í sveit sinni. Ef til vill á hann eftir að gera Búðardal að sjávarþorpi.

### Guðrún Ósvífursdóttir í pylsuvagninum

Við höfnina er gamla kaupfélags-húsið en þar er verið að vinna að því að opna Leifssafn. „Við erum bara búnir að taka yfir alla fjölskyldu-meðlimina og gera þá að Dalamönnum,“ segir sveitarstjórinn, en á Eiríksstöðum er kirfilega gætt að því að ferðamenn láti ekki framhjá sér fara að Leifur heppni hafi fæðst í Haukadali, hvað sem tautar og raular.

Við aðalgötu bæjarins, þar sem ferðamenn keyra í gegnum bæinn, stendur svo myndarlegur pylsuvagn. „Þetta er einn elsti pylsuvagninn á landinu,“ segir Heiða Berg Þorvaldsdóttir meðan hún gerir eina með öllu af mikilli fagmennsku. „Hann var lengi fyrir utan Laugar-dalslaugina í Reykjavík en hann hefur verið hérna í Búðardal í rúman mánuð.“

Ágluggavagnsins eru pylsumetin tíunduð og má þar sjá að ókunnur maður hafi sett met fyrir nokkru og borðað átta pylsur. Skömmu síðar kom svo heimamaðurinn Stefán og sló metið með því að sporðrenna níu pylsum.

Heiða Berg segir jafnaldra sína meðvitaða um sögu sveitar sinnar. „Það er líka mikið gert úr þessu í skólanum. Til dæmis var sett upp Laxdæluleikrit í fyrra.“ Svo roðnar hún þínulítið áður en hún kemur með játninguna, „og reyndar lék ég Guðrúnu.“



Afl





ÚTGERÐARMAÐURINN OG SVEITARSTJÓRINN Gunnólfí fannst hann vera kominn aftur á bernskuslóðir þegar Óskar Páll kom með aflann sinn að landi í Búðardal og fór að gera að honum.

#### Veitingamaðurinn berdreymni

Vilhjálmur Ástráðsson veitingamaður keypti pylsuvagninn en aðdragandinn var nokkuð stuttur og undarlegur. „Mig dreymdi það að ég hefði keypt pylsu í pylsuvagni hér í Búðardal,“ segir hann. „Þá fannst mér að ég yrði endilega að kaupa pylsuvagn hingað. Ég lét hendur standa fram úr ermum en mig dreymdi þetta á sunnudegi og á þriðjudegi var ég búinn að kaupa pylsuvagninn. Og þetta gengur bara vel, við erum að selja svona fjörutú og upp í hundrað pylsur á dag.“

Vilhjálmur rekur veitinga- og gistihúsið Bjarg en þar er einnig vídeóleiga. Þegar blaðamaður var að spjalla við Villa, eins og hann er kallaður, kemur Þórður Ingólfsson læknir með DVD-disk til að skila. „Þessi mynd er mjög góð en ekki horfa á hana með konunni,“ segir læknirinn. „Nú, hvað ertu að segja,“ segir Villi og mikill áhugi vaknar skyndilega fyrir myndinni, sem heitir Match Point og er eftir Woody Allen.

Þórður segir að það sé rólegheitavinna að vera læknir í Dalabyggð. „Það eru allir svo hraustir að maður hefur ekkert að gera. Þess vegna er ég nú hérna að ná mér í mynd hjá Villa,“ segir hann og brosir við.



SÁ RAUÐI Á EIRIKSSTÖÐUM MEÐ MÓÐUR SINNI Jökull Steinar Ólafsson tekur sig vel út á Eiríksstöðum með sína rauðu lokka. Móðir hans Sigrún Sóley Jökulsdóttir er frá Vatni í Haukadal líkt og kvenkosturinn sá sem fékk Eirík þangað í sveit.

#### Leikur Eirík rauða á sumrin

Þegar blaðamaður kom að Eiríksstöðum voru þau mæðgin Sigrún Sóley Jökulsdóttir og Jökull Steinar Ólafsson að hita upp í bænum. Jökull Steinar er svo rauður á hári að Eiríkur virðist ekki langt undan þótt aldir skilji að. „Þegar Sigurður bróðir minn er að segja ferðamönnum sögu Eiríks á hann það til að taka sér skáldaleyfi,“ segir Sigrún Sóley. „Þá getur hann rakið ættir okkar beint til Eiríks hins rauða og það finnst Bandaríkjamönnum sérstaklega tilkomumikið.“

Jökull Steinar segir það dálítið undarlega sumarvinnu að leika Eirík rauða en hann lærir þá enskuna betur en ella og á hann orðið í engum erfiðleikum með að spjalla við ferðamenn.

Á heimleiðinni má sjá veiðimenn með stöng í vatni eða á og hægt er að sjá fyrir sér söguna í hverjum hól. ■



LÆKNIRINN OG ATHAFNAMADURINN Dalamenn eru svo hraustir að læknirinn getur gleymt sér yfir bíómyndum frá Villa á Bjargi. Þórður gaf það læknisráð að ekki væri hollt að horfa með eiginkonunni á Woody Allen-myndina sem hann var að skila.

## VILJUM VIÐ VÆNDI Á ÍSLANDI ?

### REYKJAVÍKURSUND 2006

### GEGN MANSALI

### LAUGARDAGINN 22. JÚLÍ

Laugardaginn 22.júlí nk. mun Benedikt synda ósmurður í kringum Reykjavík í þremur áföngum, eða rúmlega 20 kílómetra leið í köldum sjó á einum degi, ttwil að vekja athygli almennings á skuggahliðum alþjóðlegrar klámvæðingar, einkum mansali.

**SAMEINUMST UM FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR GEGN MANSALI OG ANNARRI KYNLÍFSVERSLUN MEÐ FÓLK.**

**ÞÚ !**

**GETUR LAGT ÞITT AF MÖRKUM MEÐ ÞVÍ AÐ HRINGJA Í ÁHEITANÚMER REYKJAVÍKURSUNDS 2006:**

**905 20 20**

**1.500 KRÓNUR VERÐA ÞÁ GJALDFÆRÐAR AF SÍMREIKNINGI ÞÍNUM**

**OG / EÐA 562 3500**

**OG HEITID Á AÐ BENEDIKT KOMIST ALLA LEIÐ MEÐ FRJÁLSUM FRAMLÖGUM**

**ÁGÓÐINN RENNUR Í SJÓÐ SAKLEYSIS SEM ÆTLAÐ ER AÐ STYÐJA FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR GEGN MANSALI OG ÖÐRUM SKUGGAHLIÐUM ALÞJÓÐLEGRAR KLÁMVÆÐINGAR.**

**VERNDARI SJÓÐSINS ER GUÐRÚN AGNARSDÓTTIR, LÆKNIR OG FORSTJÓRI KRABBAMEINSFÉLAGS ÍSLANDS.**





# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
PORSTEINN PÁLSSON

Aðgerðir í þágu aldraðra:

## Skynsamlegar kerfisbreytingar

Mála sannast er að ástæða er til að fagna niðurstöðu í viðræðum ríkisstjórnarinnar við samtök eldri borgara. Hún felur í sér ákvarðanir og fyrirheit um lagabreytingar sem verulega munu bæta stöðu bótþega almannatrygginganna. Óumdeilt hefur verið að staða eldri borgara hefur ekki verið í samræmi við réttmætar skuldbindingar samfélagsins við þá borgara sem með vinnu sinni og hugviti lögðu grunninn að þeirri hagsæld sem Íslendingar búa við í dag.

Viðfangsefnið er engan veginn einfalt. Úrræðin eru að sama skapi fjölbætt. Þó að samkomulagið feli í sér sátt mun ugglaut ekki líða á löngu þar til ný úrlausnarefni blasa við á þessu sviði. Á þessari stundu er hitt þó mest um vert að einhugur ríkir um það sem fært þykir eins og sakir standa.

Aðgerðirnar felast meðal annars í hækkingu lífeyrisgreiðslna almannatrygginga. Segja má að það sé venju samkvæmt afleiða nýgerðra kjarasamninga. Óeðlilegt hefði verið að draga ákvörðun þar um á langinn.

Önnur atriði fela í sér einföldun bótakerfisins og lækkingu skerðinga vegna annarra tekna eða tekna maka. Þá er tekið upp frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega. Enn fremur er ráð fyrir því gert að starfslok verði sveigjanlegri. Þannig getur lífeyrir hækkað með frestun á töku hans.

Samkomulagið felur einnig í sér að meiri áhersla verður lögð á heimajónustu við aldraða. Jafnframt geymir það fyrirheit um verulega aukna fjármuni til framkvæmda við öldrunarstofnanir og hjúkrunarrými.

Með nokkrum rétti má segja að gildi samkomulagsins til lengri framtíðar sé annað og meira en ákvörðun um fleiri krónur í tiltekinn málaflökk. Um margt felur það í sér nýja stefnumörkun og kerfisbreytingu. Áhrif þeirra breytinga eru ef til vill mest um verð.

Engum vafa er undirorpið að við öll tryggingakerfi af þessu tagi þarf að hafa í huga að þau letji ekki til atvinnuþátttöku. Því er það fagnaðarefni að með þessum breytingum er stefnt að því að kerfið örvir fremur en hitt þá sem hlut eiga að máli til eigin tekjuöflunar.

Frítekjumark vegna atvinnutekna er þáttur í þessari kerfisbreytingu. Áform um sveigjanlegri starfslok þjóna sama tilgangi. Breytingar af þessu tagi eru ekki aðeins heilbrigðar heldur einnig réttlátar.

Tekjutenging tryggingabóta hefur ávallt verið viðkvæm. Eins og þjóðfélagið hefur þróast helgast hún þó að ákveðnu marki bæði af réttlæti og nauðsyn. Fjármunina þarf að nota í þágu þeirra sem verst eru staddir. Tekjutengingin er leið til að afmarka þann hóp.

Eigi að síður er það svo að um sumt hefur verið gengið of langt í því að tekjutengja bætur. Áformaðar breytingar í þeim efnun sýnast í því ljósi vera skynsamlegar.

Af kögunarhóli almennra réttlætissjónarmiða hefur skerðing á bótum til öryrkja vegna tekna maka þeirra verið miklum tvímælum undirorpin svo ekki sé tekið dýpra í árinni.

Þegar á heildina er litið hefði ríkisstjórnin gjarnan mátt ganga feti framur að því er þennan afmarkaða þátt varðar. Best væri að hann heyrði sem fyrst með öllu sögunni til. Úr því má bæta við meðferð málsins á þingi.

Ákvarðanir sem þessar eru vitaskuld á ábyrgð ríkisstjórnar. Samkomulag þar um felur fyrst og fremst í sér að undirbúningur er vandaður og þeir hafa haft nokkuð um þau mál að segja sem eldurinn brennur heitast á. Það er gott verklag.

## Hjólhýsi

tilbúin til afhendingar strax!



Eigum ýmsar gerðir af **TABBERT** hjólhýsum tilbúin til afhendingar strax. Komdu og kynntu þér úrvalið!



www.seglagerdin.is Eyjarslóð 5, sími 511 2200

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Skýrslurnar streyma inn

Í vikunni sem er að ljúka hefur drjúgur tími Geirs H. Haarde forsætisráðherra farið í að tala um skýrslur; annars vegar skýrslu matvælaerðsnefndar og hins vegar skýrslu Ásmundarnefndarinnar um bætt kjör og aðbúnað eldri borgara. Báðar voru skýrslurnar unnar að beiðni Halldórs Ásgrímssonar, sem sat ekki nógu lengi í embætti til að taka við þeim. Enn á Geir eftir að fá í hendur skýrslur nefnda sem Halldór kom á legg.



Nefnd sem greina á vanda sem tengist óhollu mataræði, offitu, átröskun og hreyfingarleysi á eftir að skila af sér, sem og nefnd um alþjóðlega

fjármálastarfsemi á Íslandi og nefnd um stöðu fjölskyldunnar. Tvær hinar fyrrnefndu áttu þegar að vera búnar að skila af sér samkvæmt skipunarbréfi en engin tímamörk eru á störfum fjölskyldunefndarinnar.

#### Afmæli

Á 75 ára afmælisári almenningsgangana á höfuðborgarsvæðinu ákveður stjórn Strætó bs. að draga úr þjónustu við farþega í nafni sparnaðar. Árið 1931 hóf fyrirtækið Strætisvagnar Reykjavíkur hf. starfsemi og var það í einkaeigu. Var í fyrstu ekið á einni leið - Lækjartorg-Kleppur. Reykjavíkurborg tók við rekstrinum á lýðveldisárinu en árið 1993 dró næst til tíðinda þegar borgin gerði Strætisvagnana að hluta-

félagi. Reykjavíkurlistinn, sem komst til valda ári síðar, lét það svo verða sitt fyrsta verk að snúa rekstrinum úr hluta-félagiforminu og aftur í hefðbundinn stofnanarekstur. Fyrir fimm árum runnu Strætisvagnarnir svo saman í Strætó bs. ásamt Almenningsvögnum.

#### Hmm

„Halldór Ásgrímsson hefur í raun gefið reitur Framsóknarflokksins í hendur Sjálfstæðisflokknum í svo rammlega reyra þróun að flokkurinn hefur um enga kosti að velja.“ Samfylkingarfólki hefur stundum verið legið á hálsi að tala óskýrt. Ofangreind tilvitnuð orð ritar Jóhann Ársæls-son, þingmaður flokksins, á vef sinn jarsælsn.is. Ekki verður á þeim séð að flokksmenn hafi markað sér nýja stefnu um skýrari talsmáta. bjorn@frettabladid.is

## Bætum kjör láglaunafólks!

Íslendingar eru lausir við margvíslegan vanda annarra þjóða. Hér er almenn velmegun, og menn þurfa ekki að óttast um öryggi sitt. En á velmegun okkar er þó skuggahlið. Það er erfitt að vera fátækur á Íslandi. Verðlag hér er allt of hátt, sérstaklega á matvælu og öðrum nauðsynjum. Samkvæmt skýrslu norræns samkeppnisfirlits frá árslokum 2005 var matvælaerð hér 42% hærra að meðaltali en í löndum Evrópusambandsins. Sjálfur finn ég óþyrmilega fyrir háu matvælaerði hér eftir háls árs dvöl erlendis. Ég hristi stundum höfuðið úti í búð.

Rúmlega tvítug stelpa utan af landi vill kynnast karlmanni, 25-35 ára, með vináttu og e.t.v. fleira í huga. Engin skyndikynni. Auglýsingu hennar má heyrja á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8968.

Ný og mjög spennandi upptaka í Sögum Rauða Torgsins. Þú heyrir þessa upptöku (og um 400 aðrar) í síma 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 19,90 mín), upptökunr. 8473.

Fimmtugur karlmaður vill kynnast karlmanni með nán kynni í huga. Auglýsingu hans má heyrja á Rauða Torginu Stefnumót, sími 905 2000 (símatorg) og 535 9920 (Visa, Mastercard), kr. 199,90 mín, augl.nr. 8439.

Dömunar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og sýnbreyttur hópur yndislegra kvenna. Hvaða dama verður vinkona þín í kvöld? Undanfarið hafa rúmlega tíu dömur verið að leika sér í ljúfu símaspjalli! Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535 9999 (Visa, Mastercard, ódýrara, kr. 199,90 mín).

Hefur þú farið á stefnumót nýlega? [www.stefnumot.is](http://www.stefnumot.is)

**TANTRA**  
EROTISK VERSLUN

LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLBLEDNA

OPÍD MÁN - FÖS 12:00 - 20:00  
OG LAUGARD, 12:00 - 18:00

ÉKAKEFNI 11  
HILÐASMÁRA 13

SÍMI 588 6969 / 587 6969  
WWW.TANTRA.IS

Vinsælasta stefnumótalína landsins!



**Konur: 555-4321 (fritt)**  
**Karlar: 905-2000 (199,90)**  
**Karlar: 535-9920 (199,90)**  
**Karlar: 535-9923 (fritt)**

**Spjöllum saman!**



**Konur (fritt): 555-4321**  
**Karlar (19,90): 535-9940**  
**Karlar (39,90): 904-5454**

ATVINNA

**Starfsmaður óskast**  
Upplýsingar í síma 553-0440.  
Smurstöðin Klöpp, Vegmúla



**allt** atvinna

Alla sunnudaga

Reykjavíkurborg Velferðarsvið




## Styrihópur um uppbyggingu búsetuúrræða fyrir eldri borgara í Reykjavík óskar eftir samstarfi

**Borgaryfirvöld í Reykjavík hafa ákveðið að vinna að auknum og bættum búsetuúrræðum fyrir eldri borgara í Reykjavík á komandi kjörtímabili. Lögð verður m.a. áhersla á eftirtalin forgangsverkefni:**

- Uppbyggingu þjónustu- og/eða öryggisíbúða í tengslum við þjónustukjarna.
- Uppbyggingu söluíbúða og þjónustu- og/eða öryggis íbúða með þjónustukjörnum þaðan sem hægt er að veita fjölþætta heimaþjónustu.
- Byggingu hjúkrunarheimila í eldri og nýjum hverfum borgarinnar.

Af þessu tilefni er auglýst eftir samstarfsaðilum varðandi uppbyggingu búsetuúrræða fyrir eldri borgara í Reykjavík. Einkum er horft til samstarfs við sjálfseignarstofnanir, félag eldri borgara, samtök launþega og aðra hagsmunaaðila sem hafa reynslu af uppbyggingu búsetuúrræða og þjónustu við eldri borgara.

Viðbrögð við auglýsingu þessari sendist sviðsstjóra Velferðarsviðs, Láru Björnsdóttur, Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík fyrir 27. júlí 2006.

HEILSA

LÍKAMSRÆKT

ÞJÁLFUN

SNYRTISTOFA

HJÓL

JÓGA

RÁÐGJÖF

HEILSUMATUR

SNYRTISTOFA

**allt**

... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

**visir** ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Markaðsdeild 365 leitar að metnaðarfullum einstaklingi með brennandi áhuga á fjölmiðlum, einkum öllu því sem tengist heimi sjónvarpsins. Við leitum að einstaklingi sem allt í senn getur starfað sjálfstætt, er hugmyndaríkur, vel ritfær og tilbúinn að takast á við spennandi starf sem tengist kynningu á sjónvarpsefni og starfsemi 365.

Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslenskri tungu, vera opinn fyrir krefjandi og fjölbreyttum verkefnum og geta starfað vel í hópinnu. Æskilegt er að viðkomandi hafi starfað við fjölmiðla og sé með háskólamenntun. Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafía B. Rafnsdóttir starfsmannastjóri 365 í síma 550 5000. Umsóknir berist á netfangið [spennandi@365.is](mailto:spennandi@365.is).







## Hrísabrekka 15

Svínadalur

Opið hús sunnudag frá 17 - 18

erð: 12.500.000

Stærð: 53 fm  
Fjöldi herbergja: 3  
Byggingarár: 2005

Nýtt 53 fm sumarhús á falletum útsýnisstað í Svínadal. Húsið er vel byggt og stendur á 6 steinsteyptum þversökkklum. Grunnflötur er 53 fm en auk þess er svefnloft sem er u.þ.b 30 fm. Húsið skiptist í forstofu sem er með flisum á gólfu, hol einnig með flisum á gólfu, stofu, eldhús og tvö svefnherbergi með parketi á gólfum. Badherbergi er með sturtuklefa og flisum í hóf og gólf og í geymslu er 200 lítra hitakútur. Stór verönd og nuddpottur. Húsið stendur á 4100 fm leigulóð.

RE/MAX  
LIND

Póririnn  
Jónsson hdl.  
lögg. fasteignasali

Stella  
Sölvastrá  
892 3392  
stella@remax.is

# MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

## Sögurnar, tölurnar, fólkíð.



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

Það er gott að  
búa á austurlandi

## Melgerði 7, Reyðarfjörður.

TIL SÖLU  
& LEIGU



### 2., 3. og 4. herbergja íbúðir

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Íbúðirnar afhendast tilbúnar án gólfefna. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð. Íbúðirnar verða afhentar kaupendum á árinu 2006 og 2007

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

2 herb. verð frá  
KR. 12.950.000\*


3 herb. verð frá  
KR. 16.550.000\*

4 herb. verð frá  
KR. 18.750.000\*

\* Verðlisti miðaður við vititölu byggingarkostnaðar fyrir mars 2006 (325,3)

ffa  
FASTEIGNAFÉLAG  
AUSTURLANDS  
567 3400

HÖL  
Tákn um traust  
475 8000



Nánari upplýsingar á netinu: [www.nmedia.is/ffa](http://www.nmedia.is/ffa)

Fasteignafélag Austurlands ehf. · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

# Casa Firma

Fasteigna- firma- & atvinnutækjasala. Guðmundur Þórðarson hdl., löggildur fasteignasali  
Hlíðasmára 14, 201 Kópavogi. Veffang: [firmus.is](http://firmus.is). Sími : 517 2600; fax : 517 2604

## TVÆR GLÆSILEGAR EIGNIR VIÐ VESTURGÖTU OPIÐ HÚS Í DAG KL. 16.00 - 18.30

GLÆSILEGAR OG VAND-  
AÐAR NÝUPPGERÐAR  
ÍBÚÐIR Í HJARTA BORG-  
ARINNAR. FRÁBÆR  
STAÐSETNING, ÝMSIR  
MÖGULEIKAR. BÍLA-  
STÆÐI FYLGIR HVORRI  
ÍBÚÐ. Íbúðirnar eru hæð  
og kjallari, hátt er til  
lofts og vítt til veggja.  
Eikarparket og náttúru-  
flísar á gólfum, halógen  
lýsing. Eldhús er opið  
inn í setustofu, eldhús-  
tæki, háfur og ísskápur  
úr stáli. Badherbergi  
með bæði nuddbaðkari  
og sturtuklefa. Sjón er  
sögu ríkari.



### TVÆR HÆÐIR Í LITLU FJÖLBÝLI

Heimilisfang: Grófin 1, 101 Rvk.

Stærð og skipting eignar:

01 0101 - íbúð 149,4 fm

verð: 47.6millj.

01 0201 - íbúð 154,7 fm

verð: 49.6millj.

Byggingarefni: Steinsteyp

EINNIG EINSTAKT FYRIR T.D. ARKITEKTA, AUGLÝSINGA-  
STOFUR OG LÖGFRÆDISTOFUR AÐ VERA ÞARNA MEÐ  
STARFSSTÖÐ.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á NETINU: [WWW.MBL.IS](http://WWW.MBL.IS) - FASTEIGNIR - GRÓFIN

ODDNÝ - FASTEIGNARÁDGJAFI HJÁ CASA FIRMA SÝNIR EIGNIRNAR OG GEFUR UPPLÝSINGAR UM ÞÆR  
GSM: 861-2140 + ODDNY@FIRMUS.IS



# Bann við okri á dráttarvöxtum

## UMRÆÐAN DRÁTTARVEXTIR



### JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR ALPINGISMAÐUR

Það er auðvitað ekkert annað en okur að dráttarvextir hér á landi séu 23,5% og vextir af yfirdráttarlánum litlu lægri eða yfir 22%. Á einungis 6 mánuðum hafa dráttarvextir hækkað um 6%. Þessir vextir hafa á umliðnum árum vegið afar þungt í fjárhag skuldugra heimila og iðulega komið í veg fyrir að þau gætu unnið sig út úr fjárhagskröggum, en yfirdráttarlánin og vextir af þeim og vanskilum skapa ákveðinn

vítahring. Þannig hefur fjöldi skuldugra heimila í miklum fjárhagserfiðleikum lent í því að geta ekkert greitt niður af höfuðstól skulda og einungis getað með striti og erfiði greitt niður dráttarvexti, en hlutfall dráttarvaxta af höfuðstól lána er oft gríðarlega hátt. Fjöl margar fjölskyldur hafa misst heimili sín og fyrirtæki farið í gjaldþrot vegna þessa okurs.

### Óheimilt framsal valds frá Alþingi til Seðlabanka

Dráttarvextir eru samsettir af vöxtum algengustu skammtímalána Seðlabankans til lánastofnana að viðbættu svokölluðu vanefndaálagi sem ákveðið er af Seðlabanka. Bankinn hefur svigrúm til að ákveða vanefndaálag á bilinu frá 7% til

15%. Athyglisvert er að talsmaður neytenda telur að slíkt framsal lög-gjafarvalds til Seðlabanka standist ekki og að hann hafi svo vítt svigrúm til að ákveða vanefndaálag. Full ástæða er til að íhuga hvort það okur sem viðgengist hefur á dráttarvöxtum kalli ekki hreinlega á lög um bann við okri og athugun á því hvort Seðlabankinn hafi ekki misfarið með það vald sem hann hefur til dráttarvaxtatöku. Í dönskum og sænskum lögum svo dæmi sé tekið hefur Seðlabankinn þar ekki slíkt svigrúm eins og Seðlabankinn á Íslandi hefur. Í þeim löndum er vanefndaálagið fastbundið með lögum 7% í Danmörku og 8% í Svíþjóð, enda eru dráttarvextir á Norðurlöndum innan við 10% á sama tíma og þeir eru hér 23,5%.

Á Alþingi hafa nokkrir þingmenn Samfylkingarinnar flutt frumvarp um að þrengja það svigrúm sem Seðlabankinn hefur til vanefndaálags. Með þeirri leið má ætla að dráttarvextir og vextir af yfirdráttarlánunum muni lækka um 2-3%. Það hefði þau áhrif að vextir af yfirdráttar- og vanskilalánunum heimilanna gætu á 12 mánaða tímabili lækkað um 1-1,2 milljarða króna og af lánunum fyrirtækjum um 1,3-1,5 milljarða kr. Það gæti skipt sköpum fyrir smærri fyrirtæki og heimili í fjárhagserfiðleikum.

### Seðlabankinn fer offari

Með þeirri leið sem við í Samfylkingunni leggjum til er ekki verið að skerða samningsfrelsi aðila í viðskiptum. Aftur á móti eru

ákvarðanir varðandi dráttarvexti lögbundnar, þ.m.t. það víða svigrúm sem Seðlabankinn hefur til að ákveða dráttarvexti. Því þarf lög-gjafinn að láta málið til sín taka þegar Seðlabankinn hefur keyrt úr öllu hófi varðandi ákvörðun dráttarvaxta. Eðlilegt er líka að setja vöxtum á yfirdráttarlánunum ákveðnar skorður enda lítill munur orðinn á vöxtum af yfirdráttarlánunum og vanskilum. Spurning er líka hvort það standist lög eins og talsmaður neytenda bendir á að fram-selja svo mikinn sveigjanleika í ákvörðun dráttarvaxta til Seðlabankans. Með þeirri leið sem við í Samfylkingunni viljum fara er reynt að stilla dráttarvöxtum í hóf en áfram er skapaður nægjanlegur hvati til skilvísí.



### Habakúk og Mogginn

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins fjallar um átökin [fyrir botni Miðjarðarhafs] í leiðara blaðsins í gær. Það sem stíngur nokkuð í augun er setning, sem ekki verður lesin öðruvísi en svo að um sé að ræða viðvörn Morgunblaðsins til Ísraelsmanna. Vitnað er beint í Habakúk spámann sem varar við ofríki gegn Líbanon, enda muni Guð hefna grimmilega þeim sem dirfast slíkt. [...] Nú er það svo að auðvitað má finna ýmislegt í ritum Biblíunnar, bæði Gamla og Nýja testamentinu. Það er hins vegar spurning hvort leiðarahöfundur Morgunblaðsins er tilbúinn að taka undir allt sem þar stendur, -jafnvel þótt það eigi vel við ástandið eins og það er í dag.

Vefþjóðviljinn á andriki.is

### Skiljanleg ósamkvæmni

Fyrir hvern þann sem telja má félagslegan umbótamann og berst fyrir siðferðilegum eða pólitískum hugsjónum er einfaldlega fullkomlega eðlilegt að hann sé ósamkvæmur sjálfum sér. Hver sá sem vill breyta ríkjandi skoðunum og viðmiðum verður eðli málsins samkvæmt að vinna að einhverju leyti innan þess kerfis sem hann vill breyta. Þess vegna er einhvers konar ósamkvæmni skiljanleg og ef til vill nauðsynleg. En þetta er ekki það sama og hræsní.

Gunnar Sigvaldason á murinn.is

### Glöggur

Glöggur stjórnmalárynnandi hafði á orði við mig, þegar fréttir bárust af undirritun samkomulagsins við eldri borgara, að nú færi aldeilis að þrengjast um baráttumál hjá stjórnarandstöðunni, hvert stórmálið eftir annað væri að leysast í góðri sátt við ríkisstjórnina. Samfylkingarfólk hefur skynjað þessa þróun og er farið að rifast innbyrðis um það, hvort það eigi að biðla til Sjálfstæðisflokksins eða ekki. Björgvin G. Sigurðsson, þingmaður Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi, er meira að segja hættur að skrifa greinina sína um brottfall úr framhaldsskólum og er þess í stað farinn að rifast opinberlega við Margréti S. Björnsdóttur, hugmyndafræðing Ingibjargar Sólrúnar.

Björn Bjarnason á bjorn.is

### Ekki nógu vænisjúkur

Þegar við kynntum heimasiðu [samtakanna SPES] með aðstoð hins ágæta forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, var þess getið allsstaðar - m.a. á forsiðum Blaðsins og Morgunblaðsins - og Stöð 2 gerði bæði frétt og fjallaði um málið. Ríkisútvarpið, bæði útvarp og sjónvarp, sá enga ástæðu til að geta þessa. Og nú endurtekur þetta sig. Ansi er þetta skriftið og dapurleg frammistaða hjá RÚV. Sumir vina minna telja að samtökin séu þarna að gjalda þess að formaður Íslandsdeildarinnar var einn harðasti andstæðingur háeffunar RÚV sem umdeild var mjög í vetur - en ég er ekki nógu vænisjúkur til að trúá því. En RÚV sinnir samfélagslegu hlutverki sínu undarlega á stundum - einsog þetta dæmi sýnir svo ekki verður um villst. Þarna eru einkamiðlarnir að standa miklu betur undir upplýsingaskyldum sínum gagnvart jákvæðu framtaki í samfélaginu.

Óssur Skarphéðinsson á hexia.net/roller/page/ossur/

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



### „Hvað er með Ásum?“

Ævintýraferð í goðheima fyrir alla fjölskylduna. Goðastyttur Hallsteins Sigurðssonar við texta Árna Björnssonar, þjóðháttafræðings.

Laxárstöðvar í Aðaldal




### Orka í iðrum jarðar!

Heimsækið gestastofuna í Kröflu, sjáid myndir frá Kröfluleidum. Kynnið jarðvarma og orkuvinnslu.

Kröflustöð í Mývatnssveit

**Sumarið er okkar tími!**  
Tilvalið að líta inn



### Með krafta í kögglum!

Sýning á myndum Halldórs Péturssonar listmálara við Grettissögu. Kynnið ykkur orkumannvirki sem kemur á óvart.

Blöndustöð, Húnapiingi



### Kynnið Kárahnjúkavirkjun!

Upplýsingar um Kárahnjúkaframkvæmdirnar ásamt ferðamennsku og útivist norðan Vatnajökuls. Góður viðkomustaður áður en haldið er upp á Fljótsdalsheiði.

Végarður í Fljótsdal



### List og saga

„Andlit Þjórsdæla – mannlíf fyrr og nú“. Einnig málverkasýning Hlífars Snæbjörnssonar, athyglisverð sölusýning á landslagsmálverkum.

Sultartangastöð ofan Þjórsárdals



### Ísland í augum innflytjenda

Hvaða sýn hafa innflytjendur á land og þjóð? Listsýning nokkurra innflytjenda. Skemmtidagskrá margar helgar í sumar.

Ljósafossstöð við Sog

**Landsvirkjun**  
Góðir straumar í 40 ár

Sýningarnar eru opnar alla eftirmiðdaga í sumar  
Nánari upplýsingar á [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is) og í síma 515 9000



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.442 -0,11% Fjöldi viðskipta: 130  
Velta: 374 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ Flaga 4,19%  
Glitnir 0,60%  
Bakkavör 0,41%

## MESTA LÆKKUN

↓ Strau.-Burða. 1,82%  
Atorka 0,96%  
Alfesca 0,71%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,20 +0,32% ... Alfesca 4,20 -0,71% ... Atlantic Petroleum 585,00 +0,00% ... Atorka 6,17 -0,96% ... Avion 33,00 -0,30% ... Bakkavör 48,60 +0,41% ... Dagsbrún 5,55 -0,54% ... FL Group 16,40 -0,61% ... Glitnir 16,90 +0,60% ... KB banki 737,00 +0,00% ... Landsbankinn 21,00 +0,00% ... Marel 72,60 -0,55% ... Mosaic Fashions 17,10 +0,00% ... Straumur-Burðarás 16,20 -1,82% ... Össur 112,50 +0,00%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn...

## Ný og gömul andlit

Það er kunnara en frá þarf að segja að í heimi stórfyrirtækja eru menn áfjáðir í að finna ný andlit á hlutina. Mogginn tók ómakið af Björgólfi Thor í gær og tók andlit hans og setti á Kolkabbann í fyrirsögn. Þetta var ekki Moggaleg framsetning og spurning sem velt var upp manna á meðal hvort þarna væri komið nýtt andlit Morgunblaðsins.



Meðal þess sem menn veltu fyrir sér var hvort Morgunblaðið hefði fyr þorað að nota hugtakið Kolkabbann eða fengist til að viðurkenna tilvist hans. Orðin voru hins vegar höfð eftir Víglundi Þorsteinssyni, sem er eins og ritstjóri Moggans fjarri því að vera nýtt andlit þegar hnútkúst í athafnamenn nýrrar kynslóðar eru annars vegar.

## Fjörugur fundur

Annars eru menn frekar kátir með að fá einn líflegan hluthafafund svona á miðju laxveiðitímabili til þess að hafa eitthvað að tala um á daufum markaði. Kjör Hannesar Smárasonar sem varamanns kom mörgum á óvart og er það haft til merkis um þíðu í samskiptum Jóns Ásgeirs og Björgólfs Thors. Það sé fátt sem þjappi mönnum betur saman en sameiginlegur óvinur. Þannig hafi andstaða Víglundar, sem hefur eldað grátt silfur við Jón Ásgeir nokkrum sinnum, orðið til þess að Björgólfur Thor og Jón lögðu erjur til hliðar, í bili að minnsta kosti, hvað sem síðar mun gerast. Menn eru almennt á því að stjórnin muni ekki geta litið svona út til lengdar, þar vanti þungavigt sem ekki sé í beinum tengslum við stærstu hluthafa. Þetta sé ekki síður mikilvægt ef horft sé til sóknar á erlendum markaði þar sem ekki er vel séð að stjórnir almenningshluthafa hafi ekki innanborðs þungavigt sem ekki tengist stærstu hluthöfum.

## MARKAÐSPUNKTAR...

Hollenski bankinn Rabobank tilkynnti á miðvikudag að hann hefði aukið við krónubréfautgáfu sína með þriggja milljarða króna bréfi með gjalddaga í ágúst 2004. Krónan styrktist í kjölfarið.

Greiningardeild Glitnis gerir ráð fyrir höflegri veikingu krónu það sem eftir er árs en að á næsta ári fari hún að styrkjast á ný og gengisvísitalan, sem er nú í námunda við 130, gæti staðið nærri 120 á seinni hluta ársins 2007.

Hagnaður finnska farsímafélagsins Nokia á öðrum ársfjórðungi jókst um 43 prósent á milli ára. Var hann 1,14 milljarðar evra sem jafngildir um 106 milljörðum íslenskra króna.

## Glitnir mátti kaupa

Samkeppniseftirlitið hefur komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé ástæða til að hafast að vegna samruna Glitnis banka og Kreditkorta hf. Í mars keypti Glitnir 19,95 prósent hlut af tuttugu prósent hlut Kaupþings banka í Kreditkortum hf. Á sama tíma seldi bankinn Kaupþingi 18,45 prósent af 18,50 prósent hlutafjáreign sinni í VISA Ísland - Greiðslumiðlun hf. Glitnir var eftir kaupin eigandi 54,95 prósent alls hlutafjár í Kreditkortum hf. Eftir skoðun komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að við kaupin hafi ekki myndast markaðsráðandi staða á skilgreindum mörkuðum eða að slík staða styrktist. - hhs

## Eykur hlut sinn í Kursua Linija

Eimskip á nú sjötíu prósent hlut í skipafélaginu Kurisu Linija, eftir að gengið var frá kaupum tuttugu prósent hlutar til viðbótar við þau fimmtíu prósent sem Eimskip átti fyrir. Heildarkaupverð sjötíu prósent hlutar í fyrirtækinu er um 460 milljarðar íslenskra króna.

Eimskip tryggði sér einnig kauprétt á þrjátíu prósent hlut til viðbótar eftir fjögur ár og yrði Kursu Linija þá alfarið í eigu félagsins. Eimskip fjármagnar kaupin með eigin fé. - jsk

## Skiptar skoðanir um málfrelsi hluthafa á hluthafafundi

Deildar meiningar eru um hvort Pétur Guðmundarson, fundarstjóri hluthafafundar Straums-Burðarás sem fram fór miðvikudag, hafi gerst brotlegur við lög um hlutafélög þegar hann meinaði Víglundi Þorsteinssyni og Jóhanni Páli Símonarssyni, hluthöfum í félaginu, að taka til máls.

Í 3. mgr 80. gr laga um hlutafélög segir: „Öllum hluthöfum er heimilt að sækja hluthafafund og taka þar til máls.“

Stefán Már Stefánsson, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, segir að fyrirspurnir verði að vera í eðlilegu samræmi við efni fundar. Hins vegar sé nauðsynlegt að kanna hvers efnis fyrirspurn sé áður en tekin sé afstaða til þess hvort hún skuli tekin til umfjöllunar. „Hefði ég verið fundarstjóri hefði ég fyrst kannað hvers efnis fyrirspurnin væri. Hefði hún tengst dagskránni hefði ég leyft hana, annars ekki.“

Einungis eitt mál var á dagskrá fundarins; kosning stjórnar. Víglundur og Jóhann vildu fá að leggja fyrirspurnir til fráfarandi stjórnar að kosningu lokinni. Pétur fundarstjóri meinaði þeim hins vegar

að taka til máls og vísaði til 15. gr. samþykktar Straums-Burðarás þar sem segir að slíka beiðni þurfi að leggja fram skriflega með viku fyrirvara hið minnsta.

Lögfróðir menn segja í hæsta máta óvenjulegt að hluthafar fái ekki að taka til máls á hluthafafundum og telja að 3. mgr 80. gr. laga um hlutafélög tryggi málfrelsi hluthafa án tillits til dagskrár fundar.

Því hefur þó verið haldið fram að málfrelsi sé bundið við auglýsta dagskrá og að hlutverk fundarstjóra sé einungis að tryggja að hluthafafundur fari fram í samræmi við dagskrá. Hafi Víglundi og Jóhanni hugnast að ræða önnur mál hefði þeim verið í lófa lagið að nýta þann rétt sem þeir hafa samkvæmt 15. gr. samþykktar Straums-Burðarás. Pétur Guðmundarson



PÉTUR GUÐMUNDARSON FUNDARSTJÓRI Í PONTU Víglundur Þorsteinsson segir Pétur hafa brotið lög þegar hann meinaði hluthöfum í félaginu að bera fram fyrirspurn.

vildi ekkert láta hafa eftir sér um málið.

Víglundur Þorsteinsson gefur lítið fyrir þau sjónarmið að málfrelsi 3. mgr 80. gr. sé bundið við auglýsta dagskrá. „80. gr. hlutafélagalaga er skýr og afdráttarlaus.

Frá málfrelsi fundarmanna verður ekki gerð undantekning. Ég var ekki að flytja neitt mál fyrir fundinn heldur einungis að neyta þess málfrelsis sem hluthöfum er tryggt. Því braut Pétur Guðmundarson lög.“ jsk@frettabladid.is

## ÆVINTÝRÁEYJAN ÍSLAND

Frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna



Komdu við á næstu Olís-stöð og fáu stimpil í Ævintýrakortíð – og ævintýraglaðning í leiðinni. Vertu með í allt sumar!



Við höldum með þér!

Ferðamálastofa  
www.ferdalag.is

## Actavis undirbýr yfirtökutilboð í Pliva

Actavis hefur boðað til hluthafafundar á þriðjudag í næstu viku í tengslum við fjármögnun væntanlegs yfirtökutilboðs í króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva. Um miðja næstu viku ákveða Actavis og bandaríska samheitalyfjafyrirtækið Barr hvort þau leggi fram formlegt yfirtökutilboð í Pliva.

Á fundinum verður lagt til að stjórn Actavis verði heimilt að gefa út nýtt hlutafé fyrir um 20 milljarða króna að markaðsvirði auk heimildar til að gefa út breytirétt vegna skuldbindinga félagsins samkvæmt lánasamningi fyrir allt að 525 milljón evrur, um 48,7 milljarða króna.

Að sögn Halldórs Kristmannsonar, framkvæmdastjóra innri og ytri samskipta Actavis, verður það sem upp á vantar fjármagnað með öðru lánsfé. Yfirtökutilboð Actavis stendur í 735 krónum á hlut eða 177 milljörðum króna.

Fjármálaeftirlit Króatíu tekur sér hálfan mánuð til að staðfesta yfirtökutilboðin en eftir það tekur við 30 daga formlegt söluférlí.

Actavis á með beinum og óbeinum hætti 21 prósent hlut í Pliva og þarf að tryggja sér 30 prósent til viðbótar til að ná meirihluta í félaginu en Barr á enga hluti.

„Þetta verður krefjandi ferli. Menn hafa lagt allt kapp á að ná þessu og það hefur ekkert breyst,“ segir Halldór.



HALLDÓR KRISTMANNSON Actavis hefur boðað til hluthafafundar í næstu viku í tengslum við 177 milljarða króna yfirtökutilboð fyrirtækisins í króatíska samheitalyfjafyrirtækið Pliva. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



# Myndavéladagur

## 19 - 23 júlí

### Canon EOS 350D með 18-55mm linsu



### KAUPAUKI

Þú færð gefins tösku, filter og rafhlöðu

**13.900**  
KAUPAUKI



**5.000**  
AFSLÁTTUR

kr. 95.900

Kr. 4.655,- <sup>24</sup>mán  
Kr. 89.900,-

- 8,0 MP CMOS myndnemi
- Annarrar kynslóðar DIGIC II örgjörvi, skilar miklum hraða og fráberum myndgæðum
- 0,2 sek í fyrsta skot, 3 rammar á sek og 14 myndir í röð án tafar
- 7 punkta sjálfvirkur fókus með "auto focus tracking" kerfum
- 1,8" LCD skjár 115.000 punkta
- Óflugt innbyggt flass, E-TTL II flasskerfi sem skynjar stillingar linsu
- Vinnur samtímis RAW og JPEG format
- Hugbúnaður fylgir
- Lítil og nett SLR vél, aðeins 485 g án linsu
- Samhæfð öllum EF/EF-S linsum og EX Speedlite flössum
- USB 2,0 háhraða tenging og video út
- PictBridge prentun

### Canon EOS 350D með 18-55mm linsu, 55-200mm linsu og battery grip



**20.000**  
AFSLÁTTUR

kr. 119.900

Kr. 5.154,- <sup>24</sup>mán  
Kr. 99.900,-

### Canon MV 900

**5.000**  
AFSLÁTTUR



Myndflaga: 1/6" CCD  
Pixlar: 800.000k  
Zoom: 25x (optical)  
800x (digital)  
2,7" breiðtjaldsskjár 16:9  
Rafhlaða: 4½ klst  
Fullkomin hristivörn

kr. 34.990

Kr. 29.990,-

### Canon MV 830i

**5.000**  
AFSLÁTTUR



Myndflaga: 1/6" CCD  
Zoom: 20 x (optical) 400x (digital)  
Pixlar: 800.000  
Skjár: 2.4"  
Minnsta ljósmagn 2 LUX  
Rafhlaða: 5 klst.  
byngd: 430 gr.

kr. 39.900

Kr. 3.168,- <sup>12</sup>mán  
Kr. 34.990,-

### Canon MVX460

**10.000**  
AFSLÁTTUR



Myndflaga: 1/5" CCD  
Pixlar: 1,33 millj.  
Zoom: 20x (optical)  
800x (digital)  
Breiðtjaldstökuvél  
Skjár: 2,7" 16:9 breiðtjald  
Minnsta ljósmagn 2 LUX  
USB 2 og Firewire  
Pyngd: 430 g  
Hristivörn

kr. 64.990

Kr. 4.885,- <sup>12</sup>mán  
Kr. 54.990,-

### SAMSUNG DIGIMAX A503

**3.000**  
AFSLÁTTUR



5,0 milljón pixla  
5 x stafræn stækkun  
2,0" skjár  
PictBridge  
Tekur video

kr. 13.980

Kr. 10.980,-

### SAMSUNG DIGIMAX S500

5,1 M.pixlar  
3x optical zoom  
Stór 2,4" LCD-skjár  
1/1,25 CCD-sensor  
5 forstillingar  
VGA-vídeóupptaka  
9 innbyggðir myndarammar  
16 MB innra minni



Kr. 18.980,-

### Kodak EasyShare V530

**5.000**  
AFSLÁTTUR



5 M.pixlar  
3x Optical zoom  
2" LCD hágæðaskjár  
20 forstillingar  
MPEG-4 vídeóupptaka  
Vídeó zoom  
ISO 80-800  
Pictbridge-staðall  
Litir: Svart, silfur, bleik og rauð

kr. 27.980

Kr. 4.109,- <sup>6</sup>mán  
Kr. 22.980,-

### Canon IXUS 60

6,0 milljón pixlar  
3 x optískur aðdráttur  
DIGIC II og iSAPS  
ISO 800 og myndir í 16:9-formati  
2,5" skjár  
16 tókustillingar  
Stefnunemi  
PictBridge og Print/Share-hnappur



Kr. 3.847,- <sup>12</sup>mán  
Kr. 42.900,-

### Canon IXUS iZOOM

5,0 milljón pixlar  
2,4 x optískur aðdráttur  
Níu punkta sjálfvirkur fókus  
1,8" skjár  
16 tókustillingar  
Stefnunemi  
PictBridge og Print/Share-hnappur



Kr. 2.903,- <sup>12</sup>mán  
Kr. 31.900,-

### hama starter kit (fyrir EOS 350d)

Taska  
Filter  
Rafhlaða



Kr. 13.900,-



### hama töskur

**15%**  
AFSLÁTTUR



með keyptum véllum

### hama Þrifætur

**15%**  
AFSLÁTTUR



með keyptum véllum

Verð frá Kr. 6.490,-

# HANS PETERSEN

ath. aðeins í

Kringlunni • Laugavegi 178

Verð miðast við greiðslusamning Visa eða Euro til 6, 12 eða 24 mánaða



ERNEST HEMINGWAY (1899-1961)  
FÆDDIST PENNAN DAG.

„Allar góðar bækur hafa eitt sameiginlegt, þær innihalda meiri sannleik en hefði sagan gerst í raun og veru.“

Ernest Hemingway var bandarískur rithöfundur sem fékk Nóbelsverðlaunin í bókmenntum árið 1954.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## AFMÆLI



**Steinar Berg Ísleifsson** er 54 ára.

**Jóna Hrönn Bolladóttir** er 42 ára.



**Guðni Bergsson** er 41 árs.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér til hliðar má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is). Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.

## ÚTFARIR

**13.00** Bergsteinn Jónsson prófessor, Snorrabraut 56, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni.

**13.00** Guðmundur Þorvaldur Jónsson frá Galtarhygg, til heimilis í Hjallaseli 55, áður Hverfisgötu 58a, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Háteigskirkju.

**13.30** Óttar Ketilsson, Reykhúsum 4d, Eyjafjarðarsveit, verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju.

**14.00** Björn St. Hólmsteinsson, fyrrverandi útgerðarmaður frá Raufarhöfn, síðast til heimilis á Grandavegi 47, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Raufarhafnarkirkju.

**14.00** Ingibjörg Jóhannesdóttir, frá Ytri-Hjarðardal, Hlíf 2, Ísafirði, verður jarðsöngin frá Ísa-fjarðarkirkju, jarðsett verður í Holti.

**15.00** Lillian A. Guðmundsdóttir, Dalbraut 16, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju.

## PETTA GERÐIST 21. JÚLÍ 1954

### Víetnam skiptist í norður og suður

Genfarsamkomulagið var samþykkt þennan dag en það skipti Víetnam í Norður- og Suður-Víetnam. Ráðstefnan í Genf var haldin 26. apríl til 21. júlí 1954 þar sem fulltrúar frá Kambódíu, Kína, Frakklandi, Laos, Bandaríkjunum, Bretlandi, Sovétríkjunum og Víetnam komu saman til þess að koma á friði í franska Indókinu og Kóreu.

Fyrri Indókinastriðið var háð í Suðaustur-Asíu á árunum 1946 til 1954 á milli Frakka og andspyrnuhreyfingar Víetnam sem leidd var af Ho Chi Minh. Árið 1946 höfðu Frakkar gert samkomulag við Víetnama um að landið fengi sjálfstæði innan franska ríkisins en franskur hersveitir yrðu í landinu næstu fimm árin. Samkomulagið gekk þó ekki upp þar sem Víetnamar vildu aukið sjálfstæði sem Frakkar



voru ekki tilbúnir til þess að gefa þeim. Stríðið fór að mestu fram í norðurhluta Víetnam en breiddist einnig út til nágrennanna í Laos og Kambódíu. Það voru Frakkar sem töpuðu stríðinu og þurftu að þola mikið mannfall og varð stríðið mjög óvinsælt í Frakklandi.

Eftir að friður komst á með Genfar-samkomulaginu fékk Ho Chi Minh yfirráð yfir Norður-Víetnam en í Suður-Víetnam ríkti Bao Dai keisari. Flest landanna staðfestu samkomulagið en þó ekki Bandaríkin og Suður-Víetnam.

Seinna Indókinastriðið átti sér síðan stað á árunum 1954 til 1975 þegar Norður-Víetnamar vildi sameina landið undir kommúnistastjórn. Þeir höfðu stuðning Kínverja og Sovétmanna en ráðamenn í Suður-Víetnam vildu meiri samvinnu við Vesturlöndin og höfðu stuðning Bandaríkjanna.

## MERKISATBURÐIR

- 1939** Tveir þýskir kafbátar koma til Reykjavíkur stuttu eftir að seinni heimsstyrjöldin skellur á og voru þetta fyrstu kafbátarnir sem komu í íslenska höfn.
- 1963** Skálholtskirkja er vígð að viðstöddum áttafu próföstum, prestum og biskupum.
- 1967** Albert John Luthuli, fyrsti Afrikumaðurinn til þess að fá Friðarverðlaun Nóbels, deyr þennan dag eftir að hafa orðið fyrir lest.
- 1983** Lægsti hiti sem mælist hefur mælist þennan dag, -89.2 °C, á Suðurheimskautilslandinu.
- 2002** WorldCom óskar eftir gjaldprotaskiptum í stærsta í gjaldproti í sögu Bandaríkjanna.
- 2003** Síðasta gamaldags bjallan er framleidd hjá Volkswagen í Puebla í Mexíkó.



VALA S. VALDÍMARSDÓTTIR VERKEFNASTJÓRI Á sumarhátíðinni verður dansað, sungið og borðað en nemendurnir ætla allir að koma með mat frá sínu heimalandi og slá upp veislu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

VALA S. VALDÍMARSDÓTTIR: LOKAHÓF SUMARSKÓLANS ER Í DAG

## Mjög fjölbreyttur hópur

Í dag verður lokahátíð Sumarskólans haldin en skólinn er ætlaður útlendingum sem vilja læra íslensku og fræðast um íslenskt þjóðfélag. Vala S. Valdímarsdóttir, verkefnastjóri hjá Mími, segir að um tvö hundruð manns hafi sótt námskeiðin í sumar. Sumarskólinn hefur verið haldinn síðan árið 1994 og er samstarfsverkefni Námsflokka, Mímis og Alþjóðahússins.

„Þetta er allt erlent fólk, bæði búsett hér og sem er tímabundið hérna eða hreinlega fólk sem kemur bara til að fara á námskeiðið vegna áhuga á íslensku, þetta er mjög fjölbreyttur hópur,“ segir Vala, en Mímir sér um íslenskukennsluna í skólanum. „Þetta er tvíþætt fyrir fullorðna fólk, þetta er íslenskukennsla á fjórum stigum og fólk er raðað í hópa, svona tíu til fimmtán manna hópa eftir því hvar það er stadd og þetta er fólk frá öllum mögulegum þjóðlöndum og á öllum aldri. Svo er Alþjóðahúsið með samfélagsfræðslu og er með tíu stundir á

móti þeim fjórutíu stundum sem er bara hrein íslenskukennsla,“ segir Vala en námskeiðið er alls fimmtíu stundir.

Fólk getur valið um að mæta í fjórar vikur, þrjú kvöld í viku, frá sex til níu eða á morgnana frá níu til tólf í þrjár vikur. Vala segist sjá miklar framfarir hjá nemendum og að flestir nemendurnir vilji ná betri tókum á málinu vegna þess að þeir ætla sér að búa hérna í framtíðinni. Mímir býður einnig upp á íslenskukennslu á veturna og segir Vala að margir komi í Sumarskólann til þess að læra meira. Námsflokkar Reykjavíkur hafa kennt í Sumarskólanum undanfarin ár og er þetta í fyrsta skipti sem Mímir sér um kennsluna. „Það er mikil áhersla lögð á daglegt mál og það að bjarga sér í samfélaginu, við erum með leiki og spil til þess að hjálpa fólk og auðvitað er málfræðin fléttuð inn í þetta,“ segir Vala.

Í samfélagsfræðslunni var meðal annars farið á bókasafnið og starfsemi Alþjóðahússins kynnt. Síðan var farið í

vettvangsferðir til Útlendingaeftirlitsins og lögreglunnar og í næstu viku verður svo farið í hvalaskoðunarferð og Bláa lónið.

Sex til sextán ára krakkar hafa undanfarin ár haft aðgang að Sumarskólanum en í ár var tekin upp sú nýbreytni að sex til tólf ára krakkar færu á ÍTR-námskeið í sínu hverfi og þrettán til sextán ára krakkar fóru í Vinnuskólann þar sem íslenskukennsla var fléttuð inn í starfið.

Lokahátíðin er í Austurbæjarskóla, þar sem kennslan hefur farið fram í sumar, og hefst klukkan ellefu. „Við reynum að virkja nemendur til að syngja, spila lag, dansa og mjög oft eru Taflendingarnir með ofsalega skemmtilega dansa. Það hefur verið magadans og allt mögulegt, bara eftir því hverjir vilja og geta. Síðan koma þau öll með mat frá sínu heimalandi, við leggjum á langborð og allir leggja í púkk og svo er bara veisla,“ segir Vala að lokum.

gudrun@frettabladid.is



Elskulegur sonur minn, bróðir, mágur og frændi,

**Jón Kr. Kristinsson**

Vallarbraut 10, áður Ásgarði 3, Keflavík,

lést þriðjudaginn 18. júlí. Jarðarför verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

Magnea Jónsdóttir.



Ástkær eiginmaður minn,

**Sveinn Halldórsson**

framkvæmdastjóri, Ofanleiti 5,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 18. júlí.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,

Gunnlaug Emilsdóttir.



Við færum öllum hjartans þakkir er auðsýndu okkur samúð og stuðning vegna heimfarar elskaðrar eiginkonu, móður og ömmu,

**Bergþóru Kristinsdóttur**

húsmóður og trúboða, Tjarnarási 13, Stykkishólmi,

er fór heim til Drottins 30. júní sl. Drottinn blessi ykkur öll og leiði inn í ljósið og lífið, sem hafið ekki ennþá fundið þetta dásamlega skjól.

Benjamín Þórðarson  
Björg Benjaminsdóttir  
Bergþóra Rós Ólafsdóttir  
Örn Reynir Ólafsson



## 50 ára afmæli

Í tilefni af 50 ára afmæli ætla

**Eiddur Sveinsson**

að bjóða til veislu að Seljabraut

18 þann 22. júlí.

Veislan byrjar kl. 19.00.

Vonandi sjá sem flestir sér fært að koma.



## 60 ára afmæli

Í tilefni af 60 ára afmæli

**Elísar Hansen**

25. júlí ætla hann og Lissý eiginkona hans að taka á móti vinum og ættingjum í

Rafveitubeimilinu í Elliðaárdal í dag, föstudaginn 21. júlí, milli 18 og 21. Vonandi að sem flestir sjái sér fært að mæta og gleðjast með honum.



# Frábærir sumarsmellir

## LAGALISTI

1. Sjómenn
2. Sumarauki
3. Ég hvísla yfir hafið
4. Vertu sæl mey
5. Úti á sjó
6. Hvítu mávar
7. Suður um höfin
8. Sjómenn íslenskir erum við
9. Föðurbæn sjómannsins
10. Skvetta falla hossa og hrista
11. Ship-o-hoj
12. Háseta vantar á bát
13. Hafið lokkar og laðar
14. Sjómannavísa



### Vel Sjóaður - Raggi Bjarna

Sjómannalög frá fyrri áratugum í flutningi Ragga Bjarna ásamt fjölda þekktara tónlistarmanna



**Ég skemmti mér í sumar**  
12 vinsæl og skemmtileg lög í útsetningu Ólafs Gauks



**Lögin Mín - Bubbi**  
Mörg af þekktari lögum Bubba í nýjum og órafmögnuðum búningi



**Á Balli - Paparnir**  
Stórskemmtileg tvöföld tónleikaplata frá hinum geisivinsælu Pöpum.

Gildir til 24. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# NÝTT&FRSKARA HÉR&NÚ



**Eyrún Huld Haraldsdóttir**  
Kletturinn á bak við Magna rokkara



**Briet úr Idolinu**  
Lýsir bæði stressinu og stuðinu



**Kolbrún Dögg Kristjánsdóttir**  
Upplifir sig ekki sem fórnarlamb



**KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA**

## STUÐ MILLI STRÍÐA: Matarinnkaup

ERLA BJÖRG GUNNARSDÓTTIR VORKENNIR AFGREIÐSLUFÓLKI.



Dýr matur er ofarlega í hugum margra þessa dagana. Það er ekki skrytið þegar maður er harðlega minntur á það á hverjum degi við búðarkassann. Ég hef fundið örla á kvíðahnút í maganum þegar ég nálgast búðarborðið. Ég ber mig þó vel. Rétti fram kortið og renni augunum yfir vörurnar fimm sem kosta tvö þúsund krónur. Fer heim, tuða ofan í barminn og bý til lista yfir ódýran kvöldmat. Núðlur, spagettí, grillað brauð, súpur... Sannkölluð kolvetnis-sprengja.

Svona er ég. Tuða, röfla og hristi hausinn. Og svona erum við flest.

Þessi bælda reiði hefur valdið því að það er hreinlega slæmt karma í matvörubúðum í dag. Viðskiptavinirnir eru stífir í andlitinu, fá einstaka kippi og hneyksluð augun ranghvolfast í allar áttir. Kerru-árekstrar eru tíðir, pirringur yfir því að tómatairnir séu búnir bitnar á næstu manneskju og þör horfa gagnrýnið á það sem hinn aðilinn setur í körfuna.

Það er orðið æ algengara að ég verði vitni að reiðikasti í búðarferðum mínum - og þá helst hjá einhverjum sem er að greiða fyrir vörurnar sínar. Þá getur viðkomandi ekki lengur orða bundist og hellir sér yfir afgreiðslumanneskjuna. Elsku unglíngarnir á kössunum sem sáu fram á huggulegt sumar

fjarri arfatínslu og rigningu hafa nú uppgötvað sér til mikillar skelfingar að þeir eru staddir í erfiðasta starfinu - að taka á móti margra ára uppsafnaðri gremju. Þeir geta ekki falið sig bak við skrifborðið eða ræðupútið heldur eru þeir settir í fremstu víglínu án þess að hafa nokkuð um málið að segja.

Það er skrytið að ráðast á þá sem síst geta varið sig og minnst geta tjáð sig um málið. Það er hvorki árangursríkt né göfugt. Aftur á móti gæti borið árangur að nýta þá orku sem fer í að gretta sig, að dæsa og strunsa út úr búðum til að mótmæla á skynsamlegri hátt. Eða bara halda áfram að bæla niður reiðina og láta vesalings afgreiðslufólkið í friði.

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





BYLGJAN, HAGKAUP OG FJÖLSKYLDAN SKEMMTA SÉR SAMAN Í GALTALÆK UM VERSLUNARMANNAHELGINA

# GALTALÆKUR



SUMARGLEÐI FJÖLSKYLDUNNAR



FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ  
Í VÍMULAUSU UMhverfi

## FORSALA HEFST Í DAG

ANGLEDIN - STUDMENN  
SKÍMÓ - PAPPARNIR - NYLON  
SNORRI SNORRASON  
ÍZAFOLD - INGÓ IDOL - BRÍET SUNNA  
FLUGELDASÝNING - VERÐELDUR OG  
SÖNGVARAKEPPNI

BYLGJAN  
20 ÁRA

Galtalækur - þar sem íslendingum  
finnst skemmtilegast að tjalda!



DAGSKRÁIN OG VEÐRIÐ HEFUR ALDREI LITIÐ EINS VEL ÚT  
MIÐASALA Í HAGKAUPUM

**HAGKAUP**  
skemmtilegast að versla



lenovo™

# GÆÐI GETA BIRST

ThinkPad®

SJÁLFVIRK TENGING HVAR SEM ER  
GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA  
FINGRAFARALESARI  
VÖKVAÐOLIÐ LYKLABORÐ  
ALLT AÐ 8 KLST. RAFHLÖÐUENDING  
FALLVÖRN VERNDAR HARÐA DISKINN



## FORSKOT FYRIR KRÖFUHARÐA

ThinkPad er heill tölvuheimur fyrir kröfuharða notendur og býr yfir ThinkVantage tækni sem einfaldar daglega notkun og tryggir öryggi. Yfirburða tækni, gæði, lág bilanatíðni, öryggi og einfaldleiki eru höfð í fyrirrúmi. ThinkPad er sniðin að þeim sem vilja ná lengra.

Frá því ThinkPad fartölvur komu á markað hafa þær unnið til meira en 1200 verðlauna og eru því mest verðlaunuðu fartölvur sögunnar.

Kíktu á [www.lenovo.is](http://www.lenovo.is) og finndu réttu fartölvuna fyrir þig.



Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Söluaðilar um land allt.**

  
NÝHERJI

[www.lenovo.is](http://www.lenovo.is)

Nýherji hf. | Borgartúni 37 | 105 Reykjavík | Sími 569 7700 | [www.nyherji.is](http://www.nyherji.is)



lenovo™

# Í ÓLÍKUM MYNDUM

Lenovo er alþjóðlegur leiðtogi á tölvumarkaðnum sem framleiðir ThinkPad og Lenovo 3000 og er þriðji stærsti tölvuframleiðandi í heimi. Lenovo veitir viðskiptavinum sínum betri lausnir, eykur framleiðni og veitir forskot hvort sem er í leik eða starfi.

## Lenovo 3000

INNBYGGÐ VEFMYNDAVÉL  
INNBYGGÐUR MINNISKORTALESARI  
FINGRAFARALESARI  
VÍRUSVARNARKERFI  
AFAR EINFALT AÐ TENGJAST NETKERFUM



## NÝ LEIÐ TIL ÁRANGURS

3000 línan frá Lenovo boðar áhyggjulausa og auðvelda notkun á fartölvu. Hún er fyrir flotta frumkvöðulinn í okkur öllum sem horfir einbeittur fram á veginn og vill gæði í einföldu viðmóti.

Lenovo 3000 kemur frá sama framleiðanda og hinar þekktu og vönduðu ThinkPad fartölvur. Afkastamikil vél þar sem gæði og glæsileg hönnun fá að njóta sín á góðu verði.

**Kíktu á [www.lenovo.is](http://www.lenovo.is) og finndu réttu fartölvuna fyrir þig.**



Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. **Söluaðilar um land allt.**

  
NÝHERJI



## Múni í Gallerí Anima

Myndlistarmennirnir Árni Þór Árnason og Maríó Múskat (Halldór Örn Ragnarsson) opna sýningu sína, Múni, í Gallerí Anima í dag kl. 17. Á sýningunni, sem er þeirra fyrsta „einkasýning“, verða málverk sem þeir hafa unnið saman að frá sumrinu 2005.

Viðfangsefni þessarar óvenjulegu samsýningar er hvernig nálgun málverksins í heild kemur út frá tveimur ólíkum einstaklingum. Báðir hafa þeir unnið mikið með málverkið undanfarin ár en þó að mestu með



MARÍÓ MÚSKAT OG ÁRNI ÞÓR ÁRNASON MYNDLISTARMENN  
Nálgastrá málverkið á ólíkan hátt.

mismunandi tækni og hvor í sínu lagi.

Þeir stunda báðir BA-nám í myndlist við Listaháskóla Íslands sem þeir munu ljúka næsta vor. Einnig hafa þeir verið tengdir tónlistarflóru landans undanfarið, Maríó Múskat sem bassaleikari hljómsveitarinnar Kimono og Árni Þór sem meðlimur hljómsveitanna Mug og Rokref.

Gallerí Anima er í Ingólfsstræti 8 en sýning þeirra félaga

verður opin fimmtudaga til laugardaga og stendur til 12. ágúst.

### > Ekki missa af...

**Götuleikhúsi** Hins hússins í Hljómskálagarðinum. Leikverkið **Ævintýri í Dimmadal** er sýnt kl. 11, 13 og 14.30. Leikstjóri er **Ólafur Steinn Ingunnarson**.

**miðaldamarkaði á Gásum** í Eyjafirði. Fornt handverk og fyrirtaks stemning þar sem fræðast má um lífnaðarhætti forforeðranna.

opnun á sýningu **Hreins Fríðfinnssonar** í gallerí **Suðsuðvestur** í Reykjanesbæ á morgun.

# menning

menning@frettabladid.is

**LUNGA**

**Á Seyðisfirði**  
17. – 23. júlí 2006

Laugardaginn 22. júlí frá kl. 13:00  
Uppskeruhátíð, Hljómsveitirnar:  
Fræ, Sometime, Ampop, Biggi  
Orchestra, Jeff Who?, Ghostigital, Miri,  
The Foreign Monkeys, Tony The Pony,  
Benny Cresbo's Gang, og ball með  
Todmobile. Sjá [www.lunga.is](http://www.lunga.is)

**Footloose**

21. júlí – fös kl. 20 – Uppselt  
27. júlí – fim kl. 20 – laus sæti  
28. júlí – fös kl. 20 – laus sæti  
17. ágúst – fim kl. 20 – laus sæti  
18. ágúst – fös kl. 20 – laus sæti

Móðavísan er í síma 568 8000  
[www.botgatalidhus.is](http://www.botgatalidhus.is)  
[www.misunastikus.is/footloose](http://www.misunastikus.is/footloose)

**MR SKALLA GRIMSSON**  
Benedikt Erlingsson

Sýnt í Landnámssetri  
í Borgarnesi

Föstudag 21. júlí kl. 20 uppselt  
Laugardag 22. júlí kl. 20 uppselt  
Sunnudag 23. júlí kl. 15 aukasýning  
Sunnudag 23. júlí kl. 20 uppselt  
Föstudag 28. júlí kl. 20 örfá sæti laus  
Laugardag 29. júlí kl. 20 örfá sæti laus  
Sunnudag 30. júlí kl. 15 aukasýning  
Sunnudag 30. júlí kl. 20 nokkur sæti laus  
Föstudagur 4. ágúst kl. 20  
Laugardagur 5. ágúst kl. 20  
Sunnudagur 6. ágúst kl. 15  
Sunnudag 6. ágúst kl. 20  
Laugardagur 19. ágúst kl. 20

LEIKHÚSTILBOÐ  
Tviréttaður kvöldverður og  
leikhúsmiði  
kr. 4300 - 4800.-

MIÐAFANTANIR Í SÍMA 437 1600

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

**FRINGLU  
FRÁIN**

**Upplýfting  
í kvöld**

Stór og fjölbreyttur sérreittamatseðill öll kvöld vikunnar

## Gagnvirkar hörpur á Sólheimum

Lárus Sigurðsson sýnir hljóðfæri sem hann hefur hannað og smíðað á undanföllum árum. Jarðhörpunar hans eru til sýnis á Sólheimum í Grímsnesi.

Hljóðfærin sem Lárus býr til og nefnir jarðhörpur eru ekki venjulegar hörpur. „Orðið lýsir í raun aðeins einni gerð hljóðfæris sem ég hanna, sem eru þessar svokölluðu jarðhörpur en þær eru unnar úr trjágreinum og trjábolum. Þær eru af öllum stærðum og gerðum en stærsta harpan er um þrjú metrar að hæð. Eg nota orðið hugtakið jarðhörpur engu að síður yfir öll hljóðfærin mín þó ekki sé alltaf um hörpur að ræða.“

Hann segir hugmyndina að gerð jarðharpanna hafa kviknað þegar hann var í námi í hljóðfæra-gerð í Bretlandi. „Sjálfur spilaði ég mikið á hljóðfæri þegar ég var við nám í Emerson og þar hóf ég tilraunamennsku við hljóðfæraleik. Við þetta fíkt var mjög algengt að maður hitti á ýmsa tóna sem að öllu jöfnu heyrast ekki í venjulegum hljóðfærum. Ég heilladist af áður ókunnum hljóðum og því lá beinast við að hefjast handa við að hanna eigin hljóðfæri sem framkölloðu nýja tóna,“ útskýrir Lárus.

Í náminu útbjó Lárus hljóðfæri sem er gítar og harpa í senn, og er það að hans sögn eitt af tilraunabörnunum sem fæddust á námsárunum. „Ég fluttist strax á Sólheima þegar ég kom að utan og hef nú dvalið hér í ein sjö ár. Í dag hef ég enga tölu á því hversu mörg hljóðfæri ég hef smíðað en þetta er í annað sinn sem ég held sýningu á verkum mínum hér á Sólheimum.“

Flest hljóðfærin á staðnum eru til sölu og að sögn Lárusar eru þau nánast öll seld. „Um daginn kom hingað fiðluleikari sem er í Sífnúhljómsveit Íslands og keypti hljóðfæri. Annars hefur ekki farið sérstaklega mikið fyrir því að fólk sem hefur hljóðfæraleik að atvinnu kaupir hljóðfærin. Hins



LÁRUS SIGURÐSSON OG GERHARD KÖNIG VIÐ JARÐHÖRPURNAR „Hljóðfærið virkar þannig að fólk gengur í gegnum það eins og gengið er gegnum musteri.“

vegur kemur hingað alls konar fólk sem hefur gaman af framandi hljóðfærum og tilraunamennsku í tónlist. Enn fremur kemur það fyrir að fólk kaupir hljóðfæri í þeim tilgangi að nota það sem skraut eða líti á það sem skúlptúr sem hefur fagurfræðilegt gildi. Þetta á sérstaklega við um jarðhörpunar.“ Lárus leikur sjálfur mikið á jarðhörpunar en árið 2001 kom út plata sem heitir Jarðhörpusálmur en hún innihélt frumsamin lög sem hann lék á nokkrar tegundir harpana.

Hvað framhald á hörpuleik og smíði hljóðfæra snertir segir Lárus framtíðina óráðna. „Það kom mér nokkuð á óvart hvað sýningunni var vel tekið og hversu marg-

ir hafa barið hana augum. Fólk sýndi þessu gríðarlegan áhuga og ég tel líklegt að þessar góðu viðtökur opni ákveðinn tækifærisglugga fyrir mig. Það er því líklegt að ég haldi áfram á sömu braut.“

Lárus bjó einnig til tvö útilista-veir og er annað þeirra gagnvirk hljóðfæri eða sérstök tegund af vindhörpu. „Harpan er öll unnin úr tré og ekki um neina strengi að ræða. Hljóðfærið virkar þannig að fólk gengur í gegnum það eins og gengið er gegnum musteri. Um risastóra grind er að ræða og á grindinni er fjöldinn allur af timbri sem hangir neðan úr henni. Eins konar dyr eru á grindinni og stígur sem liggur í gegn en þegar komið er að hljóðfærinu þarf að

ýta timbrinu frá til að komast í gegn. Við það slæst timbrið saman og myndar skemmtilega tóna. Það má að segja að þetta sé eins konar helgiathöfn. Einnig er hægt að doka við verkið og hlusta á vindinn leika um það og skapa tóna.“ Hitt útiverkið er risastór jarðharpa sem gestir og gangandi geta slegið á með berum höndunum og búið til eigin tóna. „Þýskur handverksmaður að nafni Gerhard König hjálpaði mér við smíðarnar á hörpunum en sú aðstoð var ómetanleg“, segir Lárus að lokum.

Sýningin verður á dagskrá á Sólheima fram yfir verslunarmannahelgi og er aðgangur að henni ókeypis.

[brýndisbjarna@frettabladid.is](mailto:brýndisbjarna@frettabladid.is)


## 10 ára afmæli NEO-Bleks

Myndasögublaðið NEO-Blek fagnaði á dögunum tíu ára útgáfuafmæli en Frakkinn Jan Pozok ritstýrir blaðinu. „Ég er í fyrsta sinn í ár að ritstýra blaðinu einn en því fylgir auðvitað mikil vinna. Helstu verkefni mín felast í söfnun auglýsinga í blaðið en það hefur gengið vonum framur enn sem komið er“, segir Jan. Auk þess að halda utan um útgáfu blaðsins tekur Jan öll viðtölin í nýjasta heftinu. „Ég tók viðtal við samlanda minn Marc Vedrines í síðasta blaði en hann kynntist landi og þjóð í gegnum íslenska kærustu. Hann vann lengst af við auglýsingagerð í París en hefur nú snúið sér að myndasögugerð. Í síðasta tölu-blaði skrifar hann sögu sem gerist á 17. öld og fjallar um munaðarlausan dreng, Jacques, sem býr hjá frænda sínum og frænku í

Frakklandi. Drengurinn hefur frá unga aldri upplifað undarlegar sýnir sem virðast eiga upptök sín á Íslandi. Þegar frændinn leggur upp í veiðiferð til Íslands laumar drengurinn sér í bátinn sem siglir með frændann til landsins. Þegar hann finnst er honum kennt um allt sem aflaga fer í bátinum. Sjómennirnir eru mjög hjátrúarfullir og öll atvikin virðast tengjast unga drengnum sem og töfrar og galdrar Íslands,“ útskýrir Jan.

Í tilefni af tíu ára afmæli blaðsins komu út tvö hefti, annað í lit og hitt í svart-hvítu. „Blaðið hét áður Hasar-Blek en nafnbótin NEO-Blek undirstrikar að nýtt og spennandi blað er á ferðinni.“ Jan Pozok hefur í hyggju að halda útgáfu blaðsins áfram og segist bjartsýnn á áframhaldandi gott gengi.

- brb



NÝTT HEFTI AF NEO-BLEKI Blaðið fagnar tíu ára afmæli og kemur út bæði út í lit og svart-hvítu.





SÆRA BERNHARÐUR GUÐMUNDSSON SKÁLHOLTSREKTOR „Það er mikilvægt í þessum göngum að láta þögnina stundum umlykja allt.“

FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR

## Að komast í tæri við guð

**Pilgrímsganga frá Þingvöllum að Skálholti fer fram í þriðja sinn um helgina í tengslum við Skálholtshátíð á Þorláksmessu á sumri.**

Lagt verður af stað frá Þingvallakirkju og gengið sem leið liggur upp Gjábakka og biskupsleið yfir Lyngdalsheiði, en fyrri hluti göngunnar endar við Laugarvatn þar sem helgistund fer fram við Vígðulaug.

Hægt er að ganga aðeins hluta göngunnar, allt eftir aðstæðum fólks, en hún tekur alls tíu klukkustundir. Bernharður Guðmundsson, rektor Skálholtsskóla, segir að einföld svefnpokagisting sé til reiðu fyrir göngufólk á Laugarvatni og bendir á að fyrir þá sem kjósi að ganga aðeins seinni daginn sé upplagt að koma inn í gönguna við Neðra-Apavatn. Seinasti áfangi göngunnar er síðan við Brúará við Spóastaði og þaðan gengið beint til messu í Skálholtsskóla.

Margir mæta í gönguna ár eftir ár og sumir senda Bernharði þakkarbréf að henni lokinni. „Margir segja mér frá því varnarsleysi sem þeir upplifa í þessum göngum. Fólk er kannski búið að ganga lengi og orðið þreytt og lúíð en þreytan gerir það að verkum að menn hafa ekki jafn mikla stjórn á umhverfi sínu og þeir eiga að venjast. Sérstök tilfinning fylgir því að ganga mikla vegalengd og mikilfengleiki fjallanna í kring leiðir til þess að fólk kemst í snertingu við smæð sína og mátt almættisins. Menn komast frekar í tæri við guð í þessum aðstæðum því hann reynir svo oft að ná til fólks en með litlum árangri, því fólk hefur svo mikið að gera í öllum þessum asa sem einkennir nútímasamfélag. Það er líka í þessari þögn náttúrunnar sem menn eru til viðtals við guð. Það að vera í miðri sköpuninni hefur rík áhrif á fólk.“

Að sögn Bernharðs eru pílgrímsgöngur frábrugðnar öðrum göngum að því leyti að gengið er að einhverjum tilteknum helgiastað. „Hér áður fyrr í kaþólsku gengu menn til iðrunar og yfirbótar. Guðríður Þorbjarnardóttir gekk til að mynda til Jerúsalem og tók það hana marga mánuði. Síðan tóku við allar gerðir af styttri pílgrímsgöngum en það er þeim öllum sameiginlegt að gengin er tiltekin vegalengd í einu og síðan er hvíld á milli.“

Pilgrímsgöngunni sem nú verður farin er þannig háttað að gengið er í klukkutíma í senn og hvíld í tuttugu mínútur. Í þessum hvíldum er alltaf gert eitthvað uppbyggilegt, ekki bara legið og sofið. Oftast er lesið upp úr ljóðum eða sögur sagðar. Í þessari göngu verða lesin náttúruljóð eftir Jónas Hallgrímsson og lesið

### DAGSKRÁ SKÁLHOLTSHÁTÍÐAR

**Föstudagur** 21. júlí. Hr. Gijssen, prestur kaþólska, syngur rómverska biskupamessu í Skálholti kl. 18.

**Laugardagur** 22. júlí. Samkomur í kirkjunni kl. 14 og 16.30. Björn Bjarnason dóms- og kirkju-málaráðherra flytur ávarp. Jaap Schröder og Sigurður Halldórsson flytja tónlist eftir Mozart og tekið verður við veglegri bókagjöf sem Schröder gefur Skálholtsstað. Á síðari samkomunni verður opnaður vefur um íslenskan trúar- og tónlistararf, Matthías Johannessen les úr verki sínu um staðinn sem nýlega kom út hjá Háskólaútgáfu og Helgisíðastofu í Skálholti og Kammerkór Suðurlands syngur ásamt einsöngvaranum Guðrúnu Eddu Gunnarsdóttur undir stjórn Hilmaris Arnar Agnarssonar.

**Sunnudagur** 23. júlí. Hópreið hestamanna að Skálholtsstað undir trumbuleik slagverkshópsins Steintryggs. Skipuleggjandi er Halldór Ásgeirsson myndlistarmaður. Gunnar Eyjólfsson leikari les Ísleifs þátt og trompetleikarar spila í turni kirkjunnar. Pilgrímar sem hafa gengið frá Þingvöllum til Skálholts um helgina ganga í hlað. Herra Sigurbjörn Einarsson predikar í messu kl. 14 en að henni lokinni verður kirkjukaffi og flytja herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, herra Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, og Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra ávörp. Tónlistarflutningur verður þar í umsjá þeirra Harðar Áskelssonar, söngmálastjóra kirkjunnar, og Hilmaris Arnar Agnarssonar, organista í Skálholti.

úr Davíðssálmum. „Það er mikilvægt í göngum sem þessum að láta þögnina á stundum umlykja allt, enda þótt menn séu í félagi hver við annan.“

Skálholtshátíðin fer fram á hverju ári en er sérlega mikilfengleg nú, því 950 ár eru liðin frá því fyrsti biskupinn var vígður og Skálholtsskirkja var stofnuð á Íslandi.

Göngustjórar Pilgrímsgöngunnar eru Guðbrandur Magnússon, framleiðslustjóri á Morgunblaðinu, og Pétur Pétursson, doktor í félags- og guðfræði. Undirbúningsfundur þeirra með væntanlegum pílgrímum verður í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík, í dag kl. 16.30 en skráning er á skrifstofu Skálholtsskóla. Þátttak- an er öllum opin og ókeypis. - brb

## SUMARIÐ ER KOMIÐ!



## VAPONA FLUGNA- & GEITUNGAVÖRURNA

### SÖLUAÐILAR:

**OLÍS • ELLINGSEN • BYKO • SHELL • ESSO • BLÓMAVAL**  
**• FJARÐARKAUP • HÚSASMÍÐJAN • GARÐHEIMAR**  
**• ÞÍN VERSLUN • GRIPIÐ & GREITT • HLÍÐARKAUP**  
**• SUMARLAND • BJÖRKIN HVOLSVELLI • FERSTIKLA**  
**HVALFIRÐI • KAUPFÉLAG STEINGRÍMSFIJARÐAR**  
**• VALBERG ÓLAFSFIRÐI • VERLSUNARGEIRINN**  
**BOLUNGARVÍK • BORG GRÍMSNESI • VERSLUNIN**  
**BRYNJA • VIRKIÐ ÓLAFSVÍK**

Dreifing: **OLÍS Sími: 515-1100**

Ertu  
húmoristi?

Getur þú  
betur



en þetta?

Ertu

laus  
29. júlí?

Vantar þig



Þú gætir unnið **Dell Inspiron 6400** fartölvu að andvirði 219.000 kr. eða **24" Dell flatskjá** að andvirði 139.000 kr. Það eina sem þú þarft að gera er að mæta í verslun **EJS Grensásvegi 10**, laugardaginn **29. júlí**, milli kl. **12 og 16** og gera eitthvað ógleymanlegt sem kemur diggy.is og þeirra vörum á framfæri. Skráning á staðnum. Kynntu þér málið á diggy.is.

diggy.is





### > Plata vikunnar

The Feeling: Twelve Stops & Home „Frumraun bresku poppsveitarinnar The Feeling inniheldur popp sem er eins sykursætt og klisjulegt og það getur orðið. Lög sem límast svo fast inn í heilahvelið að maður þarf að skjóta þeim út.“

BÓS

## Trommaði með Franz Ferdinand

Tónlistarhátíðin T in the Park var haldin í Skotlandi fyrir tveim vikum síðan. Fulltrúi Íslendinga var hljómsveitin Sigur Rós og stóðu piltarnir sig með þryði eins og við var að búast. Eitt af aðal-númerum hátíðarinnar var rokk-sveitin Franz Ferdinand, sem lauk tónleikum sínum á glæsilegan hátt. Þá lék sveitin lagið Outsiders og eftir því sem leið á lagið gengu fjölmargir trommarar inn á sviðið og léku undir. Alls voru ellefu gesta-trommarar til kallaðir og einn þeirra var Orri Páll Dýrason úr Sigur Rós. Auk hans voru liðsmenn úr hljóms-

sveitunum Red Hot Chili Peppers, Maximo Park, The Cribs, Kaiser Chiefs, Cup Copy, Sons & Daughters, The Feeling og Wolfmother á sviðinu þegar flest var. Ekki amalegur félagsskapur þar á ferð. Myndband frá þessu má finna á Youtube.com með því að slá inn leitarorðin „12 Drummers Version“.



ORRI PÁLL DÝRASON Trommari Sigur Rósar spilaði með Franz Ferdinand á T in the Park.



### Í SPILARANUM

Æla: Sýnið tillitsemi, ég er frávik  
TV on the Radio: Return to Cookie Mountain  
Sufjan Stevens: The Avalanche  
Thom Yorke: The Eraser  
Kashmir: No Balance Palace

## tónlist

tonlist@frettabladid.is



MUSE Þessi vinsæla rokk-sveit gerir það nú gott með plötunni Black Holes and Revelations. Næsta smáskífa er sögð vera alger sumarsmellur.

## Sumarlag frá Muse

Breska rokk-sveitin Muse er á fljúgandi ferð þessa dagana. Muse sendi frá sér plötuna Black Holes and Revelations fyrir nokkrum vikum og hefur platan fengið frábæra dóma víðast hvar. Nú hafa liðsmenn Muse tilkynnt hver verður næsta smáskífa plötunnar. Það er lagið Starlight og er áætlað að smáskífan komi út 4. september næstkomandi. Lagið fer þó í spilun í útvarpi innan tíðar og því er

spáð að það muni njóta mikilla vinsælda, enda er hér um hressan rokkslagara að ræða, sannkallaðan sumarsmell. Myndbandið við Starlight verður frumsýnt í byrjun ágúst. Muse fer á stórt tónleikaferðalag um Bretland í haust en ekki hefur enn heyrst af því að hún hyggt snúa aftur til Íslands. Það væri þó ekki óvitlaust enda fyllti hún Höllina með frábærum tónleikum árið 2003.

## Uppselt í stúku

Það verður þétt setið á tónleikum breska tónlistarmannsins Morrissey og gesta sem haldnir verða í Laugardalshöll 12. ágúst næstkomandi. Uppselt er í stúku á tónleikana en nokkuð er eftir af miðum í stæði. Miðinn í stæði kostar 4.500 krónur fyrir utan miðagjald.

Miða á tónleikana er hægt að kaupa á vefsíðunni midi.is, í verslunum Skifunnar og völdum verslunum BT.



MORRISSEY Það stýttist óðum í að Morrissey bætist í hóp Íslandsvina.

## Rokkið sigrar poppið

Talsverðar sviptingar hafa orðið á tónlistarmarkaðinum að undanfögnu. Popptónlist á undir högg að sækja og gítarrokk-sveitir tröllríða öllu. Poppararnir bregðast við með því að færa sig í átt að rokkinu. Þessi þróun er farin að gera vart við sig á Íslandi.

Frá upphafi tíunda áratugarins og fram undir miðjan áratuginn voru Blur og Oasis vinsælustu hljómsveitir Bretlands. Allt snerist um Britpop-böndin og ótrúlegur fjöldi eftirhermusveita skaut upp kollinum. Þegar líða fór að lokum áratugarins var nýtt æði komið í staðinn. Stúlknasveitin Spice Girls gaf út fyrstu plötu sína árið 1996 og seldi svo tíu milljónir eintaka af annarri plötu sinni árið eftir. Tilbúnað popphljómsveitir voru allt í einu málið. Allt keyrði svo um koll á heimsvísu þegar Britney Spears og Christina Aguilera komu fram á sjónarsviðið.

Styrkur í raunveruleikabáttum Þegar kom fram yfir aldamótin styrkti poppheimurinn enn stöðu sína með raunveruleikabáttum á borð við Idolið. Fleiri og fleiri poppstjörnur létu á sér kræla og mikill gróðabransi varð til fyrir sjóaða lagahöfunda.

Rokkhundarnir höfðu þó ekki sagt sitt síðasta og hljómsveitir hófu að leita að innblæstri hjá gömlum meisturum. The White Stripes og The Strokes sýndu að gítarrokkið var ekki dautt úr öllum æðum. Í kjölfarið kom bylgja af líkum rokk-sveitum sem flestar áttu það sameiginlegt að nöfnin byrjuðu á The.

### Æðið í kringum Arctic Monkeys

Síðustu ár hefur nokkuð jafnvægi verið á tónlistarmarkaðinum í Bretlandi og víðast annars staða. Poppstjörnur seldu enn mun meira af plötum en rokk-sveitir þó þær síðarnefndu ynnu vissulega á. Árið 2002 áttu popptónlistarmenn um 52 prósent seldra smáskífa í Bretlandi en rokk-sveitir 13 prósent. Í fyrra kom í ljós hvert þróunin stefnir. Þá áttu popptónlistarmenn 34 prósent af öllum seldum smáskífum en rokk-sveitir höfðu hoppað upp í 24 prósent seldra smáskífa. Stórstjörnur í Bandaríkjunum hafa ekki farið varhluta af þessari þróun. Söngkonan Pink gaf út plötuna I'm Not Dead fyrr á árinu og fyrstu vikuna seldust 39 þúsund eintök af plötunni. Síðasta plata Pink kom út 2003 og þá seldust helmingi fleiri eintök fyrstu vikuna.

Augljóst er að gítarrokk er vinsælla í Bretlandi nú en það hefur verið síðusta áratuginn. Þetta sést vel á hljómsveitinni Arctic Monkeys. Hún náði mikilli fræðgi gegnum Myspace-síðuna án þess að hafa

TVER HEITAR Söngkonurnar Christina Aguilera og Britney Spears urðu alheimsstjörnur um leið og fyrstu plötur þeirra komu út. Þær hafa undanfarið verið á niðurléið.



ARCTIC MONKEYS Holdgervingur bresku rokkbylgjunnar sem slegið hefur popptónlistinni við þar í landi.



THE STROKES Leitaði aftur í gamla gítarrokkið og endurvakti vinsældir þess.

gefið út eina einustu plötu. Allir voru að tala um Arctic Monkeys og þegar fyrsta plata sveitarinnar, Whatever People Say I Am, That's What I'm Not, kom út í janúar varð allt vitlaust. 360 þúsund eintök af plötunni seldust fyrstu vikuna í Bretlandi, sem er met fyrir fyrstu plötu hljómsveitar eða listamanns.

### Unglingar gera kröfur

Í nýlegri grein í breska tónlistartímaritinu Q kemur fram að ástæðan fyrir þessum breytingum sé sú að tónlistaráhugamenn komist nú fyrir til vits og ára og geri fyrir kröfur en áður. Ungt fólk sé ekki lengur sátt við endalaus framléiðslu á spjátrungum úr raunveruleikabáttum, það vilji meira ógrandi listamenn. Af þessum sökum eru poppararnir margir hverjir farnir að leggja meira á sig en áður, gera meiri kröfur til sín og tónlistarinnar sem þeir flytja. Justin Timberlake hefur til að mynda ráðið upptökustjóran Rick Rubin til að vinna næstu plötu sína, en hann er þekktastur fyrir vinnu sína með Red Hot Chili Peppers og fleiri rokk-sveitum, auk þess að endurlífga feril Johnny Cash heitins.

### Rokkið sækir á hérlendis

Það er víðar en á stóru mörkuðunum í Bretlandi og Bandaríkjunum sem þessarar þróunar gætir. Ekki þarf að horfa lengra en á Eurovision-keppnina þar sem þungarokk-sveit, þó poppuð sé, sigraði örugglega. Á Íslandi er vel hægt að greina áhrif frá þessum breytingum, þó enn eigi þær eftir að skila sér að fullu. Snorri Snorrason, sem sigraði í Idolini, er miklu meiri fulltrúi rokk-tónlistar heldur en popptónlistar. Það sést ágætlega á því að hann stjórnaði nýverið upptökum á plötu Jet Black Joe. Íslenskar útvarpsstöðvar sem jafnan teljast sem poppstöðvar, svo sem FM957 og Kiss FM, hafa í auknum mæli bætt rokk-lögum á spilunarlista sína og það sama gildir um Popptívi. Íslenskar rokk-sveitir hafa átt lög á vinsældalistum stöðvanna. Hljómsveitin Jeff Who? hefur til að mynda setið á toppi Íslenska listans síðustu tvær vikurnar og Trabant gerði góða hluti fyrir á árinu.

### Ekki endalok poppsins

Þessi þróun þarf alls ekki að þýða endalok fyrir poppið og poppstjörnur. Þó að rokk-tónlist eigi sífellt meira upp á pallborðið er enn nægur markaður fyrir popparana, ekki síst ef þeir laga sig að breyttum aðstæðum. Velgengni Nylon-flokkans í Bretlandi sýnir að stelpnahljómsveitir eiga enn vel upp á pallborðið hjá unga fólkinu. Hugtakið „Pop Music“ hefur aftur á móti breyst til muna og í raun horfið aftur til þess sem áður var. Nú stendur „pop“ ekki lengur fyrir sykursæta popptónlist, heldur vinsæla tónlist.

SPICE GIRLS Kryddpiurnar tóku við af Britpop-hljómsveitunum Blur og Oasis og seldu tíu milljónir eintaka af annarri plötu sinni.



**SENDU SMS SKEYTIÐ JA VOF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO.**

Aðavinningar eru:  
PlayStation 2 tölvu, tveir bíómiðar og Over the Hedge leikurinn!

Aukavinningar eru: Bíómiðar fyrir tvo Over the Hedge tölvuleikur DVD myndir - Tölvuleikar - Vamingur tengdur myndinni og margt fleira!

Vinnningar verða afhendir hjá BT Spilaþingum. Þú getur tekið þátt í þessum SMS klúbbi. 99 kr./skilyð.





# 36 á annarri 32 á hinnri



Úlfar á 3 FRÖKKUM mælir með hrefnulundum:

- Skerðu ferskar lundirnar í sneiðar, alls ekki meira en 0,5 til 1 cm á þykkt.
- Aldrei meiri steiking en „Medium Rare“ eða „Rare“, 36 sek. á annarri hliðinni og 32 á hinnri!
- Ekki krydda of mikið.
- Pönnusteiking á sjóðheftri pönnu eða á grillið: dýfa lundinni í grill- eða steikarolíu og strjúka svo af mest af olíunni.
- Hrefnulundirnar eru líka frábærar hráar sem forréttur, með japanskri Kikkoman sojaolíu.

Njótið vel. Úlfar Eysteinnsson á 3 FRÖKKUM.

**Farðu nýjar leiðir og prófaðu ferskar sérvaldar hrefnulundir á grillið eða á pönnuna - snöggsteiktar að hætti meistarakokka.**

Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun. Meistarakokkarnir mæla með hrefnulundum í veisluna – og svo eru þær þægilegar í matreiðslu.

Ekki bíða með veisluna, veiðunum lýkur **18** . ágúst.

Hver sekúnda skiptir máli.



REYKJAVÍKURNÆTUR: HARPA ER FRÓÐLEIKSPYRST EN LANGAR EKKI Í MÖMMÓ

## Hvolpar eða karlmenni?

Í síðustu viku var ég með meiningar um hvernig það er eða getur verið að deita eldri menn. Í framhaldinu fór ég að spá í það hvernig það er að vera með yngri manni. Ég verð því miður að viðurkenna að ég hef ekki enn orðið þeirrar ánægju aðnjótandi. Ég get nefnilega vel ímyndað mér að það sé nokkuð spennandi. Þegar ég fór að velja þessu fyrir mér komu nokkur álitafni mér í huga sem er reyndar örugglega erfitt að alhæfa um en að sjálfsögðu fór ég á stúfana og spurðist fyrir.

Það sem kom fyrst upp í huga mér var: hrikalega hress gæi, algerlega með á nótunum og fitt á öllum sviðum! Hljómar vel, eiginlega bara of vel til að vera satt. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér fyndist afar spennandi að eiga svona mann. Hann myndi kannski veika mig á sunnudagsmorgni, búinn að skúra slotið, hrista saman í einn bústdrykk og henda í vél. Vá hvað þetta er eitthvað súrrealísk hugmynd en svona er þetta víst að verða með árunum. Kalla það nú breytingu til hins betra! Þá fór ég reyndar að velja einu öðru fyrir mér sem gæti

fylgt ungu mönnum af nýja skólanum. Ég hef allavega séð þó nokkur dæmi þess að ungir menn búi heima hjá sér langt um aldur fram, séu kjassaðir, verndaðir og illa dekraðir af foreldrum sínum. Ég get ekki annað en spurt mig: þegar þeir flytja loks að heiman, þurfum við þá að taka við umönnuninni eða breytast þeir í sjálfstæð karlmenni á einu augabragði? Mér finnst óstjórnlega ósexý þegar menn eru ósjálfbjarga og geta ekki gert nokkurn skapaðan hlut án leiðbeiningar frá mömmu eða kærustunni. Kannski er það uppeldið á mér en ég gæti bara ekki hugsað mér að eiga mömmustrák, eða öllu heldur mömmumann. Maður myndi sennilegast enda með því að brytja kvöldmatinn ofan í þá, tannbursta þá á kvöldin og smyrja nestið á morgnana. Það verður þó að segjast í þessu samhengi að umræddir menn hafa oft betri innsýn í tilfinningar kvenna og eru jafnvel tillitsamari og skilningsríkari en þeir af gömlu týpunni. Það fer þó stundum út í öfgar, verður einfaldlega klisjukennt og óþolandi væmið og hættir að virka sem skyldi. Línan

þarna á milli er þó rosalega fín, frá hinum fullkomna unga fola öðru megin yfir í gubbuvæmna mömmustrákinn hinum megin. Svo er eins gott að hann sé ekki eini maðurinn í vínahópnum sem er fullorðinn. Það skiptir nefnilega heilmiklu að vinirnir séu líka þannig að maður geti hugsað sér að umgangast þá mikið án þess að fá reglulega bjánabólur og kjánahroll. En eins og ég sagði er þetta þó ekki eitthvað sem hægt er að alhæfa um. Ég er handviss um að flestir ungir menn í dag eru vel upp aldir, sjálfstæðir og algerlega sjálfbjarga. Þó held ég að best sé að vera örugg með að maðurinn sé ekki langt á eftir í andlegum þroska svo maður endi ekki í hinum eilífa „mömmó“!



**BRITNEY SPEARS** Britney á von á öðru barni sínu með Kevin Federline, en sögusagnir um að þau séu að skilja eru rangar.

## Britney fær afsökunarbeiðni

Breska blaðið The National Enquirer hefur beðið Britney Spears afsökunar á því að hafa birt frétt þess efnis að stjarnan væri að skilja við eiginmann sinn Kevin Federline. „Andstætt því sem greinar okkar hafa gefið til kynna gerum við okkur nú grein fyrir því að hjónaband þeirra er ekki búið og þau eru ekki að skilja,“ sagði í yfirlýsingu frá blaðinu. „Þessar fullyrðingar eru ósannar og við höfum nú viðurkennt þá skoðun Britney að engar stoðir séu fyrir þeim.“

Afsökunarbeiðni af þessu tagi þykir mjög sjaldgæf og athygli vekur að hún kemur fram í bresku útgáfu blaðsins, á meðan bandarísk blöð, sem einnig birtu skilnaðarfréttir af Britney, hafa ekki dregið neitt til baka. Það er vegna þess að sönnunarbyrðin liggur hjá blaðinu í Bretlandi en í Bandaríkjunum er það hlutverk fólksins sem um er rætt að afsanna fréttir. Spears neitar því statt og stöðugt að hjónin séu að skilja og segir að Kevin hafi hjálpað sér mikið þegar hún varð ólétt í annað sinn.

## Hádegi í miðborginni

Um hádegisbilið í gær brosti sólin sínu blíðasta í Reykjavík og af því tilefni notuðu margir tækifærið og snæddu hádegismatinn úti fyrir.

Miðborginn var troðfull af fólki sem reif sig úr fötunum og naut sólargeislana enda hefur mörgum þótt nóg um veðurfarið að undanfögnu í höfuðborginni.



**MÆÐGUR AÐ MATAST** „Við erum í sumarfrí og ákváðum að fá okkur að borða saman í sólinni,“ segir Eva Rut Ingimarsdóttir, sem sat á Café Paris ásamt móður sinni Ernu Guðjónsdóttir sem kom frá Keflavík til þess að hitta dóttur sína.



**Í KAUPSTADARFERÐ** Jónmundur Guðmundsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, renndi til Reykjavíkur til að hitta vin sinn Pétur Árna Jónsson í hádeginu. „Það er nauðsynlegt að koma og sjá hvað er að gerast í kaupstaðnum,“ segir Jónmundur, sem átti von á fleiri félögum. Þess má geta að í Gróttu er nú rekið kaffihús í tengslum við sýninguna Eiland.



**SÆTAR SYSTUR** „Við erum á leið til Tenerife í næstu viku,“ sögðu systurnar Hlín og Dóra Erla Þórhallsdóttir um leið og þær nutu veðurbliðunnar á Austurvelli. Dóra Erla var á leið í vinnu á Te og kaffi en Hlín, sem er þrettán ára, hefur bara verið að leika sér í sumar.



**FIG OG FJÖRUG** Lee frá Suður-Afríku og Belen frá Ekvador notuðu hádegið til fíleikaæfinga á Austurvelli. Þau eru bæði ferðamenn hér á landi en margir kannast við Lee sem trúðinn fjöruga sem sýnir yfirleitt listir sínar á Lækjartorgi þegar veður er gott. Hann sagðist nú samt ekki hafa mikið upp úr þeirri vinnu en margir splæstu á hann glasi þegar þeir sæju hann á barnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



**STERKIR STRÁKAR** Þessir flottu strákar eru að vinna hjá fyrirtækinu Raffholti sem er meðal annars að vinna við Casanova-byggingu Menntaskólans í Reykjavík og við hótél í Þingholtsstræti. „Nú erum við bara aðeins að slaka á í sólinni. Við vorum að koma af veitingastaðnum Red Chillí en þangað fórum við alltaf í hádeginu,“ sögðu strákarnir og héldu áfram að sleikja sólinu við Austurvöll.

**BESTU VINKONUR** „Við smyrjum okkur aldrei nesti í vinnuna, kaupum okkur bara eitthvað ef við eigum pening en annars borðum við bara ekki neitt,“ sögðu þær Marsibil Perla Dagbjartsdóttir og Nanna Rúnarsdóttir þegar þær átu pizzuna sína.

## Horfðu á sætu stelpurnar

Fyrir utan útibú Landsbankans í Austurstræti var hópur af rússneskum sjóliðum frá skólaskipinu Sedov. Þeir voru hressir og kátir í veðurbliðunni að skipta peningum í bankanum en þeir halda af landi brott í dag. Aðspurðir sögðust þeir ætla að spóka sig í miðbænum í veðurbliðunni og sögðust ætla að fara að spila fótbolta seinnipartinn. Einnig tóku sjóliðarnir það sérstaklega fram að aðallega væru þeir að horfa á allar sætu stelpurnar sem þeir sögðu fylla götur borgarinnar.



**HRESSIR** Sjóliðarnir voru hressir fyrir utan Landsbankann enda heppnir að lenda í besta veðri sumarsins hingað til.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA



**HEITT MÆÐ HÚFUNA** Sumir voru komnir úr einkennisjökkunum og búnir að taka af sér húfuna enda var steikjandi hiti í sólinni í gær.



REGINA ÖSK



BOGOMIL FONT



MARGRÉT EIR



GRÉTA & HÓLMFRÍÐUR



EIVÖR PÁLSDÓTTIR



LEONE OG ELLERT



HELGI RAFN

...OG MARGIR FLEIRI

HEITASTA ÍSLENSKA SUMARTÓNLISTIN  
KOMIN Í VERSLANIR!



# Menningarveisla á Seyðisfirði

Á laugardagskvöld verður haldin mikil tónlistarveisla á Seyðisfirði. Tónlistarveislan er liður í Lunga, listahátíð ungs fólks sem staðið hefur yfir alla vikuna á Seyðisfirði. Hjómsveitirnar sem spila eru meðal annars Fræ, Ampop, Ghostigital, Biggi Orchestra, Jeff Who, Sometime, Benny Crespo's Gang, Miri, The Foreign Monkeys sem unnu músíktilraunir Hins hússins og Tony the Pony. Mikið líf hefur verið alla vikuna á listahátíðinni en þáttakendur hafa getað skráð sig í hinar ýmsu listasmíðjur eins og fatahönnunarsmíðju, leiklistarsmíðju, gospelsmíðju og sirkussmíðju. Nánari upplýsingar um tónleikana má fá á [www.lunga.is](http://www.lunga.is)



**TÓNLISTARMENN FRAMTÍÐARINNAR** Það er hægt að spila á ýmislegt, jafnvel gaskúta og annað tilfallandi eins og þáttakendur Lunga fengu að kynna. Um helgina mun bærinn svo fyllast af tónlistarmönnum sem taka munu þátt í mikilli tónlistarveislu á laugardagskvöld.



**GLATT Á HJALLA** Lunga er stærsti menningarviðburður á Austurlandi fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára en hátíðin er nú haldin í sjöunda sinn.



**TÍSKUPRAUTIR** Ríkey Kristjánsdóttir stýrði fatahönnunarsmíðju og komust færri nemendur þar að en vildu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ELMA GUDMUNDSDÓTTIR



**GOSPEL OG BOLIR** Gospelsöngkonan Pat Randolph bauð upp á gospelsmíðju á listahátíðinni en kom þó að fleiru en tónlistinni eins og sjá má á þessari mynd þar sem hún er að merkja boli.

**VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK**



**Miele**

Miele S381 Tango Plus ryksuga með 1800W mótór Verð áður kr. 24.600

Tilboð: **kr. 15.990**

Fæst nú bæði í rauðu og ljós-grábláu

**35% afsláttur**

**Miele ryksuger á einstöku tilboðsverði**

Verið velkomin í Eirvík og kynnið ykkur Miele heimilistækin í einni glæsilegustu heimilistækjaverslun landsins.

**EIRVÍK**

– hágæðaheimilistæki

Miele Tango ryksuger, fást nú hjá eftirtöldum aðilum á tilboðsverði:

**GEISLI**

Flötum 29, Vestmannaeyjum

Tilboðið gildir á meðan birgðir endast.

**LJÓSQJAFINN**

Glerárgötu 34, Akureyri

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík

Sími 588 0200 - [www.eirvik.is](http://www.eirvik.is)

HREINN  
20%  
EPLASAFI



ÁN VIÐBÆTTIS SYKURS

**GEFUR LÍFINU  
EPLABRAGÐ!**



**Nýtt í**

Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

**FRÁ HÖFUNDI BRING IT ON**

**ULTRAVIOLET**  
MILLA JOVOVICH  
Blóðstríðið er hafði!  
Milla Jovovich í mögnuðum Sci-Fi spennutrylli!

**OVER THE HEDGE**  
Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

**stick it**  
Jeff Bridges  
ÓVÆNTASTA, KYNPOKKAFYLLSTA OG SKEMMTILEGASTA GRINMYND ÁRSINS

**CLICK**  
Adam Sandler, Kate Beckinsale og Christopher Walken í GAMANMYND ÁRSINS

**BENCHWARMERS**  
Sprengjafullgrinmynd með Islandsvinnum Rob Schneider og Deuce Bigelow og John Rieder úr Napoleon Dynamite!

**DA VINCI CODE**  
50.000 MANN!  
BYGGD Á VINSÆLUSTU BÓK Í HEIMI!

**TOKYO DRIFT**

**BANDIDAS**

**SMÁRA BIÓ** Sími 564 0000

**REGNBÖGINN** Sími 551 9000

**Borgarbió** Sími 462 3500

ULTRAVIOLET	kl. 4.50, 8 og 10.10 B.L. 12 ÁRA	ULTRAVIOLET	kl. 5.50, 8 og 10.10 B.L. 12 ÁRA	STICK IT	kl. 8 og 10
OVER THE HEDGE ISL. TAL	kl. 3, 5 og 7	THE BENCHWARMERS	kl. 6, 8 og 10 B.L. 10 ÁRA	BANDIDAS	kl. 6 B.L. 10 ÁRA
OVER THE HEDGE ENSKT TAL	kl. 3, 5, 7, 9 og 11	CLICK	kl. 5.30, 8 og 10.30 B.L. 10 ÁRA	THE BENCHWARMERS	kl. 8 B.L. 10 ÁRA
SÝND Í LÚXUS ENSKT TAL	kl. 3, 5, 7, 9 og 11	DA VINCI CODE	kl. 6 og 9 B.L. 14 ÁRA	CLICK	kl. 10 B.L. 10 ÁRA
STICK IT	kl. 3, 5.30, 8 og 10.20			THE FAST & THE FURIOUS	kl. 6 B.L. 12 ÁRA
CLICK	kl. 9 og 11.20 B.L. 10 ÁRA				
RAUDHETTA ISL. TAL	kl. 3				

**400 kr. í bió!**  
Gildir á allar sýningar í Regnböginnum með raubi

Dolby SDDS THX BIÓ.IS - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS BIÓ - bara lúxus

Þau ætla að ná aftur hverfinu...  
...þinn bita í einu!

**OVER THE HEDGE**  
Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

Sýnd kl. 4, 6 og 8 ISL. TAL Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 ENSKT. TAL

SVAKALEGASTA HROLLVEKJA ÁRSINS

ÞETTA FÓRNARLÖMB  
EINN GEDSJUKUR  
FJÖLDAMORÐINGI!  
HVER MUN LIFA  
NÓTTINA AF

**SEE NO EVIL**  
ALLS EKKI FYRIR VÍÐKVEMA

Sýnd kl. 8 og 10 B.L. 16

**FAST & FURIOUS TOKYO DRIFT**  
Sýnd kl. 10 B.L. 12

of þú ættir  
jarskyrningu...  
þú gætir stjert  
lífi þínu?  
SAM SANDLER

**CLICK**  
Sýnd kl. 4 og 6

www.laugarasbio.is

## Endurtekur leikinn

Engin lognmolla er í kringum Brad Pitt og Angelinu Jolie. Samkvæmt blaðinu National Enquirer mun Angelina hafa brostið í grát þegar hún kom að Brad í símanum við Jennifer Aniston, sem er eins og kunnugt er fyrrverandi eiginkona hans. Brad segir að símtalið hafi einungis snúist um viðskipti en hann og Jennifer áttu saman framleiðslufyrirtækið Plan B. Angelina er ekki sátt við að Brad sé í sambandi við Jennifer og mun það hafa verið ein af ástæðunum fyrir því að hún vildi ekki flytjast aftur til Malibu þar sem hann á hús. Margir muna eflaust eftir því þegar Pitt og Aniston skildu en þá kom Jennifer einmitt að manni sínum í símanum við Jolie.



**BRAD PITT OG JENNIFER ANISTON** Angelina Jolie bras í grát þegar hún frétti að Brad Pitt hefði hringt í fyrrverandi konu sína Jennifer Aniston. FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS

## Keppt um ný brjóst

Keppni danskrar heimasíðu hefur vakið blendin viðbrögð meðal heimamanna en verðlaunin eru ný brjóst.

Það er stefnumótasíðan scor.dk sem efnir til þessarar keppni í september þar sem sigurvegarinn getur valið um að láta stækka eða minnka brjóstin á sér. Femínistar í Danmörku eru æfir yfir þessari keppni og sagði Karen Hallberg hjá danska kvennasamfélaginu að þetta væri enn eitt dæmið um hvernig farið væri með kvenlíkamann sem söluvöru. „Þetta er mjög undarleg keppni og þrátt fyrir að konum sé frjálst að taka þátt eiga afleiðingarnar eflaust eftir að verða hrikalegar fyrir sumar konur,“ sagði hún í samtali við vefsíðu Ekstrablaðsins.

Aðstandendur heimasíðunnar segja hugmyndina komna frá notendum en fjölmargir hafi sett sig í samband við síðuna og spurt hvort hún væri tilbúin að fjármagna brjóstaaðgerðir. „Síðastliðin tvö til þrjú ár höfum við fengið fyrirspurnir frá konum sem vilja ný brjóst og á netinu hefur fjöldi kvenna sett upp heimasíður þar sem óskað er eftir aðstoð til að fjármagna slíka aðgerð,“ segir Lars Castenlund, framkvæmdastjóri síðunnar. Hann var hvergi banginn við gagnrýnendur keppninnar og sagði að nú væri árið 2006 einfaldlega runnið upp. „Og við verðum að muna að þátttakendurnir eru óánægðir með brjóstin sín og því er þetta mjög mikilvægt fyrir þá,“ bætti Lars við. „Ef við getum gert stúlkurnar hamingjusamari um við ánægðir,“ sagði hann í samtali við Ekstrablaðet. Þeim sem hafa í hyggju að kynna sér

**SÍLIKON-BOMBA** Jordan, sem varð fræg sem opnstúlka á Bretlandi, hefur aldrei farið leyt með sinn gríðarstóra barm.



**FRÆGASTI SÍLIKONBARMUR HEIMS** Pamela Anderson hefur aldrei verið feimin við að sýna barminn á sér en hann hefur verið lagfærður töluvert í feignaraðgerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

þessa keppni er bent á heimasíðuna en senda verður mynd af brjóstunum til að fá þátttökurétt. - fgg



**KLÁM-STJARNAN JAMESON** Jenna Jameson er ein frægasta klámstjarna heims og hefur látið setja þó nokkuð af sílikoni í barminn.

**Í KJÖLFARÍÐ** Carmen Electra lét stækka sín brjóst en lýsti því seinna yfir að þau væru of stór.



allar útsöluvörur

**2 fyrir 1\***

\*greitt er fyrir dýrari vöruna

**TOPSHOP TOPMAN**

SMÁRALIND | 522 8383



Frá framleiðendum SHREK & MADAGASCAR

Pau ætla að ná aftur hvertinu...  
...einn bita í einu!

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI ER EINN STAFAENA / DIGÍTÁL BIÓD Á ÍSLANDI

**OVER THE HEDGE**

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI ER EINN STAFAENA / DIGÍTÁL BIÓD Á ÍSLANDI

**SUPERMAN RETURNS**

Mesta ofurmenni heims hefur snúið aftur.

★★★★★  
VÆJ TOPPLIS  
★★★★★  
SÍM ALLRA BESTA MYND ÁRÍNS, BETAN SINGLER KOMUNA Í MÓP HEFRA FREMSTU LÍKA-ÞEY  
★★★★★  
N.M.A. KVFANINGUR.COM

**SUPERMAN RETURNS**

**THE LAKE HOUSE**

**ALFABAKKA**

OVER THE HEDGE <b>isl. tal</b>	KL. 12-2-4-6
OVER THE HEDGE <b>enskt. tal</b>	KL. 12-2-4-6-8-10-10
SUPERMAN RETURNS	KL. 12:30-3:50-4:50-7-8-10-10-11:10 <b>B.I. 10</b>
SUPERMAN RETURNS <b>VIP</b>	KL. 3:20-8-11-10
THE BREAK UP	KL. 8-8:15-10-20
THE FAST AND THE FURIOUS 3	KL. 10:30 <b>B.I. 12</b>
BÍLAR <b>isl. tal</b>	KL. 12-2-3-5:30

**KRINGLUNNI**

*OVER THE HEDGE <b>isl. tal</b>	KL. 1-3-4:50-6:40
*OVER THE HEDGE <b>enskt. tal</b>	KL. 1-3-5-7-9:15-11:15
*SUPERMAN RETURNS	KL. 2:40-5:50-9:15-11:30 <b>B.I. 10</b>
THE BREAK UP	EKKI SÝND Í DAG

\*SÝNDAR Í STAFAENNI ÚTGÁFU, MYND OG HLJÓÐ

**KEFLAVÍK**

OVER THE HEDGE <b>isl. tal</b>	KL. 6-8
THE LAKE HOUSE	KL. 10
SUPERMAN RETURNS	KL. 6-9 <b>B.I. 10</b>

**AKUREYRI**

OVER THE HEDGE <b>isl. tal</b>	KL. 6-8
THE BREAK UP	KL. 10:10
SUPERMAN RETURNS	KL. 6-9 <b>B.I. 10</b>

**HÁSKÓLABÍÓ S**

SUPERMAN RETURNS	KL. 5:30-8:40-10:30 <b>B.I. 10</b>
OVER THE HEDGE <b>enskt. tal</b>	KL. 6-8-10:10
THE BREAK UP	KL. 6-8:15-10:40
THE LAKE HOUSE	KL. 6-8:15
BÍLAR <b>isl. tal</b>	KL. 5:50
CARS <b>enskt. tal</b>	KL. 8:15
KEEPING MUM	KL. 10:30 <b>B.I. 12</b>

HÁSKÓLABÍÓ S 530-1919

## Ást við fyrstu sýn

Söngvarinn knái Justin Timberlake hefur aldrei verið mikið fyrir að gaspra um einkalíf sitt en í nýjasta hefti tímaritsins GQ kemur hann fram í opinskáum viðtali þar sem hann lætur allt flakka. Þar talar hann um samband sitt við popp-prinsessuna Britney Spears, sem hann segir að hafi verið ást við fyrstu sýn. „Ég lá kylliflatir um leið og ég sá hana



CAMERON DIAZ Er ástin í lífi Justins um þessar mundir.

í fyrsta skiptið en hún sveik mig og það er erfitt að jafna sig á því.“ Justin segist þó óska henni velfarnaðar í lífinu en þau hafa ekki talað við síðan þau hættu saman. Einnig talar hann um samband sitt við Cameron Diaz en miklar sögusagnir hafa verið þess efnis að þau séu hætt saman. Justin segir að þau séu ennþá kærustupar en þau reyni að forðast ágang fjölmiðla eins og heitan eldinn.



JUSTIN TIMBERLAKE Talar opinskátt um einkalíf sitt í viðtali við tímaritið GQ.

## Parf ekki undirbúning

Stórleikarinn Bill Nighy segist ekki nenna að búa sig undir hlutverk sín í kvikmyndum en hann leikur aðalhlutverkið í bresku kvikmyndinni Stormbreaker ásamt Ewan McGregor. Mikið er búist við af þeirri mynd og má reikna með að hún verði aðal-smellurinn í Bretlandi. „Ég sé ekki tilganginn í því,“ sagði Nighy, sem skaust upp á stjórnuhimin hvíta tjaldsins í Love Actually en hafði fram að því einbeitt sér að leik í „vönduðum“ kvikmyndum. „Ég hætti því rugli fyrir mörgum árum síðan og reyni nú að undirbúa mig sem minnst,“ sagði Nighy, sem leikur einnig í framhaldsmyndinni um sjóræningjana á Karíbahafinu, Dead Man's Chest. „Í Stormbreaker leik ég þar að auki litlausan mann í gráum jakka-



BILL NIGHY Hefur vafalítið ekkert kynnt sér hvernig lífið á Íslandi gengi fyrir sig áður en hann hóf leik í sjónvarpsmyndinni The Girl in the Café.

fötum með grátt yfirvaraskegg sem hefur engar tilfinningar,“ sagði Nighy og bætti við að fyrir slíkt þyrfti hann engan undirbúning.

## Ósátt við granna handleggi

Ekki er á allt kosið í heimi fræga fólksins enda skipta línurnar miklu máli í Hollywood. Lindsay Lohan lýsti því nýlega yfir að henni myndist hún vera með of granna handleggi en leikkonan komst á forsiður slúðurblaðanna fyrir nokkru þegar hún grenntist heldur ótæpilega. Hún er nú á fullu að byggja líkamann upp og samkvæmt fréttum í slúðurblöðum þar vestra hefur hún nú fengið æði fyrir að gera armlyftur. „Ég er í heilsurækt. Ég stunda armlyftur og þjálfu fæturna. Fólk hefur sagt við mig að því finnst ég vera með of granna handleggi svo að ég geri langmest af því að hífa mig upp. Geri það eins oft og ég get. Ég er orðin nokkuð góð,“ sagði Lohan stolt.



LINDSAY LOHAN Ósátt við grönnu handleggina sína og stundar nú líkamsrækt af kappi.

Leikkonan er nú á fullu við að taka upp kvikmyndina Bobby sem Emilio Estevez leikstýrir en hún segir frá morðinu á Robert

Kennedy. Lohan er þar í fríðum flokki leikara en meðal þeirra sem koma við sögu eru Demi Moore og Anthony Hopkins. Þá

leikur hún aðalhlutverkið í Chapter 27, sem fjallar um Mark David Chapman, morðingja John Lennon.

## Alltaf ein

Leikkonan unga Katie Holmes eignaðist sitt fyrsta barn á dögunum með leikaranum Tom Cruise. Lítið hefur verið af fréttum af litlu stúlkunni þeirra sem ber nafnið Suri og engar myndir hafa birst af henni í fjölmiðlum. Samkvæmt tímaritinu People er Katie alltaf ein með barninu og lífvörðum sínum og Tom aldrei heima hjá mæðgunum. Katie mun vera orðin þunglynd út af þessu og brosir mjög sjaldan.



TOM CRUISE OG KATIE HOLMES Tom er aldrei heima hjá Katie og skilur hana að mestu eftir eina með barnið.

coast

verðhrun  
allar vörur með **70%** afslætti

COAST SMÁRALIND SÍMI 554 5111





### Birgir lék vel í Austurríki

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson lauk leik á einu höggi undir pari á áskorandamóti í Austurríki í gær. Birgir var á tveimur höggum undir pari eftir fyrri níu holurum en fataðist örlítið flugið á seinni hringnum. Hann getur þó vel við unað.

**sport**  
sport@frettabladid.is

GUNNAR HEIÐAR ÞORVALDSSON: ER MEÐ TVÖ HÚÐFLÚR OG ER EKKI HÆTTUR

## Drottinn einn getur dæmt mig

Eyjapeyinn Gunnar Heiðar Þorvaldsson, atvinnumaður í knattspyrnu hjá Þýska úrvalsdeildarliðinu Hannover 96, hefur vakið mikla athygli félaga sinna í liðinu vegna húðflúrs sem hann skartar á vinstri handleggnum.

„Flestir sjá ekki hvað stendur en það kemur svo alltaf sami svipurinn á menn. Já, þetta er svona mikill töffari,“ eða eitt-hvað í þá veruna. En það er ekki ætlunin.“

Húðflúrið sýnir manneskju sem heldur á krossi og biður til guðs með lokuð augun. Og þar stendur „Only God Can Judge Me“ eða „Drottinn einn getur dæmt mig“. Annar knattspyrnumaður, Zlatan Ibrahimovic, skartar einmitt samskonar húðflúri á sér.

Gunnar Heiðar játar því að vera trúður maður. „Þó að ég fari ekki í kirkju á hverj-

um sunnudegi þá er ég trúður maður. Maður talar stundum við hann, þegar á þarf að halda. En þetta er einnig skírskotun í það að ég hef mátt þola ýmislegt bakktal og fleira í þeim dúr í gegnum tíðina, sérstaklega á eins litlum stað og Vestmannaeyjum. Maður lenti oft illa í því og ég ákvað því að fá mér tattú sem sagði að það væri bara einn sem gæti dæmt mig og hann er þarna uppi,“ útskýrði Gunnar Heiðar.

Það var þó ekki fyrsta húðflúrið sem Gunnar Heiðar fékk sér en 17 ára gamall fékk hans sér nokkurs konar þyrnikórónu á

hægri handlegg. „Ég er búinn að fá mér nýtt tattú á hverjum stað sem ég spila á. Fyrst var það í Vestmannaeyjum, þegar ég lék með ÍBV, svo í Halmstad í Svíþjóð. Nú er ég kominn á nýjan stað og er búinn að velta þessu mikið fyrir mér. Ég býst við að fá mér tattú á herðablaðið og hafa það svolit- ið stórt en það eru 2-3 hlutir sem koma til greina.“

Hann kveðst hæstánægður með „blekið“ og hlakkar til að bæta í safnið. „Þetta er bara einhver baktería sem maður fær.“



> Glæsilegur sigur Íslands

Íslenska U18 ára landsliðið í körfubolta vann glæsilegan sigur á Evrópumeystum Frakka á Evrópumótinu í Portúgal í gær. Þetta var fyrsti sigur Íslands á mótinu. Áður hafði liðið tapað fyrir Spánverjum og Króötum en liðið sýndi mátt sinn og megin í gær. Leikurinn var æsispennandi nánast allan tímann en í hálfleik var staðan 34-36, Frökkum í vil.

Íslenska liðið tók svo öll völdin á vellinum í þriðja leikhlutunum þar sem það lagði grunninn að 73-61 sigri. Fjórir leikmenn nánast sáu um að leggja ógnarsterka Frakkana að velli en Hörður Helgi Hreiðarsson skoraði sautján stig, Brynjar Björnsson sextán og þeir Hörður Axel Vilbergsson og Þróstur Jóhannsson fimmtán hvor.



GRINDAVÍKURBLAÐIÐ  
Hér má sjá forsiðu eins af blöðunum.

Skemmtileg viðbót:

## Glæsileg blöð eru komin út

**FÓTBOLTI** Út eru komin sérstök knattspyrnublöð tileinkuð Landsbankadeildarliðunum KR, Grindavík og Íslandsmeisturum FH. Fyrirtækið Media Group ehf. vinnur þessi blöð sérstaklega fyrir hvert félag og í þeim má finna fjölmargar greinar, viðtöl og annað efni sem fjallar um málefni hvers félags. Jafnan er fjallað um karla- og kvennaknattspyrnu.

Blöðunum er dreift frítt á heimaleikjum liðanna en einnig má finna blöð á þjónustustöðum í viðkomandi hverfi/sveitarfélagi. Þetta er annað árið í röð sem þessi blöð eru gefin út.

- egm

Pétur Marteinson:

## Íhugar að koma heim

**FÓTBOLTI** Knattspyrnumaðurinn Pétur Marteinson íhugar nú hvort hann eigi að halda heim á leið eftir ellefu ár í atvinnumenskunni í Evrópu. Pétur er á mála hjá sænska úrvalsdeildarliðinu Hammarby og stendur honum til boða tveggja ára samningur en núverandi samningur hans rennur út í lok tímabilsins.

„Ég er ekki búinn að ákveða hvort ég undirrita nýja samninginn. Okkur í fjölskyldunni líður mjög vel hérna úti en ellefu ár er langur tími og hugurinn er farinn að leita heim. Við munum ákveða okkur nú í sumar.“

Pétur spilaði síðast á Íslandi með Fram undir stjórn Marteins Geirssonar föður síns árið 1994 en hjá Fram er nú meðal annars hans gamli vinur Helgi Sigurðsson. - esá

# Fimm lið í ensku úrvalsdeildinni vilja kaupa Hermann frá Charlton

Fimm lið í ensku úrvalsdeildinni hafa áhuga á því að kaupa Hermann Hreiðarsson frá Charlton, sem vill alls ekki missa kappann. Hermann segist vera ánægður hjá Charlton en skoða allt sem komi upp.


**FÓTBOLTI** Hermann Hreiðarsson varð 32 ára á dögunum og á hann eitt ár eftir af samningi sínum hjá Charlton. Hermann er í miklum metum hjá liðinu og eftir að Alan Curbishley hætti þjálfun liðsins fóru lið í ensku úrvalsdeildinni að sýna Hermann áhuga en hann hefur leikið einstaklega vel og átt fast sæti í hjarta varnarinnar hjá liðinu.

„Sama dag og Curbishley hætti með liðið fékk ég símtöl frá þremur liðum í ensku úrvalsdeildinni,“ sagði Ólafur Garðarsson, umboðsmaður Hermanns, við Fréttablaðið í gær en Fréttablaðið hafði borist til eyrna að Fulham hefði áhuga á Eyjapeyjanum.

Auk Fulham hafa Wigan og Middlesbrough haft samband við Charlton og hafa verið tilbúin til að borga allt að tvær milljónir punda fyrir íslenska varnarmanninn. Charlton hefur gefið öllum liðunum sama svarið: Nei takk.

Tvö lið til viðbótar höfðu svo samband við Charlton með það fyrir augum að kaupa Hermann, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru það Newcastle og Manchester City. Þetta verður að teljast mikill heiður fyrir Hermann, sem hefur verið hjá Charlton frá árinu 2003.

Fréttablaðið heyrði af áhuga Fulham á því að kaupa Hermann



HERMANN Er hér í baráttu við Ledley King, leikmann Tottenham.

NORDICPHOTOS/AFP

en Ólafur Garðarsson, umboðsmaður hans, staðfesti þetta í gær og sagði að fleiri lið hefðu sýnt honum áhuga. „Ég talaði við stjórnarformann Charlton og hann sagði

að þrjú lið hefðu formlega haft samband og þeir hafa alltaf neitað. Hann sagði að þeir hefðu engan áhuga á því að selja Hermann,“ sagði Ólafur.

Íslenska U21 árs landslið kvenna í knattspyrnu spilar um þriðja sætið á opna Norðurlandamótinu:

## Frábær úrslit en svekkjandi niðurstaða í Noregi

**FÓTBOLTI** Íslenska ungmennalandsliðið í knattspyrnu spilar um bronsverðlaunin á opna Norðurlandamótinu sem nú fer fram í Noregi. Ísland vann öruggan sigur á danska liðinu í gær og skoraði sex mörk á stóllur sínar, sem þó náðu að skora fyrsta markið. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði þrennu í leiknum en Hólmfríður Magnúsdóttir, Helga Sjöfn Jóhannesdóttir og Sif Atladóttir skoruðu sitt markið hver.

Ísland gerði jafntefli við Bandaríkin, sem hafa ekki tapað leik frá árinu 2003. Liðin sem lentu í efstu sætunum í riðlunum tveimur spila til úrslita en til þess að komast þangað þurftu bandarísku stúlurnar að vinna Noreg með fjórum mörkum eða meira. Það tókst þeim

á ótrúlegan hátt og þær spila því til úrslita en íslenska liðið þarf að láta sér leikinn um þriðja sætið duga vegna óhagstæðari markamunar.

Elisabet Gunnarsdóttir, þjálfari íslenska liðsins, var að vonum svekkð þegar Fréttablaðið talaði við hana í gærkvöldi. „Það er varla hægt að lýsa því hversu svekkjandi þetta er. Norski markmaðurinn fékk fátíðlegt mark á sig undir lokin og Bandaríkin skoruðu annað markið á 67. mínútu eftir að hafa verið 1-0 yfir í hálfleik,“ sagði Elisabet.

„Við gátum bara ekki gert neitt meira, við gerðum allt sem við gátum. Við verðum að reyna að vera sáttt og það er hægt að taka margt jákvætt út úr þessu móti. Við hefðum líka getað skorað fleiri



MARGRÉT LÁRA Skoraði þrennu í leiknum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

mörk í leiknum gegn Dönum en það verður engu að síður að teljast góður árangur að skora tíu mörk í þremur leikjum gegn þessum þjóðum,“ sagði landsliðsþjálfarinn að lokum en Ísland mætir Svíum í leik

um þriðja sætið á mótinu á laugar- daginn en það lið sem vinnur þann leik verður jafnframt Norðurlandameistari þar sem Bandaríkin og Þýskaland keppa til úrslita á mótinu. - hph

Hollenska liðið Feyenoord ætlar að opna knattspyrnuakademíu í Gana:

## Feyenoord slítur samstarfi við Breiðablik

**FÓTBOLTI** Hollenska félagið Feyenoord hefur ákveðið að slíta samstarfi við mörg félög í Evrópu, þar á meðal Breiðablik. Samstarfið gekk út á að nokkrir leikmenn fóru út til reynslu hjá Feyenoord, þeirra á meðal Viktor Unnar Illugason. Samstarfið var fyrir utan það mjög lítið en það

var aðeins í gangi í rúm ár.

„Samstarfið hefur verið lítið sem ekki neitt undanfarið. Það hafa þó nokkrir þjálfarar farið á námskeið ytra en mikið meira varð samstarfið ekki,“ sagði Svavar Józefsson, framkvæmdastjóri Breiðabliks, við Fréttablaðið í gær.

Feyenoord hefur ákveðið að opna knattspyrnuakademíu í Gana í staðinn en félagið hætti samstarfi við fimmtán lið auk Breiðabliks. Með akademíunni í Gana vonast hollenska liðið til þess að lokka alla efnilegustu leikmenn þjóðarinnar til sín.

- hph







INDRIÐI Er hér í baráttunni við Marcin Kaczmarek í landsleik Íslands og Póllands.

## Enska félagið Ipswich Town: Möguleikar Indriða aukast

**FÓTBOLTI** Möguleikar Indriða Sigurðssonar á að semja við enska félagið Ipswich virðast hafa aukist en félagið sendi í gær tvo af fjórum leikmönnum sem voru á reynslu hjá sér heim. Indriði er eftir við annan mann en Jim Magilton, stjóri liðsins, hefur gefið út að hann hyggist semja við tvo leikmenn fyrir tímabilið.

Indriði lék með félaginu í æfingaleik í fyrradag en þar var hann í byrjunarlöðinu en var skipt út af eftir 50 mínútna leik. Þeir Alexis Bertin og Medhi Menari spiluðu einnig í leiknum en þeir fengu þau skilaboð í gær að þeir fengju ekki samning við Ipswich.

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur enn ekki náðst í Indriða á Englandi. - hþ

## U20 ára landslið Íslands: Vann Íra í gær

**KÖRFUBOLTI** Íslenska ungmennalandsliðið í körfubolta vann Íra á Evrópumóti U20 ára liða í Portúgal í gær. Ísland vann leikinn 77-76 eftir æsispennandi lokasekúndur þar sem bæði lið fengu tækifæri til að skora en allt kom fyrir ekki.

Jóhann Ólafsson var stigahæstur í íslenska liðinu í gær með 26 stig en Pavel Ermolinskij skoraði þrettán stig og tók auk þess tólf fráköst. - hþ



ZIDANE Yfirgefur hér höfuðstöðvar FIFA í gær eftir að hafa verið dæmdur í bannið en fjölmiðlar gera hvað þeir geta til að ná myndum af Frakknum. NORDICPHOTOS/AFP

Zinedine Zidane og Marco Materazzi:

## Fengu sektir og bann í refsingu frá FIFA

**FÓTBOLTI** Zinedine Zidane var bannaður í þrjá leiki af FIFA fyrir að skalla Marco Materazzi eftirminnilega í brjóstkassann í úrslitaleik Heimsmeistarakeppninnar. Zidane brást ókvæða við eftir að þeir félagar höfðu átt orðaskipti á 110. mínútu leiksins sem lauk með þessum afleiðingum. Versta refsing Zidane var að enda feril sinn á þennan hátt en hann er nú hættur knattspyrnuíðkun og því hefur bannið enga þýðingu fyrir hann. Auk þess þarf Zidane að greiða 3.260 pund í sekt.

Materazzi fékk tveggja leikja bann og 2.170 pund í sekt og tekur

Íslenskir varnarmenn í eldlínunni með toppliðunum í Noregi og Svíþjóð:

## Fjórir íslenskir varnarmenn á toppnum í Skandinavíu

**FÓTBOLTI** Í fyrra eignuðust Íslendingar meistara bæði í Noregi og Svíþjóð. Árni Gautur Arason ver mark Noregsmeistara Vålerenga og þeir Kári Árnason og Sölvi Geir Ottesen leika með Djurgården sem varð tvöfaldur meistari í Svíþjóð. Þó að þessi lið hafi ekki náð sér fyllilega á strik á nýju tímabili á Ísland sína fulltrúa í toppliðunum í þessum tveimur deildum - og allir eru þeir varnarmenn.

Kristján Örn Sigurðsson og Ólafur Örn Bjarnason mynda miðvarðaparíð í Brann, sem hefur sex stiga forskot í Noregi og hefur fengið á sig fæst mörk allra í norsku deildinni nú þegar mótið er hálfnað. Í Svíþjóð hafa Pétur Marteinsson og Gunnar Þór Gunnarsson verið fastamenn í liði Hammarby sem hefur fimm stiga forskot í sænsku deildinni.

Þessir fjórir gætu hæglega myndað varnarliðu íslenska landsliðsins þar sem Kristján Örn hefur iðulega leikið í stöðu hægri bakvarðar en Gunnar Þór hefur gegnt stöðu vinstri bakvarðar í Hammarby.

„Þetta hefur gengið hreint ágætlega,“ sagði Kristján Örn í samtali við Fréttablaðið en benti jafnframt á að Lilleström, sem er í öðru sæti deildarinnar, ætti leik til góða. „En árangurinn kemur okkur ekki neitt sérstaklega á



ERNIRNIR Í BRANN Ólafur Örn Bjarnason og Kristján Örn Sigurðsson á góðri stundu á æfingasvæði Brann. FRÉTTABLAÐIÐ/GEIR DILLAN/BERGENSAVISEN

óvart. Við vissum vel að við værum með sterkt lið sem gæti gert góða hluti. Ég er vissulega ánægður með varnarleikinn þó svo að við höfum fengið á okkur fjögur mörk í einum og sama leiknum (gegn Ham-Kam) en það var þó ágætt að taka út það slæma í einum leik.“

Þeir félagarnir, Ólafur og Kristján, hafa vakið mikla athygli fyrir að vera „Íslendingarnir í vörninni“ sem er í dag sú sterkasta í Noregi. Kristján segir það vissulega þægilegt að geta talað

íslensku en það sé þó ekki aðal málið. „Við náum vel saman og samstarfið hefur gengið mjög vel,“ segir Kristján, sem neitar því ekki að það komi til greina að prófari sterkari deild í Evrópu eftir tímabilið. „Fyrst langar mig að vinna bikara með Brann, það er svo langt síðan félagið vann eitthvað síðast.“

Pétur Marteinsson segir stöðu liðsins góða og að Hammarby hafi á að skipa góðum hópi leikmanna. „Leikbönn og meiðsli hafa því ekki sett stórt strik í reikninginn.

Opna Breska meistaramótið í golfi er í fullum gangi:

## McDowell í forystunni

**GOLF** Óþekktur norður-írskur kylfingur, Graeme McDowell, leiðir opna Breska meistaramótið í golfi eftir fyrsta hringinn á Hoylake-vellinum í nágrenni Liverpool í gær. McDowell lék best allra og endaði hringinn á sex höggum undir pari, einu betur en Tiger Woods, Anthony Wall, Greg Owen, Miguel Angel Jimenez og Keiichiro Fukabori.

„Ég hef sjaldan spilað betra golf en þetta, það gekk nánast allt upp hjá mér. Það er frábært að vera í forystu eftir fyrsta daginn


en ég er alveg sallarólegur, ég þarf að halda einbeitingunni ef ég ætla mér ekki að missa forystuna strax niður. Það eru margir frábærir kylfingar rétt á eftir mér en ég ætla að njóta augnabliksins og vonandi tekst mér að halda áfram á sömu braut,“ sagði McDowell eftir fyrsta hringinn í gær.

Woods var á þremur höggum undir pari fyrir lokaholuna en gerði sér lítið fyrir og fékk örn á henni og komst þar með upp í annað sætið ásamt fjórum öðrum kylfingum. - hþ



MCDOWELL Skoðar hér púttlínu á mótinu í gær. NORDICPHOTOS/AFP

## EIGNARLÓÐIR VIÐ LANGÁ Á MÝRUM



Seldar lóðir eru merktar með rauðum punkti

Aðeins 79 km akstur frá Reykjavík

### VERDSKRÁ ÓSELDRA LÓÐA

- LÓÐ NR. 1, 2,4 HA VERÐ KR 1.668.000.00
- LÓÐ NR. 1a 2,6 HA VERÐ KR 1.807.000.00
- LÓÐ NR. 2, 2,3HA VERÐ KR 1.598.500.00
- LÓÐ NR. 2b 3,3 HA VERÐ KR 2.293.500.00
- LÓÐ NR. 12, 3,0 HA VERÐ KR 2.085.000.00
- LÓÐ NR. 13, 4,4 HA VERÐ KR 3.058.000.00
- LÓÐ NR. 14,8,1 HA VERÐ KR 5.629.500.00

- LÓÐ NR. 17,3,9 HA VERÐ KR 2.710.500.00
- LÓÐ NR. 18,4,6 HA VERÐ KR 3.197.000.00
- LÓÐ NR. 22, 3,4 HA VERÐ KR 2.363.000.00
- LÓÐ NR. 23, 3,9 HA VERÐ KR 2.710.500.00
- LÓÐ NR. 26, 3,7 HA VERÐ KR 2.571.500.00
- LÓÐ NR. 34,3,8 HA VERÐ KR 2.641.000.00
- LÓÐ NR. 35,4,7 HA VERÐ KR 3.266.500.00

- LÓÐ NR. 42 3,1 HA VERÐ KR 2.154.500.00
- LÓÐ NR. 43 2,8 HA VERÐ KR 1.946.000.00
- LÓÐ NR. 44 2,6 HA VERÐ KR 1.807.000.00
- LÓÐ NR. 51, 3,9 HA VERÐ KR 2.710.500.00
- LÓÐ NR. 52 3,0 HA VERÐ KR 2.085.000.00

ENN ER Í BODI ÚRVAL LÓÐA OG FRÁBÆRT TÆKIFÆRI FYRIR ÞÁ SEM VIJLA FÁ AÐ MÓTA SITT EIGIÐ LANDNÁM Á KVADALUSUM EIGNALÓÐUM MED VEGI OG VATNI, NÆSTUM Í ÚTJABRI HÖFUDBORGARINNAR Í ÞÓRDISARBYGGÐ UPP MED LANGÁ Í EINUM FEGURSTA FJALLASÁL ÍSLANDS.

LÓDAST/ERÐ 2,3 UPP Í 4,8 HA OG VERÐ PR HEKTARA KR. 695 ÞÚSUND.

**KBBANKI** BÝÐUR FJÁRMÖGNUN. SVEIGJANLEG GREIÐSLUKJÖR EDA 5% STAÐGREIÐSLUAFSLÁTTUR. SJÓN ER SÖGU RÍKARI. ERUM Á STAÐNUM EDA Í GRENNDINNÍ Í ALLT SUMAR. NÁNARI UPPLÝSINGAR HJÁ INGVA HRAFNI 8642879 EDA 4371704 OG WWW.LANGA.IS



## ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„You're my creative team, create a reason to get rid of her or I'll create a new creative team.”

Svar: Theodore Banner úr kvikmyndinni Down with Love árið 2003.

# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ: RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR FYLGIST MEÐ TÍSKUPRAUTUM

## Smalastúlkan Heidi

Ég datt inn í nýjstu seríuna af raunveruleikaþættinum Project Runway, eða Tískuprautum, þegar hún byrjaði í sumar og það er sennilega eina sjónvarps-efnið sem ég horfi eitthvað á þessa dagana. Þátturinn er eins konar Idol, eða jafnvel Survivor, fyrir fatahönnuði og oft er æsispennandi að fylgjast með því hvaða hönnuður dettur næst út. Karakterarnir sem bitast um að vera besta hönnuðurinn eru sumir hverjir skrautlegir og alltaf er eitthvað drama í gangi.

Þó er eiginlega áhugaverðast að fylgjast með fyrirsættunni Heidi Klum sem er stjórnandi þáttarins og framleiðandi. Heidi greið virðist ekki passa inn í þennan hóp rokka og tiskuspekinga og stundum er hálfþinlegt að horfa á ljóskuna tala til áhorfenda með sæta þýska hreimnum og reyna að vera töfrafleg. Heidi tekst að vera sæt og kynþokkafull í hverju óléttudressinu á fætur öðru en fatasmekkurinn minnir meira á Paris Hilton en



HEIDI KLUM ER EINS OG TYLLIDÚKKA Í ÞÁTTUNUM EN TÍSKURÁÐGJAFINN TIM GUNN ER HARÐJAXLINN SEM KANN AÐ SKAMMA ÞÁTTAKENDUR.

Vogue, svo útkoman verður heldur misheppnuð. Svo er fyrirsætan eins og smalastúlkan Heidi þegar hún rekur þátttakendur með hinum alræmdu orðum „You're out,” en auðvitað væri meira spennó að hafa einhverja skapvonda fyrirsætu eins og Naomi Campbell í því hlutverki, en hún er jú einmitt þekkt fyrir líkamsárásir á þjónustustúlkur sínar.

Hún Heidi fær þó prik fyrir það að vera einn framleiðenda Project Runway því þarna er kominn raunveruleikaþáttur sem er svolítið fróðlegur og er laus við subbuskappinn og gervilegheitin sem oft einkenna aðra raunveruleikaþætti. Hins vegar er ævintýrið úti hjá mér, því á vafri mínu um netið nýlega rakst ég á grein um úrslit þáttarins og sökum forvitni varð ég að vita hver vann. Í Project Runway er nefnilega enginn Íslendingur og þess vegna sér Sjónvarpið ekki ástæðu til þess að sýna þáttinn á réttum tíma.

▶ 23.05  
Spenna  
BREAKDOWN

▶ 23.25  
Drama  
TAKING SIDES

▶ 20.00  
Gaman  
JAKE IN PROGRESS

▶ 21.30  
Veruleiki  
THE BACHELORETTE

▶ 09.00  
Fréttir  
FRÉTTAVAKTIN

### SIJÓNVARPIÐ

8.00 Opna breska meistaramótíð í golfi

### ISLAND

6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah 10.20 Alf 10.45 My Wife and Kids 11.05 Það var lagið (e)

### SIRKUS TV

### SKJÁREINN

7.00 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e)

### NFS

7.00 Ísland í bitíð  
▶ 9.00 Fréttavaktin 11.40 Brot úr dagskrá

18.25 Táknálsfréttir

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neighbours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 My Sweet Fat Valentina 13.50 My Sweet Fat Valentina 14.40 Arrested Development 15.05 George Lopez 15.30 Tónlist 16.00 The Fugitives 16.25 Barnatími Stöðvar 2 17.15 Bold and the Beautiful 17.40 Neighbours 18.05 Simpsons

16.00 Völvi Snær (e) 16.30 Point Pleasant (e) 17.15 Dr. Phil 18.00 6 til sjö (e)

12.00 Hádegisfréttir / Markaðurinn / Íþróttir / Veður / Leiðarar dagblaða / Hádegisfréttir - fréttaviðtal 13.00 Sportið 14.00 Fréttavaktin 17.00 5fréttir 18.00 Íþróttir og veður

18.35 Ungar ofurhetjur (14:26)  
19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
19.35 Kastljós  
20.05 Elina - Eins og ég væri ekki til (Elina - Som om jag inte fanns) Sænsk fjölskyldumynd. Leikstjóri er Klaus Härö og meðal leikenda eru Natalie Minnevik, Bibi Andersson, Marjaana Majjala og Henrik Rafaelsen.  
21.20 Þúsund akrar (A Thousand Acres) Bandarísk bíómynd frá 1997. Þetta er nútímaútgáfa af Lé konungi og gerist á bóndabæ í Iowa. Leikstjóri er Jocelyn Moorhouse og meðal leikenda eru Jessica Lange, Michelle Pfeiffer, Jennifer Jason Leigh, Jason Robards, Colin Firth og Keith Carradine.

18.30 Fréttir, íþróttir og veður  
19.00 Ísland í dag  
19.40 Mr. Bean (Herra Bean)  
20.05 The Simpsons (4:22) (Simpsons-fjölskyldan)  
20.30 Two and a Half Men (16:24) (Tveir og hálfur maður)  
20.55 Beauty and the Geek (8:9) (Friða og nördinn)  
21.40 Auto Focus (Stjórnlaus) Ögrandi og einstaklega vel leikið drama sem er lauslega byggt á sönnunum atburðum um vinsæla sjónvarpsstjórnu á 7. og 8. áratug síðustu aldar sem missti tókin á lífi sínu vegna kynlífsfíknar. Aðalhlutverk: Willem Dafoe, Rita Wilson, Greg Kinnear. Leikstjóri: Paul Schrader. 2002. Stranglega bönnuð börnum.

18.30 Fréttir NFS  
19.00 Ísland í dag  
19.30 Bernie Mac (15:22) (e) (Easy Rider)  
▶ 20.00 Jake in Progress (9:13) Bandarískur grínþáttur um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York.  
20.30 Sirkus RVK (e) Sirkus RVK er í umsjá Ásgeirs Kolbeinssonar.  
21.00 Pipóla (2:8) (e)  
21.30 Twins (8:18) (e) (Horse Sense)  
22.00 Stacked (6:13) (e) (Good Wizzle Hunting) Önnur serían um Skyler Dayton.  
22.30 Sushi TV (6:10) (e) Sushi TV er sprengihægilegur þáttur þar sem Japanir taka upp á alls kyns vitleysu.

19.00 Beverly Hills 90210  
19.45 Melrose Place  
20.30 One Tree Hill í þáttaröðinni One Tree Hill segir frá hálfbræðrunum Nathan og Lucas en samband þeirra er langt frá því að vera gott.  
▶ 21.30 The Bachelorette III - tvöfaldur úrslitþáttur Áhorfendur muna eflaust vel eftir Jennifer Scheffé sem heillaði milljónaerfingjann Andrew Firestone upp úr skónum í þriðju þáttaröð The Bachelor á SkjáEinum. Þú trúlofuðu sig með pompi og prakt en ástin entist ekki og Jennifer sat eftir með sárt ennið. Nú fær hún annað tækifæri til að finna þann eina rétta.

18.30 Kvöldfréttir  
19.00 Ísland í dag  
19.40 Peningarnir okkar Þáttur um fjármál heimilanna, eins konar námskeið í sjónvarpi um meðferð fjár og hvernig hægt er að sýna ráðdeild ... og græða.  
20.00 Fréttayfirlit  
20.20 Brot úr fréttavakt  
20.30 Örlagadagurinn (6:12) Hvernig öðlast maður velgengi og hvernig viðheldur maður henni?  
21.00 Fréttir  
21.10 48 Hours (48 stundir) (DEADLY OBSESSION) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.  
22.00 Fréttir Fréttir og veður  
22.30 Peningarnir okkar

▶ 23.05 Bilun (Breakdown) Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. (e) 0.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

▶ 23.25 Taking Sides (B. börnum) 1.10 Sin (Str. b. börnum) 2.55 Shaolin Soccer (Bönnuð börnum) 4.20 Beauty and the Geek (8:9) 5.05 The Simpsons 5.25 Fréttir og Ísland í dag 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

23.00 Invasion (16:22) (e) 23.45 Ghost Dog: The Way Of The Samurai (e) (Stranglega bönnuð börnum)

23.00 Law & Order: Criminal Intent 23.50 C.S.I.: Miami (e) 0.40 C.S.I.: New York (e) 1.30 Love Monkey (e) 2.15 Beverly Hills 90210 (e) 3.00 Melrose Place (e) 3.45 Jay Leno (e) 4.30 Östövandi tónlist

23.10 Kvöldfréttir 0.10 Fréttavaktin 3.10 Fréttavaktin 6.10 Peningarnir okkar

### BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 The Junction Boys 8.00 Hildegarde 10.00 Two Weeks Notice 12.00 Dis 14.00 Hildegarde 16.00 Two Weeks Notice 18.00 Dis 20.00 The Junction Boys (Ruðningur dauðans) Dramatísk sjónvarpsmynd sem gerist rétt eftir miðja síðustu öld. Paul Bryant er ruðningsþjálfari sem er harður í horn að taka. Aðalhlutverk: Tom Berenger, Fletcher Humphrys, Ryan Kwanten. 2002. 22.00 Romeo is Bleeding (Rómeó í sárnum) Myrk og drungaleg sakamálamynd með Gary Oldman í hlutverki

spilltrar löggú sem laumar mikilvægum upplýsingum til mafíunnar gegn þóknun. Aðalhlutverk: Annabella Sciorra, Lena Olin, Gary Oldman. 1993. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 Kill Bill (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Taking Lives (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Romeo is Bleeding (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 The Daily 10 13.00 THS Janice Dickinson 14.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 15.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 16.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 17.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 18.00 E! News 18.30 The Daily 10 19.00 THS Tori Spelling 20.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 21.00 Girls of the Playboy Mansion 21.30 Girls of the Playboy Mansion 22.00 Wild On Tara 22.30 Wild On Tara 23.00 Sexiest Bad Boys 0.00 THS Tori Spelling 1.00 101 Incredible Celebrity Slimdowns 2.00 101 Even Bigger Celebrity Oops!

### AKSJÓN

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



## HVERJIR KEPPA TIL ÚRSLITA?

Misstu ekki af Beauty and the Geek í kvöld kl. 20:55






**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

Taking Sides

Stöð 2 kl. 23.25

**Meint tengsl við nasista**

Verðlaunamyndin Taking Sides er byggð á sannsögu-  
legum atburðum og fjallar um  
Wilhelm Furtwangler, stjórn-  
anda Filharmóníuhljómsveitar  
Berlínar á fyrri hluta 20. aldar.  
Furtwangler var umdeildur  
maður þó enginn hafi efast  
um tónlistarhæfileika hans.  
Hann var mjög eftirsóttur  
sem stjórnandi en eftir  
seinni heimsstyrjöldina hófu  
bandamenn að rannsaka  
meint tengsl hans við nasista.  
Aðalhlutverk leika Harvey  
Keitel, Stellan Skarsgård og  
Moritz Bleibtreu. Istvan Szabo  
leikstýrir.



**Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

9	2	1	8	6	5	3	4	7
6	5	7	4	9	3	8	1	2
3	8	4	1	2	7	9	6	5
5	7	2	9	1	8	6	3	4
1	6	9	7	3	4	2	5	8
4	3	8	6	5	2	7	9	1
2	1	3	5	7	9	4	8	6
8	9	6	2	4	1	5	7	3
7	4	5	3	8	6	1	2	9

			2	5			9	1
					3			
3				7	2			
							4	8
		9	7		5	6		
1	6							
		1	8					3
			9					
8	2			6	1			



21.30  
Póker

WORLD POKER



18.00 Íþróttasjallið 18.12 Sportið

18.30 HM 2006

20.10 Gillette Sportpakkinn (Gillette World Sport 2006) Íþróttir í lofti, láði og legi.

20.35 Súpercross (World Supercross GP 2005-06) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Supercross er íþróttagrein sem nýtur sívaxandi vinsælda.

21.30 World Poker (Heimsbikarinn í póker) Snjöllustu pókerspilarar veraldar koma saman á heimsmeistaradöðinni en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Á mótardöðinni er spilað fyrirkomulagið Texas hold 'em sem er hvað skemmtilegast fyrir áhorfendur.

23.00 Pro Bull Riders 0.00 4 4 2 1.00 NBA - úrslit

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

6.30 Morguntónar 6.45 Veðurfregni 6.50 Bein 7.05 Morgunvæðin 9.05 Óskastundin 9.45 Morgunleikinn 10.03 Veðurfregni 10.13 Að sitja kyrr í sama stað og samt að vera að ferðast 11.03 Samfélagið í næmmynd 12.00 Fréttavírið 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 13.00 Sakamála-leikritið 14.03 Útvarpsagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Uppá teningnum 16.10 Veðurfregni 16.13 Djassgallerí New York 17.03 Vísja 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Á sumarvegi 19.40 Samfélagið í næmmynd 20.40 Kvöldtónar 21.00 Bryggjuball 21.55 Orð kvöðsins 22.10 Veðurfregni 22.15 Músik og mas 23.00 Kvöldgestir

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlit Rásar 2 9.05 Brot úr degi 12.03 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlit 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Á vellinum með Ásgeiri og Kalla 22.10 Næturvaktin

**BYLGJAN** FM 98,9

7.00 Ísland í bitu 9.00 Ivar Guðmundsson 12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádegis 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis 18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjami Ólafur / Ivar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

**AÐRAR STÖÐVAR**

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskyldu útlit  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bitu í bænum  
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður



**TAKTU BESTA  
VIN ÞINN MEÐ  
Á 19. HOLUNA**



EINN LÉTTUR, ÍSKALDUR **FAXE** BESTI VINURINN





## HRÓSIÐ FÆR...

Óttar Guðnason sem tekur upp nýjustu kvikmynd hasarmyndaleikstjórans Jan De Bont í Berlín.

# Málar fyrir stjórnurnar

Arnór G. Bielveldt myndlistarmaður hefur búið og unnið í Bandaríkjunum undanfarna áratugi við vaxandi orðstír og er nú svo komið að þó nokkrir frægir einstaklingar eiga verk eftir hann.

„Ég hef búið í Bandaríkjunum í um tuttugu ár, þar af í Chicago síðastliðin fimm þar sem ég starfa viðlistkennslu og listsköpun,“ segir

Arnór, sem er fæddur á Akureyri en ólst upp í Reykjavík „Ég útskrifaðist á sínum tíma frá Verzlunarskólanum og hélt þaðan í nám til Þýskalands og

þar sem ég lærði félags- og markaðsfræði. Það var hins vegar ekki fyrir en ég flutti til Bandaríkjanna sem ég sneri blaðinu við og fór í listnám og hef sinnt þeirri köllun síðar.“

Síffellt fleiri bera sig eftir verkum Arnórs, þar á meðal tíðir gestir á rauða dreglinum þar vestra.

„Varðandi fræga aðila sem eiga verk eftir mig, þá hef ég bæði komist í kynni við suma þeirra en aðrir hafa fengið verk eftir mig að gjöf eða viðkomandi hefur rekist á verk eftir mig í gall-

erí,“ segir Arnór og nefnir að meðal þeirra sem hafa eignast verk eftir hann séu leikarinn Tim Kazurinsky, sem ætti að vera aðdáendum Lögregluskólans að góðu kunnur, leikkonan Jessica Harper, sem komið hefur fram í myndum á borð við Minority Report, Bruce Jarchow sem brugðið hefur fyrir í þáttum á borð við Desperate Housewives og Seinfeld og Jimmy Arias, sem var í fimmta sæti á styrkleikalista Alþjóða tennissambandsins árið 1984.

Fyrir skemmstu lauk samsýningu sem Arnór tók þátt í Glencoe og á dögnum birtist viðtal við hann í tímaritinu Nordic Reach undir fyrirsögninni The Heart-



ARNÓR G. BIELVELDT Þó nokkrir frægir einstaklingar hafa keypt verk eftir hann.

beat of Iceland eða Hjartsláttur Íslands eins og það myndi útleggjast á íslensku. Umboðsaðili Arnórs á Íslandi er Art-Iceland.com á Skólavörðustíg.

- bs

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

### LÁRÉTT

2 andspænis 6 einnig 8 eignarfor-nafn 9 efni 11 í röð 12 mest 14 íþrótt 16 nafnorð 17 sunna 18 hrópa 20 í röð 21 glufa.

### LÓDRÉTT

1 keppniseining 3 hljóm 4 þáttaskil 5 utan 7 æringi 10 hárf 13 hækkar 15 bor 16 nálægur 19 frá.

### LAUSN

1. næ, 19 at. 2. in, 7 galgþop, 10 ull, 13 ffs, 15 alur, 16 tinn, 3 óm, 4 tímamót, 5 LÖBÉTT: 1 lota, 3 óm, 4 tímamót, 5 18 æpa, 20 tu, 21 rfta. LÁRÉTT: 2 móti, 6 og, 8 mín, 9 tau, 11

## VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1. Sedov.
2. Tæplega 1.800.
3. Heiðís Lilja Magnúsdóttir.

**allt bílar**  
Alla laugardaga



BÆJARSTJÓRINN OG FJÖLSKYLDA Grímur Atlason, nýráðinn bæjarstjóri á Bolungarvík, með Helgu Völu konu sinni og börnunum þeirra fjórum.

## GRÍMUR ATLASON: NÝRÁÐINN BÆJARSTJÓRI Á BOLUNGARVÍK

# Tónleikahaldari sest í bæjarstjórástól

Grímur Atlason, þroskaþjálfari og tónleikahaldari með meiru, er nýráðinn bæjarstjóri í Bolungarvík. Grímur hefur um árabíl verið búsettur í Vesturbænum í Reykjavík ásamt konu sinni Helgu Völu Helgadóttur, leik- og fjölmiðlakonu.

„Ég hef aldrei verið feiminn við breytingar og þetta er mikið tækifæri fyrir mig. Fólkið í Bolungarvík hefur verið að biða eftir göngum og þess háttar en ég tel að það séu mjög bjartir og öflugir tímar fram undan hjá okkur,“ segir Grímur.

Grímur og Helga Vala eiga fjögur börn, tvö saman og hvort sína stelpuna úr fyrri sambúð. „Við förum vestur þessi fjögurra manna kjarni en stofnum svo til heimilis fyrir okkur öll sex í Bolungarvík,“ segir Grímur. „Helga Vala verður

svo með annan fótinn í Reykjavík til að byrja með, þar sem hún er í lögfræði í HR, en mun síðan stunda fjarnám eins og kostur gefst.“

Grímur og Helga Vala hafa búið í Vesturbænum um árabíl en bæjarstjórn nýráðni segist ekki vita hvað framtíðin beri í skauti sér. „101 er ekki nafli alheimsins og það er ótrúlega margt sem gerist þar fyrir utan. Við eigum yndislega íbúð í Vesturbænum sem við vorum lengi að finna en það er algjör óþarfi að rjúka til og selja hana. Kannski komum við samt aldrei aftur en það verður bara að koma í ljós. Við erum allavega ekki að fara til að vera í tvo mánuði,“ segir Grímur.

Grímur er ekki tengdur Bolungarvík á neinn hátt en á þó ættir sínar að rekja til Vestfjarða. Afí Gríms, Grímur Jónsson, byggði

jörðina Súðavík og átti meðal annars frystihúsið þar í bæ. „Í aðra ættina er ég Vestfirðingur en í hina frá Rauðarhöfn. Þetta eru tvö helstu menningarsvæði landsins,“ segir Grímur stoltur, en hann hefur ekki látið sitt eftir liggja í menningarmálum landsbyggðarinnar og hélt meðal annars tónleika með Emilíönu Torrinni í Bolungarvík fyrir nokkru.

Grímur hefur verið einn ötulasti tónleikahaldari landsins undanfarin ár en býst við að það dragi nokkuð úr því þar sem hann er kominn í nýtt starf. „Tónleikahaldið er ótryggur bransi og ætli það sé ekki með mig eins og fólkið fyrir vestan að efnahagsstjórnun landsins fer ekki vel með okkur því sveiflurnar eru svo miklar,“ segir bæjarstjórnin í Bolungarvík. kristjan@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Margir biða eflaust spenntir eftir heimildarmyndinni um Ísmanninn ógurlega, **Sigurð Pétursson**, sem **Lýður Árnason** og **Reynir Traustason** eru með í burðarliðnum. Ísmaðurinn lifir ansi spennandi lífi sem er sveipað einhverjum ævintýraljóma en á mannlífis er hins vegar greint frá lífsháka sem Sigurður kom sér í fyrir skömmu. Heljarmennið hélt til dúntekju og veiða í eyðibýggðinni Skjöldungun og ætlaði að hreiðra um sig þar í viku og snúa síðan aftur til heimabyggðar. Miklið var um hafís á svæðinu og festist bátur Sigurðar á ísnum um áttatíu sjómílar frá strönd Grænlands. Þar þurfti Ísmaðurinn að hafast við í tæpan mánuð og hafði

ekki annað að borða en það sem var veitt í Skjöldungun. Ísmaðurinn er hins vegar núna tæpar tuttugu mílar frá næsta byggða bóli og segir á heimasíðunni að hann vonist til að rekast á sel áður en matarforðinn klárst.

Magni Ásgeirsson hefur heldur betur slegið í gegn í sjónvarpsþættinum **RockStar: Supernova** þar sem nokkrir rokkarar keppast um að verða næsti söngvari ofursveitarinnar Supernova. Svo vel tókst til hjá Magna að þeir **Tommy Lee**, **Gilby Clarke** og **Jason Newsted** báðu hann um að syngja lagið sitt aftur. Á aðdáendasmæðinu er Magni kominn í annað sætið yfir þá sem líklegastir eru taldir til hreppa hnossið. Á heimasvæði Magna er hins vegar ljóst að söngvarinn saknar komunnar sinnar **Eyrúnar** og hefur samið til hennar lag sem heitir 7.júlí. „Þetta er til þess að halda geðheilsunni og eyða tímanum,“ skrifar Magni á heimasíðunni sinni. Nokkuð skemmtilegt í ljósi þess að í þættinum á miðvikudagskvöldinu notaði Magni orðið „bitch“ ótt og títt en það er sem kunnugt enskt heiti yfir „tik“. Gárungarnir hafa velt vöngum yfir því hvort að með þessari orðanotkun vilji söngvarinn sýna fram á að hann sé engu síðri rokkari en hinir þáttakendurnir.

- fgg



LIZ TUCCILLO Handritshöfundur Sex and the City-þáttanna er væntanlegur til landsins í dag og er heiðursgesturinn í sumarpartíi Eddu útgáfu.

„Liz ætlar að nýta tækifærið og mun leiða einhvers konar umræður í boðinu. Hún ætlar að reyna fá sem besta sýn á hvernig það er að vera kona á Íslandi á skemmtilegan hátt í alvöru sumarpartíi.“



Á GRILLIÐ! NÝR HUMAR, LÚÐA, SÓLPURRKAÐUR SALT FISKUR, SKÖTUSELUR OG KEILA.



Gnoðarvogi 44, sími 588 8686  
opið alla laugardaga 11-14

## Skvísuþóð í Iðu

Í tilefni af komu rithöfundarinnar Liz Tuccillo ætlar Edda útgáfa að halda heljarinnar konuþóð á laugardaginn. Þóðin verður haldið í Iðusalnum á Lækjargötu og hefst klukkan 17.00.

Liz Tuccillo er ein af handritshöfundum sjónvarpsþáttanna Beðmál í borginni eða Sex and the City sem er mjög vinsæll meðal kvenþjóðarinnar. Einnig skrifaði hún bókina „Hann er ekki nógu skotin í þér“ sem er eins konar sjálfshjálparbók fyrir konur og kom nýlega út í íslensku þýðingu Þóru Sigurðardóttur. Liz er væntanleg til landsins í dag og ætlar að nota tækifærið á laugardaginn og ræða við nokkrar vel valdar einhleypar konur í rannsóknarskyni

fyrir næstu bók sína sem nefnist „How to Be Single“. Hún á að koma út árið 2007 og verður skáldsaga með sjálfshjálparívaði.

Samkvæmt Raket Pálsdóttur, kynningarstjóra Eddu útgáfu, verður þetta algert skvísuþóð og er Edda búin að senda út boðskort til margra kvenna sem eru áberandi í þjóðfélaginu um þessar mundir. Á boðslistanum er meðal annars að finna Steinunni Valdísí fyrri verandi borgarstjóra, Ragnheiði Guðfinnu sjónvarpskonu, Andreu Röberts hjá Concert, Kolbrúnu Bergþórsdóttur blaðakonu og Katrínu Júlíusdóttur alþingiskonu. Þá er einnig búið að bjóða öllum alþingiskonum, öllum kvenkyns borgarfulltrúum og fjölmiðlakonum.



# Skólavöru og skólatölvu

# LAGERSAALA

## ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR

tilboðin gilda aðeins í Office 1 Skeifunni 17

**Office 1**

**159.900,-**



**HP HP Compaq Nx8220**

- Örgjörvi: Intel Pentium M 770, 2.13-GHz, 533-MHz FSB, 2-MB
- Skjár: 15.4" TFT WSXGA+ wide-viewing angle (1680 x 1050)
- Minni: 1024MB (1x1024MB) mest 2048MB
- Nýjasta PCI Express tækni og DDRII 400MHz & 533MHz memory support
- Harður diskur: 80GB 5400 rpm SMART
- Skrifari: DVD+/-RW MultiBay II Drive útskiptanlegt
- Skjákort: ATI MOBILITY RADEON X600, 128MB Video RAM
- Netkort: Gigabit Express (10/100/1000), 11/54 Mbps, Bluetooth
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Pro SP2
- Abyrgð: Carepack ferðavéla-3ja ára ábyrgð Gildir í öllum löndum Evrópu

**Aðeins 5 stk.**

**Office 1**

**59.900,-**



**HP Compaq nx9020**

- Örgjörvi: Intel® Celeron® M 360 (1.4Ghz)
- Skjár: 15" XGA, upplausn 1024 x 768
- Minni: 256MB DDR RAM (mest 2GB)
- Harður diskur: 60GB
- Drif: DVD+/-RW (dvd skrifari)
- Netkort: Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Pro

**Aðeins 2 stk.**

**oshiba SatelliteM30x-113**

- Örgjörvi: Intel® Pentium M 725 (1.6 GHz)
- Skjár: 15" XGA, upplausn 1200 x 800
- Minni: 512 (2x256MB) DDR RAM (mest 1GB)
- Harður diskur: 40GB 4200 rpm
- Drif: DVD skrifari
- Netkort: 802.11B/G 54Mb, 10/100 RJ45
- Stýrikerfi: Microsoft Windows XP Home

**Aðeins 5 stk.**

**Office 1**

**79.900,-**



**Þetta er aðeins brot af tilboðunum!**

**Office 1**

**Skólatöskur**

**Verð frá 998,-**

**Office 1**

**Pennaveski**

**Tvö verð 99,- 199,-**



**Office 1 Superstore**





## BAKPANKAR

ÞORBJARGAR S.  
GUNNLAUGSDÓTTUR

### Dauðinn í Darfur

Tilhugsunin um ástandið í Darfur ætti að vera óbærileg. Þar hafa þjóðernishreinsanir af verstu tegund fengið að viðgengast. Alþjóðasamfélagið hefur þar brugðist með kunnnum afleiðingum. Saklausir borgarar hafa verið kerfisbundið myrtir. Og hlutskipti kvenna og stúlkna er nauðganir og limlestingar.

**ÁTÖKIN** eru talin hafa kostað um 300.000 manns lífið og hrakið þrjár milljónir manna á flóttu. Tölurnar samsvara því að öll íslenska þjóðin hefði látið lífið. Á vefsíðu Amnesty er að finna lýsingar á þeim veruleika sem fólk í Darfur hefur búið við. Ég ætla að leyfa mér að vitna í eina frásögn. „Janjawid vígamennirnir komu og skipuðu mér að yfirgefa svæðið. Þeir börðu konur og lítil börn. Þeir drápu litla stúlku, Söru Bishara. Hún var tveggja ára gömul. Hún var stungin í bakið.“

**NÚ** hefur í ofanálag þurft að skera niður matargjafir til flóttafólks í Súdan þar sem fjármagn vantar. Ríki heims virðast ekki ætla að fjármagna matargjafir til fólks sem enga björg getur sér veitt. Í raun er það mjög í anda þeirrar stefnu sem unnið hefur verið eftir. Til hvers að senda matargjafir til fólks sem heimsbyggðin skiptir sér ekki af?

**FRÍÐARSAMKOMULAG** hefur verið undirritað en það virðist lítið auka á öryggi fólksins. Fjöldamargar skýrslur af ástandi mála liggja fyrir og staðfesta allar hvað hefur átt sér stað. Við getum ekki seinna haldið því fram að heimurinn hafi ekki vitað.

**VARLA** hefur það verið hugsunin með alþjóðlegum eftirlitsaðilum að þeirra raunverulega hlutverk yrði að standa til hliðar til þess að geta síðar vitnað um það hvað fór úrskeiðis. Til þess að geta sagt heiminum frá því að við gerðum ekkert. Og endurtaka svo tugguna um að aldrei aftur megi nokkuð þessu líkt henda.

**ÞVÍ** miður endurtekur sagan sig. Nú er það hryllingurinn frá Rúanda. Það þarf meira en orð. Það þarf raunverulegar aðgerðir. En það virðist því miður skipta máli hvar mannlífin glatast. Og þá koma upp í hugann þekkt orð Nóbelsverðlaunahafans Eli Wiesel, sem lifði af dvölinu í Auschwitz, þar sem hann segir afskiptaleysið mestu syndina. Hatrið er ekki andstæða kærleikans heldur afskiptaleysið, að verða vitni að ranglæti og þjáningum en líta undan og skipta sér ekki af.

**UM** það gerist heimsbyggðin aftur og aftur sek.



Tenerife  
Kúba  
Kanarí  
Sérferðir  
Siglingar  
Skíði  
Borgir  
Golf

## Bæklingurinn kemur um helgina!

Stemningin á Kúbu, sólin og lystisemdirnar á Kanarí og Tenerife – töfrar heimsborganna, bestu skíðastaðirnir og golfherðir í sérflokki.

Finndu ferðadrauminn þinn og láttu hann rætast!



ÚRVAL-ÚTSÝN  
www.urvalutsyn.is

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ